


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Grænir bílar




Verð ekki lögga að eilífu

*Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn fagnar sextugsafmæli í dag. Hann lætur senn af störfum sem lögreglumaður.*

tímamót 20




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
24. apríl 2012
95. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011


# Sakfelldur fyrir einn ákærulið

**Landsdómur telur Geir H. Haarde hafa brotið stjórnarskrá með því að boða ekki til ráðherrafunda um vanda bankanna. Var sýknaður af þremur ákæruatriðum af fjórum fyrir Landsdómi. Geir segir sakfellinguna sprenghlægilega. Krefst afsagnar stjórnmálamanna.**

**LANDSDÓMUR** Geir H. Haarde, fyrrum forsætisráðherra, var sýknaður af þremur ákæruliðum af fjórum í Landsdómi í gær. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir að hafa brotið stjórnarskrá þegar hann lét hjá líða að halda ráðherrafundi um mikilvæg mál í aðdraganda efnahagshrunsins. Geir var ekki gerð refsing og allur málskostnaður fellur á ríkissjóð.

Landsdómur þríklofnaði og níu dómarar af fimmtán stóðu að meirihlutaáliti um sakfellinguna. Í dómnum segir að þó sú hefð hafi skapast að oddvitar ríkisstjórna hafi óformlegt samráð um mál er varða ríkisstjórnarsamstarfið leysi það forsætisráðherra ekki undan þeirri skyldu sem 17. grein stjórnarskrárinnar setur honum. Hún kveður á um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni.

Hvað önnur ákæruatriði varðar telur Landsdómur að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sýna fram á saknæma hegðan Geirs.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætiráðherra vill samvinnu stjórnar og stjórnarandstöðu um breytingu á lögum um Landsdóm og að ákæruvaldið sé fært frá Alþingi. Hún segir dóminn taka undir gagnrýni skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um íslenska stjórnsýslu. Spurð hvort aðrir ráðherrar, núverandi og fyrrverandi, þurfi ekki að taka þá gagnrýni til sín segir hún um áfellisdóm yfir vinnubrögðunum í heild sinni að ræða. Hvað eigin ábyrgð varðar segir hún: „Ég varð ekki verkstjóri í ríkisstjórn fyrr en í byrjun árs 2009. Síðan höfum við tekið á þeim málum sem hann var sakfelldur fyrir.“

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir niðurstöðuna nánast fullnaðarsigur fyrir Geir, enda sé hann sýknaður í öllum efnislegum atriðum. Hann segir það hafa verið pólitíska ákvörðun að kæra fyrir það atriði sem sakfellt var fyrir. - kóp / sjá síður 6, 8, 10, 11 og 12



**Í KASTLJÓSINU** Geir H. Haarde var harðorður í garð þeirra þingmanna sem stóðu að ákæru á hendur honum fyrir Landsdómi þegar hann ræddi við fjölmiðlafólk eftir að dómur féll í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Meirihluti dómara lét undan pólitískum þrýstingi segir Geir

Meirihluti dómara Landsdóms lét undan pólitískum þrýstingi um að sakfella fyrir eitthvert eitt léttvægt atriði til að koma til móts við þá þingmenn sem beittu sér fyrir ákæru, sagði Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, eftir að dómur var fallinn í gær.

„Ef ég hef verið sekur um að brjóta stjórnarskrána hvað þetta varðar, en það er það sem er sakfellt fyrir, hafa allir forsætisráðherrar landsins, frá því Íslendingar fengu fullveldi, verið sekir um hið sama. Það er með öðrum orðum verið að sakfella mig fyrir það sem allir þessir menn hafa gert,“ sagði Geir.

„Ég lýsti því yfir þegar mál þetta var dómtekið, og á fyrri stigum málsins, að ég bæri fullt traust til Landsdóms. Nú er ljóst að meirihluti hans reis ekki undir því trausti. Það er ljóst að pólitísk sjónarmið laumuðu sér inn í réttinn,“ sagði Geir.

Hann kallar í kjölfar dómsins eftir afsögn þeirra sem beittu sér fyrir því að málið yrði höfðað. „Ég ætla ekki að fara að nefna fólk í stórum stíl, en auðvitað dettur manni fyrst í hug Steingrímur J. Sigfússon, sem er potturinn og pannan í þessu máli frá upphafi,“ segir Geir.

„Hægri hönd Steingríms í málinu var Atli Gíslason. Það væri ágætt ef þessir tveir menn myndu byrja á að skoða sína stöðu. En þetta voru miklu fleiri, það voru ýmsir í Samfylkingunni á kafi í þessu máli. Það fólk þarf líka að gera það upp við sig hvort það ætlar að sitja með þessa skömm það sem eftir er, eða hvort það ætlar að manna sig upp í að taka afleiðingunum.“ - bj

### Dómurinn klofinn

**Geir sýkn af öllum ákæruliðum nema einum:**
Markús Sigurbjörnsson
Brynhildur Flóvenz
Eggert Óskarsson
Eiríkur Tómasson
Hlöðver Kjartansson
Ingibjörg Benediktsdóttir
Magnús Reynir Guðmundsson
Viðar Már Matthíasson
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

**Geir sýkn af öllum ákæruliðum:**
Ástríður Grímsdóttir
Benedikt Bogason
Fannar Jónasson
Garðar Gíslason
Linda Rós Michaelsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir

### Ekki svaravert hjá Geir



„Ég tel það ekki einu sinni svaravert. Þetta er bara tilraun til að setja þetta mál í allt annað samhengi en veruleikinn leiðir menn að,“ segir Steingrímur J. Sigfússon ráðherra um ásakanir um að ákæran sé pólitísk aðför. Fráleitt sé að krefjast afsagnar hans. „Ég ætla að leiða þau ummæli Geirs algjörlega hjá mér, að minnsta kosti hvað daginn í dag varðar. Þau eru augljóslega sögð í hita leiksins.“

### Alvarlegasta ákæruatriðið

Eygló Harðardóttir, þingmaður sem sat í þingmannanefnd sem lagði til að Geir yrði ákærður, segir hann hafa verið sakfelldan fyrir alvarlegasta ákæruliðinn. „Stjórnarskránni var einfaldlega ekki fylgt og afleiðing var sú að mikilvægum upplýsingum var haldið frá ríkisstjórninni sem ógnaði efnahagnum, stjórnskipuninni og lýðræðinu í landinu. Undir það tel ég að Landsdómur sé að taka.“






Hittu áströlsku poppdrottninguna í London þar sem lag í bíómynd var tekið upp:

## Kylie Minogue syngur lag Múm

**TÓNLIST** Ástralska söngkonan Kylie Minogue syngur lag hljómsveitarinnar Múm í kvikmyndinni Jack and Diane, sem var frumsýnd á nýafstaðinni Tribeca-hátíð.

Múm sér alfarið um tónlistina í myndinni, sem er eftir bandaríska leikstjórann Bradley Rust Grey. Gunnar Tynes, meðlimur í Múm, flaug til London í haust þar sem hann hitti Minogue og saman tóku þau upp lagið. „Þetta er ekki hið týpíska popplag sem við hefðum kannski samið fyrir Minogue, heldur er lagið samið með myndina í huga,“ segir hann og viðurkennir að hann sé aðdáandi söngkonunnar. „Sérstaklega eftir að ég hitti hana. Hún fær toppeinkunn sem manneskja. Hún er algjör töffari og mjög manneskjuleg.“

Múm vinnur nú að nýrri plötu sem er væntanleg í byrjun næsta árs. - áp / sjá síðu 34



**TÖFFARI** Gunnar Tynes í Múm segir að Minogue sé algjör töffari.





STELLA BLÓMKVIST ER MÆTT AFTUR!

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



## SPURNING DAGSINS



*Janus, ertu tekniskur tónlistarmaður?*

„Tæknilega séð… Já og nei.“

Tónlistarmaðurinn Janus Rasmussen skipar teknóbandið Kiasmos, ásamt Ólafi Arnalds.

Vitnisburði fjöldamorðingjans Anders Behring Breivik lauk fyrir rétti í gær:

# Segist fórnarlamb kynþáttamisréttis

**NOREGUR, AP** Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik segir umræðu um geðheilsu sína einkennast af kynþáttamisrétti. Þetta sagði hann fyrir dómi í gær, en þar með lauk vitnisburði hans í málinu.

Breivik er áfjáður í að sanna að hann sé fullkomlega heill á geði, en það er í raun eini óvissuþátturinn í málinu, enda játaði hann að hafa myrt fólkið.

Hann bar við sjálfsvörn en litlar líkur eru á því að þau rök verði tekin gild.

Hann kvartaði hátt yfir að þurfa að þola að geðheilsa hans væri dregin í efa. Enginn hefði sent hann í sakhæfismat ef hann hefði verið „skeggjaður jihadisti“.



ANDERS BEHRING BREIVIK

„En þar sem ég er herskár þjóðernissinni, þarf ég að þola alvarlegt kynþáttamisrétti,“ sagði hann. „Þeir eru að reyna að grafa undan réttmæti alls sem ég stend fyrir.“

Tvær rannsóknir voru gerðar á sakhæfi Breiviks, en niðurstöðurnar voru á sinn veginn hvor.

21 árs fangelsi liggur við brotum Breiviks verði hann fundinn sekur, en þann dóm má framlengja verði talin stafa ógn af honum. Verði hann fundinn ósakhæfur verður hann vistaður á réttargeðdeild um óákveðinn tíma.

Breivik sýndi enga iðrun vegna morðanna í Útey, en baðst afsökunar á því að kráareigandi hefði verið meðal þeirra sem létu lífið í sprengingunni í Ósló. Hann hafi verið almennur borgari og ekki átt skilið að deyja. **- þj**

Byggingarvísitala hækkar:

## Jarðvegslosun hækkar vísitölu

**HAGTÖLUR Hækkun vísitölu byggingarkostnaðar um 1,4 prósent á milli mars og apríl skýrist fyrst og fremst af auknum kostnaði við jarðvegslosun. Svæði fyrir hana var fært frá Hólmsheiði í Bolaöldur í mars og hefur það áhrif til 1,2 prósenta hækkunar vísitölunnar. Þetta kemur fram hjá Hagstofu Íslands.**

**Byggingarvísitala um miðjan apríl er 115 stig og gildir hún út maí. Hún hefur, á síðustu tólf mánuðum, hækkað um 7,8 prósent. - kóp**

Ungmenni frá S-Kóreu í slysi:

## Ferðamaður lést í bílslysi

**SLYS Maður á þrítugsaldri lést í bílslysi við Skaftártunguveg í gær. Þrennt var í bílnum, allt ungmenni frá Suður-Kóreu á ferð um landið, en hin tvö sluppu með minni háttar meiðsl. Þau voru í bílbelti.**

**Maðurinn sem lést var farþegi í aftursæti bílsins. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu hafði hann losað bílbeltið í örskotsstund, en á meðan missti ökumaðurinn stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að hann valt margar veltur og endastakkst í hraunið austan Kúðafljóts. Fólkið kom til landsins um síðustu helgi. - sv**



**HERSKÁIR** Yfirstjórn hersins í Norður-Kóreu varaði Suður-Kóreu við frekari ögrunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Deilur stigmagnast:

## Norður-Kórea hótar árásum

**KÓREA, AP** Yfirmenn hersins í Norður-Kóreu hótuðu í gær að eyða stjórnvöldum í Suður-Kóreu á örskotsstundu, ef ekki yrði lát á meintum ögrunum þaðan.

Í yfirlýsingu hersins segir að stjórnvöld í Seoul megi eiga von á leifturssnöggum refsiaðgerðum. Þrjár til fjórar mínútur myndu nægja til að leggja óvini Norður-Kóreu í rúst.

Mikill óstöðugleiki einkennir ástandið á Kóreuskaga, en þetta þykir þó beinskeyttasta hótunin hingað til. Margt þykir benda til þess að Norður-Kórea hyggi á fleiri tilraunir með kjarnavopn á næstunni og útlit fyrir spennuþrungna tíma fram undan. **- þj**

# Fjórðungur útgjalda ákveðinn fyrirfram

**Nær fjórðungur útgjalda ríkisins er fastur í mörkuðum tekjustofnum hvert ár. Þessu vill fjárlaganefnd breyta. Unnið er að endurskoðun á lögum um fjárreiður ríkisins. Lokafjárlög 2010 jákvæð að frátöldu framlagi til Íbúðalánasjóðs.**

**ALÞINGI** Meirihluti fjárlaganefndar Alþingis telur að of stór hluti útgjalda ríkisins hvert ár sé fastur í mörkuðum tekjustofnum. Nú lætur nærri að um fjórðungur útgjalda sé fyrirfram ákveðinn og telur nefndin það allt of hátt hlutfall.

Nefndarálit um frumvarp til lokafjárlaga fyrir 2010 var lagt fram á Alþingi fyrir helgi. Meirihluti fjárlaganefndar leggur til að frumvarp fjármálaráðherra um lokafjárlögin verði samþykkt óbreytt.

Fjárlaganefndin telur eðlilegra að mun lægra hlutfall útgjalda sé markað fyrirfram, „enda í langflestum tilfellum mun gegnsærra og einfaldara fyrirkomulag að láta þessa tekjustofna renna í ríkissjóð og veita þess í stað bein framlög til reksturs og framkvæmda í samræmi við ákvarðanir og forgangsröðun fjárlaga hverju sinni.“

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, formaður fjárlaganefndar, og meirihlutinn boða frumvarp um afnám mörkun ríkistekna.

Í því kemur fram að fjárlagaheimildir til ráðstöfunar árið 2010 voru 579 milljarðar króna. Útgjöld ársins námu hins vegar tæpum 602 milljörðum króna og fjárlagahallinn var 22,7 milljarðar króna. Í meirihlutaálitinu kemur fram að 33 milljarða króna framlag til Íbúðalánasjóðs skýri þann halla, en sú greiðsla var samþykkt í fjáraukalögum 2010. Að því framlagi undanskildu var staðan á ríkissjóði í árslok jákvæð um 10,3 milljarða.

Fjárlaganefndin telur að áður en til slíkra fjárheimilda komi þurfi að upplýsa Alþingi betur.



**SKEGGRÆTT** Steingrímur J. Sigfússon hætti sem fjármálaráðherra um síðustu áramót. Fjárlaganefnd telur að vinna við fjárlagagerð hafi batnað til muna, en boðar frumvarp um að mörkuðum tekjustofnum verði snarfækkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR

„Nauðsynlegt er að Alþingi sé að fullu upplýst um fjárhagsstöðu sjóða áður en kemur að veitingu heimilda af þessu tagi, þannig að tryggt sé á hvaða forsendum framlög eru veitt og að fullt samræmi sé á milli fjárheimilda og reiknings að þessu leyti,“ segir í áliti meirihlutans.

Nefndin telur að vinnubrögð við fjárlagagerð hafi batnað og hlutverk fjárlaganefndarinnar aukist. Bætt hafi verið úr því ósamræmi sem verið hafi um árabil á milli lokafjárlagafrumvarps og ríkisreiknings, varðandi fjárhæðir sem flytjast frá fyrra ári fyrir fjárlagaliði. „Hins vegar kemur enn fram mismunur á einstaka viðfangsefnum innan fjárlagaliða. Meirihlutinn leggur áherslu á að bætt verði úr því í frumvarpi til lokafjárlaga ársins 2011.“

**kolbeinn@frettabladid.is**



**LAUS** George Zimmerman, til vinstri, yfirgefur fangelsið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reiddi fram 15 þúsund dali:

## Látinn laus gegn tryggingu

**BANDARÍKIN, AP** George Zimmerman, sem ákærður er fyrir að hafa skotið til bana 17 ára vopnlausan ungling í Flórída í febrúar, hefur verið látinn laus gegn tryggingu.

Fjölskylda Zimmermans þurfti að reiða fram tíunda part tryggingarinnar, sem hljóðaði upp á 150 þúsund Bandaríkjadali. Faðir hans er talinn hafa veðsett hús sitt til að afla 15 þúsund dalanna sem til þurfti, en upphæðin samsvarar tæpum tveimur milljónum íslenskra króna.

Zimmerman var látinn laus á miðnætti á sunnudagskvöld og færður á ótilgreindan stað. Málið hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum og um heim allan. **- óká**

Skýrsla um umferðaröryggi:

## Margar tillögur um breytingar

**STJÓRNSÝSLA Stjórnvöld ættu að hafa arðsemisútreikninga að baki ákvörðunum í umferðaröryggismálum. Þá ætti umferðaröryggi alltaf að vera haft að leiðarljósi við hönnun vega og umferðarmannvirkja. Þetta er meðal þess sem kemur fram í áfangaskýrslu starfshóps innanríkisráðuneytis um áratug umferðaröryggis.**

**Í skýrslunni segir að stjórnvöld skuli skerpa á reglum um skoðun og skráningu ökutækja og endurskoða reglur um breytingar á ökutækjum. Þá ætti að efla kennslu í skyndihjálp og vegfarendur ættu ætíð að nota öryggisbúnað sem uppfyllir kröfur. - sv**




„Hálfslöpp gestrisni,“ segir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar:

# Bannið innan ramma laganna

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er að mínu mati hálfslöpp gestrisni og ekki í takt við það sem Íslendingar hafa hingað til sýnt og við viljum vera þekkt fyrir,“ segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, um ákvörðun Kerfélagsins að meina kínverskum og íslenskum ráðamönnum að skoða náttúruperluna um síðustu helgi. Þeir voru á ferð um svæðið á hópferðabíl um helgina.

Erna bendir þó á að ákvörðunin sé innan ramma laganna, þar sem kveðið er á um að umferð stórra hópferðabíla sé óleyfileg á vissum stöðum á landinu, nema með veittu leyfi rekstraraðila.

Nokkrar undantekningar eru á svonefndum almannarétti er varðar umgengni almennings við íslenska náttúru. Ein slík tilgreinir að þeir sem skipuleggja hópferðir í atvinnuskyni þurfa að hafa samráð við landeigenda og virða umgengnisreglur, að því er fram kemur í tilkynningu Umhverfisstofnunar sem birt var í gær í tilefni umræðunnar undanfarinna daga.

Þó telur stofnunin að landeigendum sé heimilt að setja umgengnisreglur á landi sínu svo sem til að stýra og skipuleggja umferð um svæðið með það að leiðarljósi að hlífa viðkvæmri náttúru fyrir ágangi.



**KERIÐ** Ákvörðun Kerfélagsins um að banna stjórnvöldum að heimsækja Kerið hefur vakið hörð viðbrögð. MYND/NJÖRÐUR HELGASON

„Ég hélt að Kerfélagið myndi kannski launa hinu opinbera styrkina sem það hefur fengið í gegnum tíðina, þar sem opinber aðilar byggðu upp aðstöðuna þarna,“ segir Erna. Er þetta í fyrsta sinn sem hún heyrir af máli sem þessu. **- sv**



FÍTON / SÍA

# MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

**Stefna okkar er skýr:**
**Við erum banki atvinnulífsins.**

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbragðs árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

**Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.**

**Verið velkomin í banka atvinnulífsins.**

Ármúli 13a / Borgartún 26 / +354 540 3200 / www.mp.is

mp banki
banki atvinnulífsins

## GENGIÐ 23.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 126,27 | 126,87 |
| Sterlingspund | 203,26 | 204,24 |
| Evra | 165,95 | 166,87 |
| Dönsk króna | 22,303 | 22,433 |
| Norsk króna | 21,958 | 22,088 |
| Sænsk króna | 18,737 | 18,847 |
| Japanskt jen | 1,5559 | 1,5651 |
| SDR | 194,85 | 196,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 228,4086

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður utanríkismálanefndar hitti forseta framkvæmdastjórnar ESB:

# Makríldeilan og umsóknin eru ótengd

**UTANRÍKISMÁL** José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, fullyrðir að deila Íslendinga og ESB um makríl sé ótengd umsókn Íslendinga að ESB. Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, hitti Barroso í Kaupmannahöfn í gær og ræddi um makríldeiluna, en nokkrir þingmenn í sjávarútvegsnefnd ESB hafa lýst yfir vilja til að tengja þessi tvö mál.

Barroso sagði að makrílkvóti Íslendinga væri allt of hár. „Og ég er vonsvikinn yfir því, vegna þess að þrátt fyrir að það sé engin bein tenging við aðildarviðræðurnar hjálpar þetta ekki til. Þetta er erfitt ástand.“

Nokkrir þingmenn í sjávarútvegsnefnd ESB hafa lagt til að Ísland verði beitt viðskiptaþvingunum. Hann telur ólíklegt að slíkt verði samþykkt af framkvæmdastjórninni, enda brjóti það í bága við EES-samninginn.


ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON


ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON


JOSÉ MANUEL BARROSO

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að almennt sé viðurkennt að um óskyld mál sé að ræða, en umræðan sé ekki góð.

„Þetta bætir auðvitað ekki andrúmsloftið en fyrir utan þennan þrönga hóp makrílþingmanna hef ég ekki heyrt neina tengja deiluna við viðræðurnar enda óskyldir hlutir. Ég hef til dæmis ekki heyrt af neinum sem vill tengja makríl beint við opnunarviðmið vegna sjávarútvegskaflans og hef frekar gert ráð fyrir að það gæti orðið svipað og þau sem varða kaflana um landbúnað og byggðamál, þ.e.a.s. um einhvers konar tímasettar áætlanir, þar sem tekið yrði líka tillit til niðurstöðu viðræðnanna. Stækkunarstjórinn kom því svo kyrfilega á framfæri eftir fund með makrílhópnum í síðustu viku að ESB liti svo á að það væri engin tenging á milli makríls og aðildarviðræðnanna.“ **- kóp**

Konur styrktar til náms:

## Sjálfboðaliðar óskast við gerð Mæðrablóma

**SAMFÉLAGSMÁL** Nýstofnaður Menntunarsjóður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur óskar eftir sjálfboðaliðum í Ráðhús Reykjavíkur í dag klukkan 17 til 21 til að aðstoða við að búa til Mæðrablómið 2012.


MÆÐRABLÓMIÐ

Takmarkið er að búa til eitt þúsund blóm sem seld verða í tengslum við mæðradaginn. Afla á fjár til að styrkja konur í lægstu tekjuþrepunum til náms.

Blómin verða búin til undir handleiðslu Steinunnar Sigurðardóttur og fleiri hönnuða og nota á að mestu afganga eða gömul föt í blómin. Fólk er einnig beðið að koma með efnisafganga eða gamlar rauðar flíkur. **- ibs**

**ATVINNUMÁL**

### Nýr formaður Samfok

Margrét Valgerður Helgadóttir er nýr formaður Samfoks, samtaka foreldra og grunnskólabarna í Reykjavík. Aðalfundur samtakanna var haldinn fyrir skömmu og var nokkur endurnýjun í stjórninni umfram nýjan formann.

**HALDIÐ TIL HAGA**

Í frétt blaðsins í gær kom fram að 12 karlar og 14 konur leituðu til Aflsins á Akureyri, samtaka gegn kynferðisofbeldi, í fyrra. Því skal haldið til haga að um er að ræða nýjar komur til samtakanna, en heildarfjöldi einstaklinga er mun meiri.

# Erfitt að spá fyrir um niðurstöðu í maí

**Kjósa þarf á milli Sarkozy og Hollande í frönsku forsetakosningunum. Þeir voru jafnir eftir fyrstu umferð. Fylgi Marine Le Pen, þjóðernissinna yst af hægri kanti, í þriðja sæti kom á óvart. Gengi hennar þykir auka á óvissu í maí.**

**FRÉTTASKÝRING**

Gefur fyrsta umferð frönsku forsetakosninganna fyrirheit um endanlega niðurstöðu?

Í fyrstu umferð frönsku forsetakosninganna á sunnudag gerðist það í fyrsta sinn að sitjandi forseti varð undir í atkvæðagreiðslunni. Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, var með næstflest atkvæði í kosningunni, og 27 prósenta fylgi. Í fyrsta sætinu var François Hollande, með 28,44 prósenta fylgi.

Í frönskum fjölmiðlum er því haldið fram að staða Hollande sé sterkari en forsetans fyrir kosningarnar 6. maí þegar kosið verður á milli þeirra, enda hafi hann haft betur í fyrstu umferðinni.

Óvænt gengi Marine Le Pen í fyrstu umferðinni er hins vegar sagt auka mjög óvissu um niðurstöðuna í maí, þar sem erfitt sé að spá fyrir um hvernig fylgismenn hennar eigi eftir að greiða atkvæði.

Marie Le Pen er þjóðernissinni yst af hægri væng stjórnmálanna og frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, flokks sem stofnaður var fyrir um fjórum áratugum af föður hennar, Jean-Marie Le Pen.


**SPENNANDI STAÐA** Á þessari samsettu mynd má sjá sigurvegara fyrstu umferðar forsetakosninganna í Frakklandi, en kosið verður á milli þeirra tveggja í maíbyrjun. Vinstra megin er Nicolas Sarkozy, Frakklandsforseti og leiðtogi hægri manna, og hægra megin François Hollande, frambjóðandi Sósíalistaflokksins. NORDICPHOTOS/AFP

Sarkozy, sem er leiðtogi Íhaldsflokksins, hefur í aðdraganda fyrstu umferðar kosninganna biðlað til þeirra sem síður eru umburðarlyndir í garð útlendinga og hefur boðað hertar aðgerðir gegn ólöglegum innflytjendum og raunar útlendingum almennt, sem hann segir orðna allt of marga í Frakklandi.

Líklegt verður að teljast að málflutningur sem þessi hugnist áhangendum Þjóðfylkingarinnar ágætlega. Marine Le Pen hlaut nálægt því fimmtung atkvæða í fyrstu umferð kosninganna.

Forsíður sumra blaða í Frakklandi hafa slegið upp slagnum í maí undir fyrirsögnum á borð við „Einvígið“ og „Samstuð“, meðan önnur hafa lagt áherslu á þátt Le Pen. Þannig slær Figaro upp fyrirsögninni „Gengi Marine Le Pen blæs lífi í seinni umferðina“ og Liberation segir „Hollande sigurvegari, Le Pen spillir fyrir“.

Í umfjöllun fréttavefs Breska ríkisútvarpsins, BBC, um fyrri umferð kosninganna er vitnað í leiðara Figaro í gær þar sem sigur Hollandes er ekki sagður afgerandi vegna þess að færri en búist hafi verið við hafi lagt lag sitt við fulltrúa harðlínuvinstrimanna, Jean-Luc Melenchon.

Að mati blaðsins njóta vinstri menn enn ekki meirihlutastuðnings í landinu og því komi til með að skipta miklu í kosningunum í maí hvort fylgismenn Le Pen kjósi Sarkozy til að stöðva framgang frambjóðanda sósíalista.

Leiðari Liberation segir svo aftur á móti að sigur Hollandes í fyrstu umferðinni sé skýr vísbending um kall frönsku þjóðarinnar eftir stefnubreytingum og breyttum stjórnarháttum. **olikr@frettabladid.is**

### Þau eru úr leik

*François Hollande og sitjandi forseti Nicolas Sarkozy báru höfuð og herðar yfir aðra frambjóðendur í fyrstu umferð forsetakosninganna í Frakklandi um helgina. Hollande fékk **28,44** prósent atkvæða og Sarkozy **27,05** prósent. Kosið verður á milli þeirra tveggja í annarri umferð kosninganna 6. maí næstkomandi. Hér að neðan getur að líta þau sem heltust úr lestinni í fyrstu umferð.*


**Marine Le Pen**, frambjóðandi Þjóðfylkingarinnar, fékk 18,3 prósent atkvæða.


**Jean-Luc Melenchon**, frambjóðandi Vinstrifylkingarinnar, fékk 11,1 prósent atkvæða.


**Francois Bayrou**, leiðtogi Lýðræðishreyfingarinnar, fékk 9,1 prósent atkvæða.


**Eva Joly**, frambjóðandi Græningja, fékk 2,3 prósent atkvæða.


**Nicolas Dupont-Aignan**, borgarstjóri og þingmaður, fékk 1,8 prósent atkvæða.


**Philippe Poutou**, frambjóðandi Nýja andkapítalistaflokksins, fékk 1,2 prósent atkvæða.


**Nathalie Arthaud**, frambjóðandi Verkalýðsbaráttunnar, fékk 0,6 prósent atkvæða.


**Jacques Cheminade**, frambjóðandi Samstöðu og framfara, fékk 0,3 prósent atkvæða.

2 fyrir 1 til Prag
27. apríl
Frá kr. 34.950
Ótrúlegt tilboð - allra síðustu sætin
Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Prag 27. apríl í 4 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur.
Verð kr. 34.950 Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 27. apríl í 4 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr. 69.900.
Verðdæmi fyrir gistingu:
Kr. 15.800 í tvíbýli á hótel ILF *** í 4 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 28.800
Kr. 26.600 tvíbýli á hótel Mövenpick **** í 4 nætur. Verð fyrir einbýli kr. 49.000
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

## VEÐURSPÁ


**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**ÁFRAM FÍNT** Í dag eru horfur á strekkingi allra syðst en annars verður að mestu hæglætisveður. Það gæti orðið nokkuð bjart í innsveitum S- og V-til en annars verður heldur skýjað og líkur á éljum við NA-ströndina. Hlýjast SV-til en áfram nokkuð svalt NA-lands.




Á MORGUN Víða hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 10° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 11° |
| Gautaborg | 13° |
| Kaupmannahöfn | 13° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 14° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | 12° |
| París | 12° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einar.skulason@365.is

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

# SUZUKI

Way of Life!

# Komdu og reynsluaktu




## SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.
Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km

FULL FRAME 4x4

## SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**




**Með öflugri 2.4L 169 hö/vél**
Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km




## SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur



**Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra akstureiginleika.**
**Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

**Alto. Sparneytinn borgarbíll sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.




FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka akstureiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Hugtök Markaðsráðgjöf, Apríl 2012

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

HÁÞRÝSTIDÆLUR



Black&Decker háþrýstidæla **110 bör**
**14.900,-**
**1400W, 360 mín/lít/klst**
Þolir 50C heitt vatn
5 metra barki, sápubox

Black&Decker háþrýstidæla **130 bör**
**27.900,-**
**1700W, 370 mín/lít/klst**
Þolir 50C heitt vatn
5,5 metra barki, sápubox

Black&Decker háþrýstidæla **150 bör**
**49.980,-**
**2100W, 420 mín/lít/klst**
Þolir 50C heitt vatn,
8 metra málmbarki,
sápubox,
með bursta

Drive háþrýstidæla
**105 bör**
**9.990,-**
**1400W, 300 L/mín**

1/2" slanga
15 metra
með byssu og
tengjum
**1.390,-**

Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is






Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum www.17juni.is en einnig er hægt að skila þeim í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík á eyðublöðum sem þar fást.

Umsóknarfrestur rennur út 10. maí 2012.

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is






FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS


## Dómsuppsaga í Landsdómi

# Geir dæmdur fyrir stjórnarskrárbrot

**Níu dómarar stóðu að meirihlutaáliti Landsdóms í gær en þar var Geir H. Haarde sýknaður af þremur ákæruliðum af fjórum. Hann var sakfelldur fyrir að hafa ekki uppfyllt skyldur er kveðið er á um í 17. grein stjórnarskrárinnar.**



**LANGRI BIÐ AÐ LJÚKA** Þungt var yfir Geir H. Haarde á meðan hann beið þess að niðurstaða dómsins yrði lesin upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, var sýknaður í Landsdómi í gær af þremur ákæruliðum af fjórum. Hann var sakfelldur fyrir ákærulið 2 sem lýtur að því að hann hafi ekki haldið ráðherrafundi um mikilvæg mál, en kveðið er á um það í 17. grein stjórnarskrárinnar.

Um fjóra ákæruliði var að ræða. Landsdómur er þríklofinn í niðurstöðu sinni. Níu dómarar stóðu að meirihlutaáliti. Fimm dómarar stóðu að öðru minnihlutaáliti og vildu sýkna Geir af öllum ákæruatriðum. Sigrún Magnúsdóttir skilaði séráliti og vildi einnig sýkna Geir af öllum ákæruliðum.

### 1.3. Sýknaður

Meirihlutaálit Landsdóms er varðar lið 1.3 er að ekki verði annað séð en að samráðshópur um fjármálastöðugleika hafi í meginatriðum starfað í samræmi við hlutverk sitt. Hins vegar hafi skort á það, á grundvelli þeirra hugmynda og upplýsinga sem þar komu fram, að mótuð væri pólitísk stefna til að takast á við hættuna, sem steðjaði að íslenskum fjármálafyrirtækjum og ríkinu frá því í febrúar og fram í október 2008. Dómurinn lítur hins vegar svo á að þær athafnir sem Geir var gefið að sök að hafa vanrækt, hefðu einar og sér ekki getað bægt frá þeirri hættu sem vofði yfir íslensku samfélagi eða getað dregið úr henni.

### 1.4. Sýknaður

Í meirihlutaáliti Landsdóms er varðar lið 1.4 segir að Geir hljóti að hafa verið ljós sú hætta sem steðjaði að fjármálastofnununum og ríkinu. Hins vegar segir að skylda til að bregðast við hafi ekki verið ljós fyrr en á síðari stigum og þótt Geir hefði með stefnumótun í ríkisstjórn, og í krafti stöðu sinnar sem forsætisráðherra, beitt sér fyrir því að Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið neyttu valdheimilda sinna til að þrýsta á bankana til að minnka efnahagsreikninga sína, sé enginn grundvöllur lagður að því í málinu af hálfu ákæruvaldsins að slíkar aðgerðir hefðu getað afstýrt hættu.

Fallist er á þau rök í dómnum að erfitt hefði reynst að selja eignir á þeim tíma sem nauðsynlegt var og enn fremur að slík sala eigna hefði getað haft þau áhrif að fall bankanna hefði borið fyrr að. Landsdómur kemst einnig að þeirri niðurstöðu að af hálfu ákæruvaldsins hafi engum stoðum verið rennt undir að Geir hefði átt þess kost að knýja á um flutning höfuðstöðva einhvers bankanna þriggja úr landi fyrr en löngu síðar.

Hins vegar kemur fram að Seðlabankinn gat nýtt valdheimildir sínar til að þrýsta á bankana um að minnka efnahagsreikninga sína. Geir beitti sér hins vegar aldrei fyrir því að mótuð yrði stefna í ríkisstjórn svo unnt yrði að beina þeirri kröfu eða tilmælum til Seðlabankans að bankinn nýtti þessar valdheimildir.

### 1.5. Sýknaður

Meirihluti Landsdóms segir að ákæruvaldið hafi ekki skýrt með viðhlítandi hætti hvað felist að öllu leyti í orðalagi ákæruliðar 1.5. Eins hafi ákæruvaldið ekki fært rök fyrir því að aðgerðir, sem ríkið hefði getað framkvæmt til að stuðla að flutningi Icesave-reikninganna til erlends dótturfélags, hefðu getað verið fólgnar í öðru en að verða við óskum bankans um lánveitingar eða ábyrgðir til að brúa bil á milli eigna og þessara skuldbindinga dótturfélagsins.

Landsdómur telur að ekki hafi verið hægt að gera þá kröfu til Geirs að hann hefði frumkvæði að því að ríkið eða Seðlabanki Íslands veittu lán eða ábyrgðir til þess að flutningur reikninganna gæti náð fram að ganga. „Það er með öllu ósannað í málinu að aðrar ráðstafanir, sem ákærði hefði getað haft frumkvæði að, hefðu getað afstýrt hættu,“ segir í niðurlagi um þennan ákærulið.

### 2.0. Sakfelldur

Níu dómarar af fimmtán, er standa að meirihlutaálitinu, sakfelldu Geir fyrir að hafa ekki haldið ráðherrafundi um mikilvæg mál í aðdraganda efnahagshrunsins.

Í dómnum segir að þótt tíðkast hafi um langt árabil að oddvitar stjórnarflokka hafi haft með sér óformlegt samráð um mál, sem varða ríkisstjórnarsamstarfið, getur slíkt samráð ekki leyst forsætisráðherra undan skyldunni, sem mælt er fyrir um í 17. grein stjórnarskrárinnar. Forsætisráðherra geti heldur ekki skotið sér undan þeirri skyldu þótt hann óttist að aðrir ráðherrar muni ekki gæta þagmælsku um mál sem eru þess eðlis að þau verði að fara leynt.

Í meirihlutaálitinu segir að þegar Geir barst vitneskja um að hætta steðjaði að íslensku bönkunum, sem kynni að ógna fjármálastöðugleika í landinu og þar með stöðu ríkissjóðs, hafi honum átt að vera ljóst að rannsaka þyrfti án tafar hvort þessar upplýsingar ættu við rök að styðjast. Upplýsingar um yfirvofandi háska sem Geir bjó yfir, eða hlaut að búa yfir, áttu að verða honum sem forsætisráðherra tilefni til að taka málið til umfjöllunar á ríkisstjórnarfundi, ef ekki þegar í stað þá að minnsta kosti svo fljótt sem verða mátti. Eftir því sem leið á árið 2008 „varð sky ta sér fyrir að málið yrði rannsakað og því síðan ráðið til lykta á vettvangi ríkisstjórnarinnar.“

Þá telur Landsdómur það fullsannað að störf samráðshóps um fjármálastöðugleika og viðbúnað hafi ekki komið til umræðu á fundum ríkisstjórnarinnar á því tímabili, sem ákæra í málinu tekur til.

Landsdómur rökstyður sakfellingu í löngu máli en kemst að þeirri niðurstöðu í lokin „að virða ákærða það til stórkostlegs gáleysis að hafa látið farast fyrir að taka þau málefni, sem áður voru rakin, til umfjöllunar á fundum ríkisstjórnarinnar, enda var honum ljóst eða mátti að minnsta kosti vera ljóst að þau væru svo mikilvæg og að auki þess eðlis, sem þáttur í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, að honum bæri skylda til þess“.

## Geir ákærður fyrir Landsdómi

**1.3** Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað, sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri. **Sýknaður.**

**1.4** Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins á tímabilinu frá febrúar 2008 og fram í byrjun október. **Sýknaður.**

**1.5** Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi Icesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins. **Sýknaður.**

**2.0** Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. **Sakfelldur.**

Landsdómur vísaði frá tveimur ákæruliðum af sex þann 3. október 2011.




**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

# Í DAG VEITIR DÆLULYKILL ATLANTSOLÍU

# 7 KRÓNA AFSLÁTT

AUKAAFSLÁTTUR DAGSINS BÆTIST EKKI OFAN Á ÖNNUR AFSLÁTTARKJÖR.

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



## HVERNIG VÆRI AÐ HALDA ATLANTSOLÍUDAGINN

HÁTÍÐLEGAN OG FÁ SÉR ÆRLEGA Á TANKINN Í DAG?

SÆKTU UM DÆLULYKIL Á WWW.ATLANTSOLIA.IS

LENGI LIFI SAMKEPPNI

ATLANTSOLÍA

ÍSLENSKA SIA.IS AOL 58048 01/12

Atlantsolía var stofnuð til að veita stóru olíufélögunum samkeppni. Við rufum einokun olíurisanna þriggja árið 2003 og höfum haldið keppinautunum við efnið síðan.

Dælulykill gefur afslátt hjá þessum frábæru fyrirtækjum:

AB · MÁLNINGARVÖRUR · kemi · GÚMMÍVINNSLAN

Dómsuppsaga í Landsdómi

# Vann stóran og mikinn sigur segir Geir

**Meirihluti dómara Landsdóms lét undan pólitískum þrýstingi um að sakfella fyrir eitthvert brot, sama hversu minniháttar það væri, sagði Geir H. Haarde eftir að Landsdómur féll í gær. Hann kallar eftir afsögn Steingríms J. Sigfússonar, Atla Gíslasonar og annarra sem stóðu að ákæru Alþingis.**

Níu dómarar af þeim fimmtán sem sæti eiga í Landsdómi létu undan pólitískum þrýstingi með því að sakfella fyrir eitt lítilvægt ákæruatriði sagði Geir H. Haarde í viðtali við Fréttablaðið eftir að dómur féll í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

„Auðvitað veit ég ekki hvað gerðist innan veggja dómsins […] en það er pólitískur fnykur af þessu, að mínum dómi. Ég þekki pólitík þegar ég sé hana, þó ég hafi ekki lögfræðiþekkingu á borð við þessa menn,“ sagði Geir.

Honum var mikið niðri fyrir þegar hann ræddi við fjölmiðlafólk eftir að dómurinn féll. Hann sagðist sáttur við að sýknað væri í þremur efnislegum ákæruliðum, en vægast sagt ósáttur við að sakfellt væri fyrir brot á formsatriðum.

„Ég leyfi mér að segja það við ykkur strax að sá dómur er fáránlegur og reyndar aðeins meira en það, hann er sprenghlægilegur,“ sagði Geir.

„Ef ég hef verið sekur um að brjóta stjórnarskrána hvað þetta varðar, en það er það sem er sakfellt fyrir, hafa allir forsætisráðherrar landsins, frá því Íslendingar fengu fullveldi, verið sekir um hið sama. Það er með öðrum orðum verið að sakfella mig fyrir það sem allir þessir menn hafa gert,“ sagði Geir.

„Ég lýsti því yfir þegar mál þetta var dómtekið, og á fyrri stigum málsins, að ég bæri fullt traust til Landsdóms. Nú er ljóst að meirihluti hans reis ekki undir því trausti. Það er ljóst að pólitísk sjónarmið laumuðu sér inn í réttinn,“ sagði Geir. „Ég vil jafnframt fagna hugrekki þeirra dómara sem skiluðu sératkvæði í málinu.“

Spurður hvort hann treysti þeim hæstaréttardómurum sem hann telur hafa látið undan pólitískum þrýstingi í störfum þeirra sem hæstaréttardómara framvegis segir Geir: „Ég ætla ekki að segja neitt um það, en ég leyfi mér að halda því fram að það sé hægt að treysta því, maður verður að trúa því.“

### Krefst afsagnar þingmanna

„Ég tel, miðað við þessa útkomu, að þeir sem að þessu máli stóðu taki afleiðingum gerða sinna, enda var hér reitt mjög hátt til höggs. […] Ég hef ekki brotið lögin. Þeir komast að þeirri niðurstöðu í dóminum að ég hafi gert mig sekan um að ræða ekki þessi mál nægilega oft á ríkisstjórnarfundum, og sakfella mig fyrir það, en þó án þess að gera mér refsingu,“ segir Geir.

„Þetta ber allt keim af því að hér hafi pólitískir straumar náð að leka inn í Landsdóminn, og menn verið að reyna að finna einhverja leið til að koma til móts við þá einstaklinga í þinginu sem stóðu á bak við þetta. Í raun og veru miðað við málið í heild sinni hef ég unnið hér stóran og mikinn sigur.“

Geir segist hiklaust telja að þeir sem mesta ábyrgð beri á því að Alþingi hafi ákveðið að höfða mál á hendur sér fyrir Landsdómi eigi að segja af sér. „Ég ætla ekki að fara að nefna fólk í stórum stíl, en auðvitað dettur manni fyrst í hug Steingrímur J. Sigfússon, sem er potturinn og pannan í þessu máli frá upphafi,“ segir Geir.

„Hægri hönd Steingríms í málinu var Atli Gíslason. Það væri ágætt ef þessir tveir menn myndu byrja á að skoða sína stöðu. En þetta voru miklu fleiri, það voru ýmsir í Samfylkingunni á kafi í þessu máli. Það fólk þarf líka að gera það upp við sig hvort það ætlar að sitja með þessa skömm það sem eftir er, eða hvort það ætlar að manna sig upp í að taka afleiðingunum.“

„Mér hefur aldrei dottið í hug að halda því fram að allt hafi verið hárrétt gert í aðdraganda bankahrunsins, að mér hafi aldrei orðið neitt á í messunni, eða að öll mín störf hafi verið óaðfinnanleg,“ segir Geir.

„Þegar horft er til baka er auðvitað ljóst að ýmislegt mátti gera öðruvísi og betur í ljósi þeirrar vitneskju sem við höfum í dag. En allir sem komu að málunum í aðdraganda hrunsins gerðu það sem þeir töldu réttast á þeim tíma, miðað við þær upplýsingar sem þá lágu fyrir. Þess vegna er það fráleitt að ég hafi framið refsiverð lögbrot, eins og mér var borið á brýn, eða að ég hafi brugðist starfsskyldum mínum,“ segir hann.

„Það kemur auðvitað skýrt í ljós í niðurstöðum allra dómara í Landsdómi hvað varðar efnisatriðin þrjú. Það kemur líka í ljós að ég hef ekki framið refsiverð brot með þeirri niðurstöðu sem níu manna meirihluti í dóminum kemst að þegar ákveðið er að gera mér ekki sérstaka refsingu.“



FJÖLMIÐLASKARI Geir hélt blaðamannafund í Þjóðmenningarhúsinu eftir að dómur Landsdóms féll í gær. Þar kallaði hann eftir afsögnum þeirra þingmanna sem beittu sér fyrir ákæru. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Nota kjörklefann ekki Landsdóminn

Geir segist í viðtali við Fréttablaðið ekki hlynntur því að Landsdómur verði nýttur oftar. „Það er verið að reyna að breyta stjórnmálamenningunni með því að beita þessum dómi. Og auðvitað eru fjölmörg dæmi til sem hefðu getað kallað á landsdómsmál,“ segir Geir.

Spurður hvað hann eigi við nefnir hann að Steingrímur J. Sigfússon hafi á ferli sínum sem landbúnaðarráðherra selt jarðir í leyfisleysi, Kirkjuferju og Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi. „Þetta mál kom til kasta þingsins og Sjálfstæðisflokkurinn ákvað að bjarga honum úr klípunni, eftir að stjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks tók til valda. Það hefði verið hægðarleikur að höfða landsdómsmál vegna þessa máls á þeim tíma, það var bara ákveðið að gera það ekki heldur bjarga honum á þurrt land.“

Spurður um nýlegri dæmi segir Geir þau til, en hann ætli ekki að telja þau upp.

„Ég mæli ekki með því að menn fari frekar inn á þær brautir að ætla að gera upp pólitískan ágreining í réttarsal. Menn eiga að nota kjörklefann til þess.“

Brjánn Jónasson
brjann@frettabladid.is



## Íhugar áfrýjun til Mannréttindadómstóls Evrópu

Geir H. Haarde ætlar á næstunni að fara vandlega yfir niðurstöðu Landsdóms og íhuga hvort efni standi til að áfrýja niðurstöðunni til Mannréttindadómstóls Evrópu. Niðurstaða Landsdóms er endanleg, og ekki hægt að skjóta henni til Hæstaréttar.

„Við ræddum það á fyrri stigum málsins hvort við ættum að óska eftir því að fá sérstakan eftirlitsmann frá Mannréttindadómstól Evrópu til að fylgjast með framkvæmd þessa máls,“ segir Geir. Af því varð þó ekki.

„Gleymum því ekki hversu mörg mistök voru gerð í þessu máli til að byrja með. Hvílíkt hrikalegt klúður átti sér stað, bæði á vettvangi Alþingis, hjá saksóknara Alþingis, dómsmálaráðuneytinu og innan Landsdómsins sjálfs, þegar þetta mál var að byrja hér fyrir einu og hálfu ári. Þetta mál hefur hangið yfir hausnum á mér og fleirum í tæp tvö ár. Það hefði verið hægt að ljúka því fyrir löngu síðan ef það hefði verið staðið eðlilega að allri málsmeðferð,“ segir Geir.

## Kostnaður nærri 200 milljónum króna

Geir H. Haarde sagðist ekki sjá betur en að kostnaðurinn við málaferlin í heild sinni nálgist um 200 milljónir króna. Kostnaður af vörninni einni sé kominn yfir 40 milljónir, og gera verði ráð fyrir því að kostnaður saksóknara sé ekki minni. Landsdómur dæmdi Geir ríflega 24 milljónir í málsvarnarlaun, og vantar því um 16 milljónir til að endar nái saman.

Geir segir lögmenn sína hafa þurft að vinna ákveðna grundvallarvinnu, enda fyrsta mál sinnar tegundar, og slík vinna hafi ekki komið frá saksóknara. Vinir Geirs, sem stofnuðu félagið Málsvörn, hafa safnað nægu fé til að greiða það sem upp á vantar af málsvarnarlaunum Geirs.

„Það er augljóst að nú er búið að finna leið til að koma fjárhagslegu höggi á fyrrverandi ráðherra, burtséð frá því hvort þeir hafa brotið af sér eða ekki. Það er einfaldlega að höfða mál fyrir Landsdómi, þar sem hinn ákærði getur aðeins vænst þess að fá dæmdan hluta af málskostnaðinum, og þurfa að sjá um afganginn sjálfur. Það er mikið umhugsunarefni og ekki hluti af þeim stjórnmálakúltúr sem við viljum innleiða hér á landi,“ segir Geir.




Audi
Vorsprung durch Technik



Farvegur framþróunar

Með bættri hönnun á loftflæði ytra byrðis og tæknibúnaði sem tryggir hagkvæmustu aksturstilhögun er mögulegt að minnka umtalsvert eyðslu eldsneytis. Þannig er Audi A4 enn sparneytnari en áður og eyðir aðeins frá 4,5 lítrum á hverja 100 km.* **Nýr A4 er því afrakstur stöðugrar tækniþróunar hjá Audi.**

**Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað í Audi A4 fylgir sóllúga öllum bílum sem pantaðir eru fyrir 1. júní 2012.**

HEKLA

*M.v. 2.0TDI 143 hestafla, dísilvél, beinskiptan.

Velkomin í reynsluakstur

# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?



**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Fyrirtækið**

**Einu sinni voru allir þessir hlutir með verðmiða.** Eftir því sem hlutunum fjölgar renna þeir saman í eina stóra heild. Við gerum okkur því sjaldnast grein fyrir verðmæti þeirra fyrr en eitthvað kemur fyrir.

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili, til dæmis í fataskápnum?

Hafðu samband við okkur og saman finnum við út hversu mikla tryggingavernd þú þarft. **Reiknivélin á www.vordur.is hjálpar þér fyrstu skrefin.**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

ÍSLENSKA SIA.IS VOR 58252 04/12

## Dómsuppsaga í Landsdómi

# Þörf á endurskoðun

**Róbert Spanó lagaprófessor segir ástæðu til þess að endurskoða fyrirkomulag málshöfðunar til Landsdóms. Guðmundur Hálfdanarson sagnfræðingur segir að betur hefði farið á því að tengja málið skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis.**

Nú þegar Landsdómur hefur lokið störfum sínum í fyrsta skipti, með úrskurði í máli Geirs Haarde, telur Róbert Spanó, lagaprófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands, tilefni til að endurskoða fyrirkomulag málshöfðunar til Landsdóms.

„Við ættum að íhuga hvort við viljum hafa sambærilegt kerfi til framtíðar,“ segir Róbert. „Sérstaklega hvað varðar það fyrirkomulag sem fjórtánda grein stjórnarskrár gerir ráð fyrir, að ákæruvald á hendur ráðherra sé á höndum Alþingis.“

Burtséð frá þessu ákveðna máli segir hann ákvörðun Alþingis um ákæru í slíkum málum ekki mega bjóða upp á deilur á flokkspólitískum forsendum. Ákæran og málarekstur yfir Geir hafi skapað úlfúð í samfélaginu og ásakanir hafi gengið á báða bóga um hvort ákvörðunin hafi verið tekin á réttum forsendum.

„Það verður að ríkja traust um málsmeðferðina og þess vegna held ég að ástæða sé til þess að velta fyrir sér hvort að annað fyrirkomulag gæti verið hentugra.“

Róbert tekur fram að ferlið sé tvíþætt, annars vegar ákvörðunin um málshöfðun og hins vegar meðferð málsins fyrir Landsdómi. Varðandi hið síðarnefnda, hafi hann enn ekki séð annað en að málsmeðferð dómsins hafi verið í samræmi við gildandi reglur.



**LANDSDÓMUR** Fræðimennirnir Róbert Spanó og Guðmundur Hálfdanarson segja aðkomu Alþingis að ákæru ráðherra fyrir Landsdómi og þær pólitísku deilur sem það bjóði upp á ekki til þess fallnar að auka traust á Landsdómsferlinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við ættum að íhuga hvort við viljum hafa sambærilegt kerfi til framtíðar.
>
> **RÓBERT SPANÓ**
> FORSETI LAGADEILDAR HÍ

Guðmundur Hálfdanarsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, segir ákveðin skilaboð felast í dómnum.

„Þarna eru skilaboð um að taka beri rannsóknarskýrslu Alþingis alvarlega. Þar komu fram alvarlegar athugasemdir um stjórnsýslu á Íslandi í aðdraganda hrunsins.“

Guðmundur segir jafnframt að meðferð Alþingis á málinu hafi orkað tvímælis. Annars vegar hafi þingmannanefnd lagt til að fjórir fyrrverandi ráðherrar yrðu ákærðir, en ekki þrír eins og rannsóknarnefndin lagði til, og hins vegar hafi Geir einn verið ákærður.

„Það hefði verið sterkara að tengja málið við skýrsluna og líta á Landsdóm sem ákveðinn dómsúrskurð um gildi rannsóknarnefndarinnar,“ segir hann.

Spurður hvort Landsdómur hafi fest sig í sessi með málinu segir Guðmundur það vera óljóst.

„Ég held ekki að nokkur maður geti talið það góða hugmynd að Alþingi sé að ákæra menn í nokkurs konar pólitískum kappleik.“

thorgils@frettabladid.is

## Höfum þegar brugðist við gagnrýninni



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

„Það er mjög gott að komin sé niðurstaða í þetta erfiða mál. Hún kom mér aðeins á óvart, en ég hafði ekki séð ástæðu til þess að ákæra Geir. Hann er sýknaður í þremur af fjórum atriðum og það má kannski segja að það sem hann er sakfelldur fyrir sé það sem kom fram í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Þar var verulegur áfellisdómur á stjórnsýsluna og skort á formfestu,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra. Hún segir ríkisstjórnina þegar hafa brugðist við þeirri gagnrýni að miklu leyti. Skipaðar hafi verið ráðherranefndir um veigamikil mál og fundargerðir þeirra fari fyrir ríkisstjórnarfundi. Þá sé í lögum um stjórnarráðið að öll mikilvæg stjórnarverkefni eigi að ræðast í ríkisstjórn.

Jóhanna vill að stjórn og stjórnarandstaða setjist yfir lög um Landsdóm og breyti þeim. Ekki sé eðlilegt að þingmenn séu settir í hlutverk ákæruvalds. - kóp

## Var sakfelldur fyrir alvarlegasta liðinn



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR**

„Ég taldi alltaf að þessi liður væri sá skýrasti og jafnframt alvarlegasti liður ákærunnar. Stjórnarskránni var einfaldlega ekki fylgt og afleiðingin var sú að mikilvægum upplýsingum var haldið frá ríkisstjórninni sem ógnaði efnahagnum, stjórnskipuninni og lýðræðinu í landinu. Undir það tel ég að Landsdómur sé að taka,“ segir Eygló Harðardóttir, þingkona Framsóknarflokksins, um þann ákærulið sem Geir var sakfelldur fyrir. Hún minnir á að það fyrsta sem þingmenn geri þegar þeir taka sæti á Alþingi sé að sverja eið að stjórnarskránni. Það sýni að hún sé undirstaða stjórnskipunar landsins.

Eygló segir það hve Geir gerði lítið úr stjórnarskrárbrotinu séu kannski skiljanleg viðbrögð í ljósi þess að dómur var nýfallinn. „En þetta er það sem við eigum að gera, við eigum að fara að stjórnarskránni.“ - kóp

## Mikill sigur fyrir Geir H. Haarde



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Geir Haarde hlýtur að líta á það sem mikinn sigur fyrir sig að vera sýknaður af öllum efnislegum sakargiftum. Honum var gefið að sök að hafa ekki gripið til aðgerða sem gátu komið í veg fyrir efnahagshruinið. Landsdómur komst að annarri niðurstöðu með algjörri sýknu um þau ákæruatriði,“ segir Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra. Hann segir dóminn einnig sýna að sú ríkisstjórn sem sat við völd í hruninu hefði ekki getað komið í veg fyrir það. Hann er hins vegar ósammála túlkun Geirs um að niðurstaða Landsdóms sé pólitísk í eðli sínu. „Ég hef ekki trú á því.“ - kóp


VARPAÐU ÞÉR INN Í SUMARIÐ

Afmælistilboð:
20% afsláttur af NEC búnaði

Betri lausnir í 20 ár
1992-2012



NEC V230X myndvarpi
Áður 139.900 kr.
Nú 111.920 kr.
- XGA 1024x768 upplausn
- 2300 Ansi Lumen birta
- Mjög hljóðlátur
- Þriggja ára ábyrgð



NEC V422 42" skjár
Áður 229.900 kr.
Nú 183.920 kr.
- Full HD 1920x1080 upplausn
- VGA, DVI, HDMI o.fl. inngangar
- Innbyggðir hátalarar
- Þriggja ára ábyrgð



NEC 24" tölvuskjár
Áður 49.900 kr.
Nú 39.920 kr.
- Full HD 1920x1080 upplausn
- DVI-D og VGA inngangar
- Svartími 5 ms
- Þriggja ára ábyrgð

Nýherji býður **20% afslátt** af völdum vörum í tilefni af 20 ára afmæli sínu.
Vikuna 24.–29. apríl bjóðum við afslátt af vönduðum **NEC** búnaði.
Komdu við í **verslun Nýherja Borgartúni** eða á **netverslun.is**.

**Tilboðið gildir 24. – 29. apríl.**

NÝHERJI

## Landsdómsmálið

**12. apríl 2010** Alþingi fær í hendur skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem falið var að rannsaka aðdraganda og orsök hruns bankanna haustið 2008.

**13. apríl 2010** Nefnd, undir forystu Atla Gíslasonar, skipuð af Alþingi til að fjalla um mögulega ábyrgð ráðherra vegna efnahagshrunsins árið 2008.

**11. sept. 2010** Þingmannanefndin skilar niðurstöðum og leggur til að fjórir fyrrverandi ráðherrar í ríkisstjórn Geirs H.Haarde verði ákærðir.

**28. sept. 2010** Alþingi ákveður að kalla saman Landsdóm með 33 atkvæðum gegn 30. Ákveðið að kæra Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, og fela saksóknara Alþingis að bera fram ákæru fyrir Landsdómi. Alþingi fellur frá því að ákæra Árna Mathiesen, Björgvin G. Sigurðsson og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

**12. okt. 2010** Alþingi kýs saksóknara til að höfða mál gegn Geir H. Haarde.

**8. mars 2011** Landsdómur kemur saman formlega í fyrsta skipti. Fjallað um kærumál er varða meðferð gagna, meðal annars frá Þjóðskjalasafni.

**1.-5. sept. 2011** Málflutningur í Landsdómi um frávísunarkröfu Geirs H. Haarde.

**3. okt. 2011** Landsdómur vísar frá tveimur ákæruliðum af sex í máli Alþingis gegn Geir H. Haarde.

**17. des. 2011** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, leggur fram þingsályktunartillögu um að ákæra á hendur Geir H. Haarde verði felld niður.

**20. jan. 2012** Frávísunartillagan felld með 31 atkvæði gegn 29.

**5. til 16. mars 2012** Aðalmeðferð.

**16. mars 2012** Málið dómtekið.

**23. apríl 2012** Dómsuppsaga.

Sex af fimmtán vildu sýkna Geir af ákærulið um að láta undir höfuð leggjast að halda ráðherrafundi:

# Ósammála um athafnaskyldu ráðherra

Fimm dómarar Landsdóms af fimmtán skiluðu minnihlutaáliti. Fimmmenningarnir töldu að sýkna ætti Geir af öllum ákæruliðum. Sama sinnis er sjötti dómarinn, Sigrún Magnúsdóttir, en hún er þó sammála rökstuðningi meirihlutans að verulegu leyti. Minnihlutinn er ósammála meirihlutanum um gildi og þýðingu stjórnarskrárákvæðisins sem sakfellingin byggir á, eða 17. grein sem kveður á um að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni.

Niðurstaða minnihlutans er að samkvæmt stjórnarskrárgreininni hafi eingöngu verið skylt að halda ráðherrafundi um mál sem leggja skyldi fyrir ríkisráð og þau mál sem einstaka ráðherrar óskuðu að bera þar upp.

Minnihlutinn er einnig ósammála meirihluta um túlkun á lögunum um ráðherraábyrgð. Þar segir að ráðherra verði sekur eftir lögunum ef hann stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu með því að láta fyrirfarast að framkvæma nokkuð það er afstýrt gat slíkri hættu eða veldur því að slík framkvæmd ferst fyrir.

Að mati minnihlutans hvílir ekki frekari athafnaskylda á ráðherra samkvæmt lögum en að grípa til úrræða sem að öllu eða verulegu leyti gátu komið í veg fyrir aðsteðjandi hættu. „Verður því ekki fallist á að frekari athafnaskylda tengd fyrirsjáanleika hættunnar felist í ákvæðinu, eins og byggt er á í niðurstöðu meirihluta dómenda, en sú skýring á sér enga stoð í orðalagi ákvæðisins," segja dómarar í minnihluta.

- shá




Fjármálafræðsla fyrir ungt fólk
með Jóni Jónssyni
í Reykjavík og á Selfossi

Jón Jónsson **hagfræðingur**, tónlistarmaður og fótboltakappi heldur áfram að fræða ungt fólk um fjármál á skemmtilegan hátt. Næstu fundir verða þriðjudaginn 24. apríl í Arion banka, Borgartúni 19 og miðvikudaginn 25. apríl í Sambíóunum Selfossi. Húsin opna kl. 19:00 og hefjast fundirnir kl. 19:30.

**Helstu atriði sem Jón fer yfir eru:**

- Hvað eru peningar?
- Hvernig á að spara?
- Að læra að velja og hafna
- Peningar og hamingja

**Boðið verður upp á gos og pítsu og í lok fundar tekur Jón nokkur lög.**
**Allir 12-16 ára krakkar eru sérstaklega velkomnir ásamt foreldrum sínum.**

Skráning á arionbanki.is

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



Pallettu tjakkur



EP Pallettu-tjakkur
2 tonna lyftigeta
31.990,-

MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7 - Reykjavík
Fuglavík 18 - Reykjanesbæ
Furuvöllum 15 - Akureyri

# Fjárfestum í eigin landi

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins efna til fundar um opinberar fjárfestingar í ljósi ramma- og samgönguáætlana og nýs Landspítala

**Miðvikudaginn 25. apríl kl 8:30 - 10.00 á Hilton Reykjavík Nordica**

**Opinberar fjárfestingar og atvinnuskö pun**
Kristján L. Möller, formaður atvinnuveganefndar Alþingis

**Rammaáætlun**
Bryndís Skúladóttir, forstöðumaður umhverfismála hjá SI

**Nýr Landspítali**
Gunnar Svavarsson, form. byggingarnefndar um nýjan Landspítala

**Opinberar fjárfestingar og lífeyrissjóðirnir**
Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður í Gildi og framkvæmdastjóri hjá Eimskip

**Afstaða þingflokka til verkefnanna**
Sjálfstæðisflokkur, Bjarni Benediktsson
Framsókn, Sigurður Ingi Jóhannesson
Samfylking, Magnús Orri Schram
Vinstri græn, Björn Valur Gíslason

**Panelumræður**
Fundarstjóri: Sigþór Sigurðsson, formaður Mannvirkis

**Skráning á www.si.is**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SI



frjalsilif.is – 444 7000

FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn á morgun 25. apríl kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

**Dagskrá**
1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Á fundinum verður kosið um tvo stjórnarmenn til tveggja ára og einn varamann til eins árs. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast á frjalsilif.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.

Arion banki





SJÓNVARPSSTÖÐIN **ID: INVESTIGATION DISCOVERY** ER EINGÖNGU Í BOÐI Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á **WWW.STOD2.IS**


## Dómsuppsaga í Landsdómi



**DÓMUR** Fullt tilefni var til að fá Landsdóm til að fjalla um ákæruefnin á hendur Geir segir Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Saksóknari segir að á brattann hafi verið að sækja:

# Segir Geir sakfelldan fyrir alvarlegt brot

„Umfjöllun dómsins um þann lið sem var sakfellt fyrir sýnir hvað þetta voru alvarlegar sakargiftir. Niðurstaðan er talsverður áfellisdómur [yfir Geir H. Haarde], og sama má segja um umfjöllun dómsins um hina liðina,“ segir Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis.

„Í umfjöllun dómsins sést að það var fullt tilefni til að láta dómstólinn fjalla um þetta. Þarna segir að Geir hafi gert ýmislegt rangt, og það er fjallað um ýmiss konar vanrækslu þó hann sé ekki sakfelldur fyrir þetta allt saman,“ segir Sigríður.

„Auðvitað vænti ég þess sem saksóknari í málinu að það yrði sakfellt fyrir meira, en það þýðir ekki að deila við dómarana,“ segir Sigríður. Hún segist gjarnan hafa viljað betri niðurstöðu, en málið hafi haft annan aðdraganda en önnur mál, þar sem Alþingi hafi ákært Geir og hún farið með málið fyrir hönd þingsins.

> Auðvitað vænti ég þess sem saksóknari í málinu að það yrði sakfellt fyrir meira, en það þýðir ekki að deila við dómarana.
>
> **SIGRÍÐUR J. FRIÐJÓNSDÓTTIR**
> SAKSÓKNARI ALÞINGIS

„Þetta er minna en lagt var upp með, það er alveg ljóst, en auðvitað var þetta talsvert á brattann að sækja,“ segir Sigríður.

Hún segir að erfitt hafi verið að sýna fram á hvað Geir hefði átt að gera og hvernig hann hefði getað komið í veg fyrir tjón með þeim gögnum sem málshöfðunin hafi byggt á. „Maður vissi ekki hvernig þetta myndi fara, ég vonaðist til þess að þetta væri nóg en svo reyndist ekki vera.“

„Auðvitað var það mat ákærandans, sem var Alþingi, að meiri líkur en minni væru á sakfellingu. Í sjálfu sér fannst mér erfitt að segja til um hvort þetta væri líklegt til sakfellis. Ég taldi þó meiri líkur en minni á því að það yrði sakfellt,“ segir Sigríður. **- bj**

## Sýnir að málið átti erindi fyrir dóminn



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

„Niðurstaðan sýnir að málið átti erindi þangað sem það fór. Að öðru leyti er réttast að dómurinn tali fyrir sig sjálfur og horft sé til þess rökstuðnings sem þar er fram færður,“ segir Steingrímur J. Sigfússon ráðherra. Hann segir að það hafi verið ljóst frá því að formenn flokkanna sammæltust um að setja rannsóknarnefnd Alþingis á fót að einhver slík niðurstaða gæti litið dagsins ljós. Nefndinni hafi verið gert að líta til ábyrgðar stjórnmálamanna.

Spurður hvort um áfellisdóm yfir stjórnsýslunni sé að ræða segir hann að fara þurfi varlega í þann samjöfnuð. „Þetta voru náttúrulega ekki hversdagsleg málefni sem dómurinn laut að. Það er gagnlegt að lesa reifunina og rökstuðninginn og setja það í ákveðið samhengi. Það var náttúrulega ekki sakfellt bara fyrir formsatriði, heldur verður það efnislegt í samræmi við það sem dómurinn segir um það mál.“ **- kóp**

## Því sem næst fullnaðarsigur fyrir Geir



**BJARNI BENEDIKTSSON**

„Það sem stendur að sjálfsögðu upp úr í þessu máli er að allir dómarar í Landsdómi voru sammála um að Geir væri saklaus í öllum ákæruliðum sem mest var rætt um á Alþingi. Þetta eru þeir ákæruliðir sem haldið var fram að hefðu haft með hrun bankakerfisins að gera,“ segir Bjarni Benediktsson. Hann segir þann lið sem sakfellt var fyrir vera formsatriði. Í dómnum sjálfum sé því ekki mótmælt að verið sé að sakfella fyrir áratuga venju í íslenskri stjórnsýslu. Það sæti furðu að það hafi þótt tilefni til sakfellingar og ekki sé skrítið að dómurinn hafi klofnað í afstöðu sinni til þess.

„Varðandi heildarniðurstöðuna er auðvitað nærtækt að horfa til þess að í fyrsta lagi var búið að vísa frá tveimur ákæruliðum, hann er fundinn saklaus af öllum efnislegum ákæruliðum, honum er ekki gerð nein refsing og ríkið situr uppi með allan sakarkostnað. Þetta er því sem næst fullnaðarsigur fyrir Geir.“

Bjarni segir þá sem stóðu fyrir ákærunum þurfa að svara því hvort þeir séu reiðubúnir að láta sömu mælikvarða gilda fyrir sig. Það hafi verið mjög pólitísk ákvörðun að ákæra fyrir það atriði sem Geir var sakfelldur fyrir. **- kóp**

**Loksins er sumarið að koma.** Bjartar langar nætur framundan. Náttúrufegurð. Ferðahugur og ævintýraþrá: ferðalög. Allt lýsir þetta hinu íslenska og einstaka sumri svo ótrúlega vel. Sumrinu sem er tími ferðalaganna: tími ævintýranna. Komdu í Brimborg og gerðu góð kaup á sumarjeppanum.

**jeppa dagar**

## Sumarið kemur á eftir vorinu!

# Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið

Settu gamla bílinn uppí notaðan sumarjeppa frá Brimborg. Tökum allar tegundir bíla uppí.

**Ferðalagið hefst í Brimborg**

**Kauptu jeppann í dag og aktu honum út í sumarið**

**Ford Escape Limited AWD** (KPG23)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 8/2008. Ek. 61.000 km.
Verð áður: 3.810.000 kr.




**620.000 kr. sumarafsláttur** — **3.190.000 kr.**

**Volvo XC90 SE+ AWD** (JP239)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur 7 manna
Skrd. 12/2006. Ek. 117.000 km.
Verð áður: 4.490.000 kr.




**800.000 kr. sumarafsláttur** — **3.690.000 kr.**

**betri kaup**

**Ford Edge Limited AWD** (FMF22)
3,5i V6 265 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2007. Ek. 86.000 km.
Verð áður: 3.390.000 kr.




**540.000 kr. sumarafsláttur** — **2.850.000 kr.**

**Ford Explorer Limited 4x4** (NO618)
4,6i V8 292 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 11/2006. Ek. 70.000 km.
Verð áður: 3.620.000 kr.




**630.000 kr. sumarafsláttur** — **2.990.000 kr.**

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (RF891)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2005. Ek. 108.000 km.
Verð áður: 1.990.000 kr.




**410.000 kr. sumarafsláttur** — **1.580.000 kr.**

**Ford Explorer XLT Sport 4x4** (LV413)
4,0i V6 210 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2007. Ek. 91.000 km.
Verð áður: 3.350.000 kr.




**700.000 kr. sumarafsláttur** — **2.650.000 kr.**

**Ford Escape XLT AWD** (HK765)
3,0i V6 200 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 5/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 1.650.000 kr.




**360.000 kr. sumarafsláttur** — **1.290.000 kr.**

**Ford Escape XLS AWD** (HOX99)
2,3i 150 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 12/2007. Ek. 107.000 km.
Verð áður: 2.290.000 kr.




**440.000 kr. sumarafsláttur** — **1.850.000 kr.**

**Lexus RX300 AWD** (KL953)
3,0i 204 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 6/2003. Ek. 154.000 km.
Verð áður: 2.090.000 kr.




**400.000 kr. sumarafsláttur** — **1.690.000 kr.**

**Volvo XC90 SE AWD** (RAL29)
4,4i V8 315 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 10/2007. Ek. 81.000 km.
Verð áður: 5.550.000 kr.




**900.000 kr. sumarafsláttur** — **4.650.000 kr.**

**Ford Edge Limited AWD** (TPX19)
3,5i V6 265 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 4/2008. Ek. 96.000 km.
Verð áður: 4.130.000 kr.




**640.000 kr. sumarafsláttur** — **3.490.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe AWD** (NY705)
2,7i 170 hö bensín sjálfskiptur
Skrd. 2/2005. Ek. 141.000 km.
Verð áður: 1.490.000 kr.




**300.000 kr. sumarafsláttur** — **1.190.000 kr.**

**Settu gamla bílinn uppí góðan notaðan sumarjeppa frá Brimborg**

**Gerðu góð jeppakaup í dag fyrir sumarið**

**Komdu í Brimborg og finndu jeppann sem hentar fjölskyldunni fyrir ferðalögin**

**Brimborg er í sumarskapi þessa dagana og býður nú fjölbreytt úrval af jeppum fyrir sumarið**

**Skoðaðu fleiri dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg. Smelltu á notadir.brimborg.is**

## Opið í dag

Komdu og skoðaðu sumarjeppa
á milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | notadir.brimborg.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrsti og vonandi síðasti dómur Landsdóms:

## Fædd lítil mús

Um málareksturinn gegn Geir H. Haarde fyrir Landsdómi er óhætt að segja að fjallið hafi tekið jóðsótt og fæðzt lítil mús.

Dómur Landsdóms er ekki í neinu samræmi við það sem lagt var upp með þegar meirihluti Alþingis ákvað að ákæra Geir, einn fyrrverandi ráðherra, fyrir lögbrot í aðdraganda bankahrunsins. Af sex upphaflegum ákæruliðum hefur tveimur verið vísað frá dómi og Geir var í gær sýknaður af þremur til viðbótar. Hann er sakfelldur fyrir einn lið; að hafa látið undir höfuð leggjast að boða til ráðherrafunda um mikilvæg stjórnarmálefni.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Upphafsmenn málarekstursins eru varla ánægðir með þessa niðurstöðu, því að hún þýðir í raun ekki annað en að það verklag sem ótal ríkisstjórnir hafa viðhaft hafi ekki verið í samræmi við stjórnarskrá. Dómur Landsdóms hlýtur þá að vekja spurningar um hvort fleiri venjur í íslenzkri stjórnsýslu standist ekki bókstaf stjórnarskrárinnar.

Umræður um ábyrgð á hruninu hafa snúizt um margt, en alls ekki um það hvort fundir hafi verið boðaðir í samræmi við 17. grein stjórnarskrárinnar. Raunar má fullyrða að 17. greinin hafi svo gott sem ekkert verið til umræðu í tengslum við stjórnmál og stjórnsýslu á Íslandi yfirleitt, þau rúmlega 90 ár sem hún hefur verið í stjórnarskránni.

Geir er þannig sakfelldur fyrir fremur afkáralegt aukaatriði í ákærunni. Þótt meirihluti dómsins sé gagnrýninn á ýmis störf hans í aðdraganda hrunsins og telji hann hafa gert mistök – sem hann hefur sjálfur viðurkennt – kemst hann ekki að þeirri niðurstöðu hvað varðar efnislegt innihald ákærunnar að öðru leyti að Geir hafi brotið lög.

Það var rangt að ákæra Geir H. Haarde fyrir Landsdómi og það er jafnrangt af þeim sem voru ósáttir við þá ákvörðun að hóta núverandi ráðherrum Landsdómi vegna hinna og þessara ákvarðana þeirra. Stjórnmálamenn, bæði þeir sem stóðu að ákærunni á hendur Geir og hinir sem lögðust gegn henni – og þeim fjölgaði eftir því sem leið á málareksturinn – hljóta nú að sjá að Landsdómsleiðin var frá upphafi röng.

Lögin um Landsdóm eru gömul og tryggja sakborningi ekki sama rétt til réttlátrar málsmeðferðar og nýrri lagaákvæði um meðferð sakamála. Pólitískt eðli ákærunnar og dómstólsins dregur að auki úr öllum trúverðugleika málsmeðferðarinnar. Það er þessi óheppilega blanda af lögfræði og pólitík, sem gerir nánast óhjákvæmilegt að sá sem er sakfelldur af Landsdómi deili við dómarana eins og Geir H. Haarde gerði í gær eftir að dómur var kveðinn upp.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra kallar eftir því í Fréttablaðinu í dag að stjórn og stjórnarandstaða setjist niður og geri breytingar á lögunum um Landsdóm. Til þess er full ástæða. Pólitíska ábyrgð eiga menn að axla á hinum pólitíska vettvangi, en um lögbrot ráðherra eiga að gilda sömu almennu reglur og um önnur sakamál. Vonandi var dómsuppsagan í Landsdómi í gær því bæði sú fyrsta og síðasta.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sérkennilegur húmor

Geir H. Haarde var nokkuð niðri fyrir þegar hann tjáði sig um niðurstöðu Landsdóms í gær. Skiljanlega, allt þetta ferli hlýtur að hafa íþyngjandi áhrif á hvern þann sem í því lendir. Geir taldi það ákæruatriði sem Landsdómur sakfelldi hann fyrir vera smáatriði, algjört formsatriði, og raunar sprenghlægilegt. Það hlýtur að teljast nokkuð sérkennileg niðurstaða hjá Geir. Landsdómur er æðsti dómstóll landsins og dómarar við hann voru sammála ákæruvaldinu um að háttalag Geirs sem forsætisráðherra bryti í bága við stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Húmor er fínn í öllum sínum myndum en það hlýtur að teljast sérkennilegur húmor að finnast þetta fyndið.



### Alvarleg ásökun

Öllu alvarlegri var sú ásökun Geirs að dómarar við Landsdóm hefðu látið pólitíkina hlaupa með sig í gönur. Það þýðir, ef satt er, í raun að réttarkerfið hafi brugðist og á Geir hafi verið framið dómsmorð. Það er býsna alvarlegt fyrirbæri og því er óskiljanlegt að Geir skuli vera að velta því fyrir sér að fara með málið fyrir mannréttindadómstól Evrópu. Trúi hann eigin orðum, er það beinlínis skylda hans að gera það.

### Hvað segir dómurinn?

En hvað segir í dómsorði Landsdóms um þetta mál? Þar segir einfaldlega að hefð sem stjórnvöld hafi komið sér upp, óformlegt samráð oddvita stjórnmálaflokkanna, leysi forsætisráðherra ekki undan þeim skyldum sem stjórnarskráin leggur honum á herðar. Og er það ekki nokkuð lógískt að svo sé? Að vinnuregla ríkisstjórnar sé ekki stjórnarskránni æðri?

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Dómstólaleið: Til upprifjunar

Icesave



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Þessa dagana heyrist sagt að annað hvort hafi menn viljað samningaleið eða dómstólaleið í Icesave; verið samningamenn eða dómstólamenn! Og nú hafi þeir sem vildu dómstólaleiðina fengið sínu framgengt!

Þannig var þetta náttúrlega ekki. Icesave-skuldbindingarnar átti að greiða úr þrotabúi Landsbankans eða eftir atvikum úr Tryggingarsjóði innstæðueigenda og fjárfesta. En eins og við vitum varð reyndin sú, að til að skapa traust á eigin fjármálakerfi, greiddu Bretar og Hollendingar upp tap innistæðueigenda innan sinna landamæra. Síðan reyndu bresk og hollensk stjórnvöld að þröngva okkur til samninga um endurgreiðslur með ríflegum vöxtum að viðbættum tilkostnaði þeirra við samningaumleitanir!

Rökrétt svar Íslendinga var eftirfarandi: Ef þið teljið ykkur eiga fjárkröfu á íslenska ríkið í staðinn fyrir viðkomandi banka og Tryggingarsjóð innstæðueigenda, þá eigið þið að leita réttar ykkar fyrir dómstólum. Hvaða dómstólar væru það? Héraðsdómur Reykjavíkur, hvort sem væri gagnvart Landsbankanum sem á heima í Reykjavík eða íslenskum skattborgurum því þar er varnarþing íslenska ríkisins.

En þetta var hægara sagt en gert. Í samningaviðræðum um Icesave vildu Bretar og Hollendingar að þeir hefðu forræði um dómsmálið og gætu ákveðið að fara með það fyrir evrópskan dómstól sem yrði úrskurðaraðili en ekki íslenskir dómstólar. Við sögðum á hinn bóginn að íslenskur dómstóll ætti að dæma en að illmögulegt yrði að meina stefnanda að óska eftir áliti frá EFTA-dómstólnum ef hann krefðist þess. Það yrði þó aldrei meira en álitsgerð.

Þau sem lögðust gegn þvingunarsamningum Breta og Hollendinga litu aldrei á það sem sérstaka óskastöðu fyrir íslenska skattgreiðendur að lenda í deilum fyrir rétti. En þeim sem teldu á sér brotið væri hins vegar í lófa lagið að leita réttar síns fyrir dómstólum í stað þess að beita ofbeldi í krafti valds hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum eða hjá Evrópusambandinu eins og gert var. Ef Bretar og Hollendingar teldu sig eiga fjárkröfur á íslenska ríkið vegna innistæðna í gjaldþrota einkabanka, þá ættu þeir að snúa sér til Héraðsdóms Reykjavíkur. Það væri vissulega dómstólaleið sem þessi ríki gætu farið. Þar með væri þó ekki lögð blessun yfir rangláta kröfugerð þeirra. Hinn eðlilegi farvegur væri þrotabús- og innstæðutryggingarsjóðsleið!

Nú hefur framkvæmdastjórn ESB bætt gráu ofan á svart með aðkomu sinni að málshöfðun gegn Íslandi. Það breytir því ekki að niðurstaðan verður ekki ráðin í Brussel heldur í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hlauptu drengur, hlauptu!



HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir

Mér er minnisstæð þessi bók sem ég las sem unglingur eftir höfundana Nicky Cruz og James Buckingham þar sem fjallað er um sanna sögu af táningsstráknum Nicky á götum New York borgar sem snýr af glæpabraut og villum vegar til betra lífs. Titillinn er stílfærður og vísar í flótta viðkomandi frá átökum, eiturlyfjafíkn og volæði.

Ég hef ekki lesið þessa bók aftur en mér þótti hún átakanleg og ég man að mér leið vel í kjölfar lestrarins þar sem aðalsöguhetjan hafði náð tökum á lífinu. Vafalaust hafa margir lesið bókina og sitt sýnist hverjum, en það má að vissu leyti heimfæra titilinn á henni yfir á baráttuna fyrir betri lífsstíl og bættri heilsu.

Það er nauðsynlegt að nýta hvert tækifæri sem gefst til að minna á mikilvægi hreyfingar og þá staðreynd að það er fátt mikilvægara en að koma fólki á öllum aldri úr sófanum og fá það til að reyna á hjarta, lungu og stoðkerfi. Það skiptir ekki máli hvaða hreyfingu þú velur þér svo lengi sem hún er reglubundin.

En gættu þess að fylgja leiðbeiningum og fara ekki of geyst af stað.

Vísindamenn hafa sýnt fram á lækkun á tíðni hjarta- og æðasjúkdóma, lækkun blóðþrýstings, jákvæð áhrif á andlega heilsu, þ.m.t þunglyndi og kvíða auk minniskerðingar. Þá hefur reglubundin hreyfing dregið úr verkjum og bólgu hjá gigtarsjúklingum, minnkað líkur á sykursýki, dregið úr beinbrotum hjá konum eftir tíðahvörf og svona mætti lengi telja. Það sem er þó sennilega besti mælikvarðinn eru lífsgæðin, en það hefur verið sýnt fram á að þau eru verulega aukin hjá þeim sem stunda reglubundna hreyfingu.

En ef þetta er svona einfalt af hverju gengur okkur þá svona illa að fylgja þessum einföldu leiðbeiningum?

Margir bera fyrir sig tímaskorti, aðrir að þeim passi ekki að fara í ræktina, þá eru alltaf einhverjir sem segjast ekki eiga pening, listinn er endalaus hvað snertir afsakanir fyrir hreyfingarleysi einstaklingsins og satt best að segja eru þær allar lélegar og við vitum betur. Þeir sem koma til læknis eru oftsinnis að leita að skyndilausnum á vanda sínum sem eru auðvitað ekki til þegar rótin er fólgin í lífsstíl viðkomandi. Þess vegna voru t.d. innleiddir hreyfiseðlar á heilsugæslunni til reynsluverkefni, þar sem læknar gátu ávísað hreyfingu sem meðferð í stað lyfja, en slíkt hefur gefist ágætlega.

> Ég tel að rót vandans liggi að vissu leyti í þeirri einstöku hæfni okkar mannfólksins að beita hinni svokölluðu afneitun og plata sjálfan sig upp úr skónum og upp í sófa.

Ég tel að rót vandans liggi að vissu leyti í þeirri einstöku hæfni okkar mannfólksins að beita hinni svokölluðu afneitun og plata sjálfan sig upp úr skónum og upp í sófa. En það koma að sjálfsögðu fleiri þættir til eins og erfðir, reykingar, mataræði, streita og sitthvað fleira sem hefur áhrif á þróun sjúkdóma.

Hvað er þá til ráða og er yfir höfuð hægt að kenna gömlum hundi að sitja?

Áskorunin sem felst í því að bæta lýðheilsu er að ná með góðri fræðslu á mannamáli til einstaklinganna, vinna markvissar með börnin okkar og byggja upp einhvers konar hvatakerfi í tengslum við hreyfingu. Hreyfingarleysi er líklega einn stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri heilbrigðiskerfisins en það er undirrót þeirra lífsstílssjúkdóma sem við þekkjum í dag. Því segi ég; ef þú getur hreyft þig á annað borð þá hefur þú enga afsökun!

Með vísan í titilinn að ofan eru skilaboðin einföld; hreyfðu þig, hreyfðu þig, hreyfðu þig!

## AF NETINU

### Siðrof samfélagsins

Forsætisráðherra í lýðræðisríki, sem segir frá því kæruleysislega og eins og ekkert sé sjálfsagðara, að hafa vísvitandi ætlað að brjóta stjórnarskrána, og hafa staðið við það að eigin mati, er auðvitað staddur á einhverju stórfurðulegu pólitísku tilverustigi. En samfélag þar sem þvílík og önnur eins yfirlýsing vekur litla sem enga athygli; hvar er það statt? Samfélag þar sem umræðan snýst um allt aðra og smásmyglislegri hluti, er líka á einhverri óskiljanlegri vegferð.

http://ekg.blog.is

**Einar K. Guðfinnsson**

### Rétt ákvörðun Alþingis

Dómur Landsdóms yfir Geir H. Haarde í dag undirstrikar að það var full ástæða til þess af hálfu Alþingis að höfða mál á hendur hinum. Alþingi byggði þá ákvörðun sína á niðurstöðu Rannsóknarskýrslu Alþingis (bls. 46) og síðar sérstakrar þingmannanefndar undir forystu Atla Gíslasonar sem lagði til ákærurnar.

http://blogg.smugan.is

**Björn Valur Gíslason**

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00





**VILT ÞÚ KOMA Í HÓP ÁNÆGÐRA NEMENDA?**

*Tjarnarskóli er fyrir nemendur í 7.-10. bekk grunnskóla. Hjá okkur er lögð áhersla á að rækta það besta í hverjum nemanda og keppt að því að hver og einn nái hámarksárangri miðað við getu.*

*Nemendurnir fá góða aðstoð við heimanámið auk góðrar þjálfunar í sjálfstæðum vinnubrögðum. Upplýsingar um námsframvindu og aðra þætti skólastarfsins eru sendar reglulega til foreldra og nemenda.*

*VIÐ LEGGJUM ÁHERSLU Á AÐ ÖLLUM LÍÐI VEL Í TJARNARSKÓLA.*

*Hafðu samband í síma **551 68 20 / 562 40 20** eða **tjarnarskoli@tjarnarskoli.is** til þess að fá nánari upplýsingar og panta heimsóknartíma hjá okkur.*
***Við tökum vel á móti þér.***

TJARNAR SKÓLI
EINKASKÓLI VIÐ TJÖRNINA

*Tjarnarskóli - lítill skóli með stórt hjarta!* *Tjarnarskóli - Lækjargötu 14B - www.tjarnarskoli.is*

# Ekki drekkja þeim í andlausri setninga iðu

Menntamál



**Ísak Rúnarsson**
framhaldsskólanemi



**Rúnar Helgi Vignisson**
rithöfundur og lektor í ritlist við HÍ

Það er kvartað undan því víða í samfélaginu að fólk búi ekki yfir nægri færni í meðferð íslensks máls. Háskólakennarar fórna gjarnan höndum og sumir tala um að allir háskólanemar þurfi á ritunarkennslu að halda. Einnig þykir mörgum sem talsvert sé um ambögur í netmiðlum og þá ekki síður í ljósvakamiðlum. Sumum þykir jafnvel sem kennararnir sjálfir séu ekki nógu vel að sér og í skýrslu um íslenskukennslu í átta framhaldsskólum, sem menntamálaráðuneytið lét gera og birt var í fyrra, er vitnað í forráðamann sem hefur þetta eftir einum kennaranum: „Mér hlakkar svo til að kenna börnum ykkar íslensku í vetur.“

Það er óþarfi að fordæma skóginn þótt finnist nokkur fölnuð laufblöð, en í rauninni er ekkert skrýtið að fólki skuli vera mislagðar hendur að þessu leyti vegna þess að þjálfunin sem það fær í grunn- og framhaldsskólum er í mýflugumynd. Og það er ekki langt síðan ritlist varð að fullgildri námsgrein á háskólastigi. Líklega væri ungt fólk mun verr skrifandi ef það nýtti sér ekki samskiptamiðla óspart.

Nú eru auðvitað margir frábærir íslenskukennarar starfandi í landinu en eigi að síður gæti dæmigerð íslenskukennsla á grunn- og framhaldsskólastigi farið nokkurn veginn svona fram:

Áhugalitlir nemendur ganga inn í kennslustofuna. Kennari tilkynnir hvort farið verði í málfræði eða bókmenntasögu. Stunur og nöldur frá nemendum. Kennari skellir upp glærukynningu og les upp af henni eða lætur krakkana skrifa allt heila klabbið niður. Nemendur skilja ekki til hvers né af hverju. Kennari talar í hálftíma. Nemendur tala sín á milli á meðan. Kennari kynnir heimaverkefni sem hægt er að vinna í tímanum ef nemendur eru duglegir. Nemendur biðja um að fá að fara. Endurtekið í hálfan áratug svo úr verður vítahringur leiða og firringar.

> Háskólakennarar fórna gjarnan höndum og sumir tala um að allir háskólanemar þurfi á ritunarkennslu að halda.

Hvað þætti fólki um tónlistarnám sem færi þannig fram að nemandinn sæti löngum stundum yfir tónfræði og tónlistarsögu, fengi jú að hlusta á tónlist en sjaldan að taka í hljóðfæri? Og þá sjaldan honum byðist að taka í hljóðfæri fengi hann litla tilsögn, honum yrði ekki gert kleift að prófa sig áfram en lokaeinkunn fengi hann samt fyrir að semja eða flytja lag. Er líklegt að góðir hljóðfæraleikarar eða frumleg tónskáld kæmu út úr kennslu af þessu tagi?

Í áðurnefndri skýrslu um íslenskukennslu í framhaldsskólum er bent á að efla þurfi sköpunarþáttinn: „Ef dregin eru saman helstu atriði í því sem viðmælendur telja ábótavant í íslenskukennslunni má einkum nefna tvennt, þ.e. ritun og munnlega tjáningu,“ segir í skýrslunni. Rétt eins og tónlistarnemar þurfa íslenskunemar að fá mikla þjálfun í meðferð hljóðfæris síns. Þeir þurfa stöðugt að æfa sig í að beita tungunni á skapandi hátt, bæði í ræðu og riti, enda benda rannsóknir til þess að æfingin skapi meistarann í þessu sem öðru.

Það blasir því við að þjálfa þurfi íslenskukennara í ritlistarkennslu. Í Bandaríkjunum tíðkast sums staðar að menntaskólakennarar sérhæfi sig í slíkri kennslu. Íslenskukennarar þurfa að hafa svigrúm til þess að láta nemendur fara í gegnum allt ritunarferlið, því verk er ekki nema hálfnað þegar uppkast er komið og framfarir verða ekki síst við umritun undir handleiðslu hæfs kennara. Ritlistarkennsla er auk þess gefandi og skemmtileg og býður upp á að virkja nemendur, nokkuð sem áðurnefndir skýrsluhöfundar telja brýnt. Í ritlistaráföngum framleiða nemendur námsefnið að miklu leyti. Ekki þarf að einskorða sig við ritvinnsluforrit við slíka kennslu heldur má nýta ýmsa miðla, bæði mynd- og netmiðla, til að höfða til sem flestra.

Ritun kann enn fremur að vera besta leiðin til að öðlast lesskilning, læra stafsetningu, málfræði og annað sem að tungumálinu lýtur. Þá getur ritlistin einnig nýst ungu fólki til þess að finna ástríðurnar í lífinu því skrif endurspegla innri mann.

# Betri nýting á regnvatni

Regnvatnsstjórnun



**Hrund Andradóttir**
dósent í umhverfis- og byggingaverkfræði við HÍ

Þegar regn fellur til jarðar síast hluti þess niður í jarðveg og hluti rennur sem yfirborðsvatn í lækjum og ám. Ógegndræpir fletir í borgarumhverfinu, eins og þök, götur og gangstéttir, raska örlögum regnvatns með þeim hætti að mun hærra hlutfall rennur sem yfirborðsvatn heldur en síast í jörðina. Hefðbundin regnvatnsstjórnun safnar regnvatni í lagnakerfi. Í eldri hverfum Reykjavíkur er regnvatni blandað saman við skólp og hitaveituvatn, hreinsað og síðan veitt út í sjó. Aukið álag í asahláku og rigningu minnkar hreinsigetu slíkra skólpstöðva og í verstu tilfellum er óhreinsuðu vatni veitt út í sjó. Þessi hefðbundna söfnun og flutningur regnvatns getur haft slæm áhrif á vatnsbúskap, m.a. lækkað grunnvatnsstöðu þannig að lækir, tjarnir og votlendi þorna upp.

**Blágræn regnvatnsstjórnun**

Nú ryður sér til rúms ný stefna, sem miðar að því að skilja ofanvatn frá skólpi, nýta það og hreinsa. Sumar lausnir miða að því að gera borgarumhverfið náttúrulegra með því að auka vægi vatns (blátt), og gróðurþekju (grænt). Urriðaholt í Garðabæ er fyrsta hverfið á Íslandi hannað með þessa nýju blá-grænu hugmyndafræði að leiðarljósi. Einnig kemur til greina að endurnýta vatnið, t.d. til að vökva garða eða til að sturta niður úr klósettum. Með því minnkar álagið á drykkjarvatnsauðlindir. Jafnframt skapast meira öryggi við fjölbreyttara aðgengi að vatni.

**Endurbætur í gömlum hverfum**

Á sama hátt og ný hverfi eru hönnuð eins og Urriðaholt eru miklir möguleikar á endurbótum í eldri hverfum. Þetta á sérstaklega við þar sem regn- og skólp er flutt í sameiginlegum lögnum, eins og í Vesturbænum. Í vor unnu nemendur í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands tillögur að blágrænni regnvatnsmeðhöndlun á háskólalóðinni. Hópurinn vann undir leiðsögn dr. Hrundar Andradóttur dósents og dr. Sveins Þórólfssonar prófessors við NTNU. Þökum eldri bygginga má t.d. umbreyta í græn þök að fyrirmynd torfbæjanna. Regnvatni er hægt að beina í fallega vatnsfarvegi og regngarða. Þaðan má flytja vatnið í tjarnir sem geta nýst til útivistar og skautaiðkunar á vetrum. Að auki mætti veita regnvatni til friðlandsins í Vatnsmýrinni, og auka vatnaskiptin þar. Allar þessar lausnir stuðla að vatnsvernd og náttúrulegri hreinsun á þungmálmum, örverum og lífrænum mengunarvöldum úr ofanvatninu.

**Mikil tækifæri**

Mikil tækifæri geta falist í því að innleiða grænbláar regnvatnslausnir í nýjum og eldri hverfum á Íslandi. Ráðstefna um sjálfbært skipulag, dæmi um háskólavæðið, verður haldin í stofu 132 í Öskju, miðvikudaginn 25. apríl kl. 15-17.

# Forstjóri Húsasmiðjunnar leiðréttur

Viðskipti



**Baldur Björnsson**
framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar

Óhjákvæmilegt er að benda á nokkur undanskot staðreynda í máli Sigurðar Arnar Sigurðssonar, forstjóra Húsasmiðjunnar, í viðtali við Markaðinn 11. apríl síðastliðinn.

Sigurður kannast ekki við að eignarhald Landsbankans og Framtakssjóðs Íslands á Húsasmiðjunni hafi skapað fyrirtækinu betri stöðu en ella. Staðreyndir tala öðru máli. Landsbankinn breytti 11 milljarða króna skuldum í hlutafé. Landsbankinn leysti til sín stórt húsnæði Húsasmiðjunnar og veitti fyrirtækinu síðan 2,5 milljarða króna kúlulán til 5 ára með afar lágum endurgreiðslum fyrstu 5 árin. Seint verður nokkuð af þessu talið eðlileg fyrirgreiðsla til fyrirtækis í bullandi taprekstri eftir milljarða afskriftir. Ljóst er að Húsasmiðjan naut þess að eiga ríka pabbann Landsbankann. Aftur á móti höfðu hluthafar Landsbankans og lífeyrisgreiðendur, eigendur Framtakssjóðsins, minna en ekkert upp úr sölu Húsasmiðjunnar þegar loks kom að henni.

Forstjórinn kennir skuldsettum yfirtökum á árunum fyrir hrun um bága skuldastöðu Húsasmiðjunnar. Það er varla nema hálfur sannleikur. Hömlulaus útþensla Húsasmiðjunnar út um allt land með uppkaupum fyrirtækja og stækkun verslana allt fram að bankahruni verður varla tekið út fyrir sviga.

> Það segir líka sína sögu að Húsasmiðjan er búin að taka frá tugi milljóna króna í varúðarskyni til að borga sekt fyrir þessi meintu…

Forstjórinn gumar af því að hafa lækkað kostnað með fækkun starfsmanna og launalækkun þeirra sem eftir sitja. Þessi glansmynd stenst illa nánari skoðun. Samkvæmt nýjustu tiltækum ársskýrslum var starfsmannakostnaður Húsasmiðjunnar tæplega 19% af veltu sem er tugum prósenta hærri en hjá helstu samkeppnisaðilum hennar.

Lýsing forstjórans á ástæðum fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins á samkeppnislagabrotum Húsasmiðjunnar er furðuleg. Hann telur að rannsóknin snúist um framkvæmd verðkannana hjá samkeppnisaðilum. Sú lýsing fer ekki beint heim og saman við þá staðreynd að Samkeppniseftirlitið réðst í umfangsmiklar húsleitir, símahleranir og handtökur 19 manna hjá Byko og Húsasmiðjunni. Málið hlýtur að vera miklu stærra og alvarlegra en vegna „framkvæmdar verðkannana“. Það segir líka sína sögu að Húsasmiðjan er búin að taka frá tugi milljóna króna í varúðarskyni til að borga sekt fyrir þessi meintu samkeppnislagabrot.

Vandséð er hvers vegna forstjóri Húsasmiðjunnar getur ekki komið hreint fram við lesendur. Ég hélt að sá tími væri liðinn að menn mættu í viðtöl við fjölmiðla til þess að pumpa sig og fyrirtæki sín upp og sleppa að ræða það sem gæti minnkað loftið í froðunni. Svona sjálfsupphafning gerir ekki mikið til að stuðla að vitrænni umræðu um byggingavörumarkaðinn.



markhonnun.is

**TILBOÐIN GILDA 24. APRÍL**

# nettó
Kræsingar & kostakjör



FERSK
## ÝSUFLÖK
ROÐ- & BEINLAUS

Ópal Sjávarfang

33% AFSLÁTTUR
VERÐ NÚ
**998**
ÁÐUR 1.489 KR/KG

# FISKUR & FERSKLEIKI Í NETTÓ



**ÝSUBITAR**
-ROÐ-& BEINLAUSIR
-800G

VERÐ NÚ
**791**
ÁÐUR 989 KR/PK

okkar

FRYSTIVARA



**ÞORSKBITAR**
ROÐ- & BEINLAUSIR
800 G

VERÐ NÚ
**798**
ÁÐUR 998 KR/PK

FRYSTIVARA



ÓDÝRT
**SMÁRÆKJA**
500 G

VERÐ NÚ
**478**
ÁÐUR 598 KR/PK

ÓDÝRT
**SALATRÆKJA**
500 G

VERÐ NÚ
**558**
ÁÐUR 698 KR/PK

FRYSTIVARA

**COOP · GÆÐAVARA Á GÓÐU VERÐI · COOP**



**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
GRÓFT EÐA FÍNT 350 G
VERÐ ÁÐUR 299 KR/PK

COOP
**179** KR/PK



**SALAT BATAVIA RAUTT**
-FERSKT I POTTI
**238** KR/STK
-ÁÐUR 298 KR/STK

**SALAT SALANOVA**
-FERSKT I POTTI
**279** KR/STK
-ÁÐUR 349 KR/STK

FERSKT SALAT Í POTTI

# Seðlabankinn þarf að hækka vexti

Fjármál



**Jón Steinsson**
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York

Verðbólga mælist nú 6,4%. Hún hefur hækkað úr tæpum 2% frá því í byrjun árs 2011. Verðbólguvæntingar sem lesa má út úr ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa eru um 5,5% og hafa ekki verið hærri síðan í lok árs 2008. Verðbólguvæntingar heimila og fyrirtækja eru svipaðar. Á sama tíma og verðbólga hefur aukist um 4,5 prósentur hafa vextir Seðlabankans hækkað um aðeins 0,5 prósentu.

Aðhaldsstig peningamálastjórnar Seðlabankans hefur því minnkað verulega. Og nú er svo komið að raunvextir Seðlabankans eru talvert neikvæðir. Ef Seðlabankinn heldur áfram á sömu braut má búast við því að verðbólga haldi áfram að aukast og gengi krónunnar haldi áfram að lækka. Til þess að ná tökum á verðbólgunni þarf Seðlabankinn að hækka vexti verulega. Hæfileg vaxtahækkun til að byrja með væri 2-2,5 prósentur.

### Vextir og verðbólga

Sú skoðun er nokkuð útbreidd á Íslandi að eitthvað sé sérstakt við Ísland sem geri það að verkum að hefðbundin hagfræðilögmál um að hærri vextir dragi úr eftirspurn eigi ekki við. Því er jafnvel haldið fram að hærri vextir ýti undir þenslu og verðbólgu. Þessu til stuðnings er vísað til áranna fyrir hrun þegar vextir voru hækkaðir en þensla jókst.

Þessi röksemdafærsla er eins og að halda því fram að læknar drepi þar sem svo margt fólk deyr þegar það leggst inn á spítala. Á árunum fyrir hrun hafði fullkomlega ábyrgðarlaust fjármálakerfi aðgang að nánast ótakmörkuðu erlendu lánsfé og opinberu eftirliti með starfsemi þeirra var verulega ábótavant. Vaxtahækkanir Seðlabankans á þeim tíma voru eins og mús að reyna að halda aftur af tígrisdýri.

Í dag er staðan allt önnur. Hagkerfið er kirfilega innsiglað af gjaldeyrishöftum og mun strangari reglur og strangara eftirlit er með starfsemi banka. Þessar breytingar draga verulega úr hvata (og getu) banka til þess að lána í alls kyns froðu án tillits til áhættu og væntrar ávöxtunar. Við núverandi aðstæður ættu hærri vextir því að bremsa hagkerfið af með því að draga úr útlánum banka og auka sparnað. Hærri vextir ættu þar að auki að styðja við gengi krónunnar og þannig draga úr verðbólguþrýstingi.

### En hvað með atvinnuleysið?

Nú er atvinnuleysi enn hátt í sögulegu samhengi. Einhver kann því að spyrja, af hverju er verðbólga ef það er engin þensla? Líklegasta skýringin á þessu er að verðbólgan sé, svo að segja, sjálfsprottin. Ef enginn hefur trú á því að Seðlabankinn muni gera neitt í því þótt verðbólga hækki getur verðbólga sprottið af sjálfu sér. Fólk og fyrirtæki sem óttast verðbólgu í framtíðinni hækka verð og krefjast hærri launa í dag. Þannig geta væntingar um verðbólgu í framtíðinni orsakað verðbólgu í dag svo fremi sem Seðlabankinn gerir ekkert í málunum. Slíkt ferli virðist vera að grafa um sig á Íslandi í dag.

Seðlabankinn er reyndar blóraböggull í þessu öllu saman. Hinn raunverulegi vandi er að það er enginn stuðningur í samfélaginu fyrir því að Seðlabankinn haldi verðbólgu í skefjum. Alltaf þegar Seðlabankinn aðhefst eitthvað fær hann yfir sig holskeflu gagnrýni alls staðar að. Stjórnmálamenn í öllum flokkum skammast í honum. Og það gera líka forystumenn í verkalýðshreyfingunni og forystumenn atvinnurekenda.

Öll elítan í landinu er samstiga í því að skammast í Seðlabankanum ef hann vogar sér að reyna að halda aftur af verðbólgu. Það er því ekki nema von að verðbólga sé sjálfsprottin um þessar mundir á Íslandi.

Talsmenn þess að við höldum í krónuna segja að það þurfi „bara“ agaðri hagstjórn í framtíð en í fortíð. Sannleikurinn er sá að það er enginn stuðningur á Íslandi fyrir agaðri hagstjórn þegar kemur að peningamálum. Ef við getum ekki haldið aftur af verðbólgu þegar hagkerfið er verndað á bak við gjaldeyrishöft og atvinnuleysi er 6%, er borin von að við getum rekið okkar eigin gjaldmiðil með góðum árangri í opnu hagkerfi.

> Öll elítan í landinu er samstiga í því að skammast í Seðlabankanum ef hann vogar sér að reyna að halda...

### Hugarfarsbreytingar er þörf

Vitaskuld þarf þetta ekki að vera svona. En til þess að þetta breytist þarf veruleg hugarfarsbreyting að eiga sér stað varðandi peningamálastefnu Seðlabankans. Seðlabankinn getur ekki gegnt hlutverki sínu nema að hann njóti nægilegs stuðnings í samfélaginu til þess að geta ráðist í óvinsælar aðhaldsaðgerðir án þess að það skapi væntingar um að sjálfstæði hans verði ógnað.

Sjálfur hef ég afskaplega litla trú á því að hugarfarsbreyting af þessum toga geti átt sér stað á Íslandi. Ég sé einfaldlega ekki hvaðan þessi hugarfarsbreyting á að koma. Þetta er stærsta ástæðan fyrir því að ég hallast mjög að því að við eigum að losa okkur við krónuna eins fljótt og við getum. Þeir sem vilja halda í krónuna verða að vera í fararbroddi um að breyta hugarfari landsmanna til aðhaldssamrar peningamálastefnu. Annars eru þeir að berjast fyrir því að við höldum í ónýtan gjaldmiðil.

Best væri ef stjórnmálamenn og aðrir framámenn í samfélaginu tækju sig til og gagnrýndu Seðlabankann fyrir að gera ekki meira til þess að halda aftur af verðbólgu og kölluðu eftir auknu aðhaldi og hærri vöxtum. Í Bandaríkjunum er Ben Bernanke seðlabankastjóri kallaður landráðamaður fyrir að slaka á peningamálum þar í landi þótt verðbólga sé hvergi sjáanleg og atvinnuleysi sé um 8,5%. Ég get ekki ímyndað mér hvað sagt væri um hann ef verðbólga í Bandaríkjunum ykist um 4,5 prósentur og hann hækkaði vexti um einungis 0,5 prósentu. Ég er ekki að mælast til þess að við Íslendingar förum að tala eins og Texasbúar. En það gengur hins vegar ekki að reka gjaldmiðil með því hugarfari sem ríkir á Íslandi til aðhaldsaðgerða í peningamálum.

# Nýr Landspítali á efri lóð eða RISASPITAL á neðri?

Nýr Landspítali



**Páll Torfi Önundarson**
yfirlæknir og prófessor

Helgi Már Halldórsson, arkitekt og forsvarsmaður ósamþykktrar deiliskipulagstillögu SPITAL hópsins fyrir nýjan Landspítala, gerir mig en ekki málefnið að umtalsefni í grein í Fréttablaðinu 21. apríl. Hann virðist telja að grein mín í Fréttablaðinu 19. apríl sl. hafi fjallað um hann sjálfan, samverkamenn sína og hugarfóstur þeirra. Ég verð að hryggja Helga með því að grein mín fjallaði ekki um hann eða deiliskipulagstillögu SPITAL. Þá kemur hvergi fram í grein minni að ég geri „skoðanir SPITAL hópsins í heild tortryggilegar“ eins og Helgi heldur fram. Ég segi ekki einu sinni að hugmynd SPITAL sé vond. Það er hugarburður hans sjálfs.

Grein mín fjallar um það, að Landspítali eigi ANNAN BYGGINGARVALKOST heldur en SPITAL planið, þ.e. á efri hluta Hringbrautarlóðarinnar. Ég og Magnús Skúlason arkitekt höfum ítrekað bent á þessa lausn (sem líkist reyndar gamalli hugmynd White arkitekta). Grein mín var ætluð borgarbúum og kjörnum fulltrúum þeirra til kynningar á hugmynd okkar. Greinin fjallar í raun lítið um fyrirætlanir SPITAL þótt skilja megi að mér finnist hugmynd okkar Magnúsar vera miklu betri. Hins vegar nefni ég í greininni, að ekki sé að búast við því að SPITAL hópurinn sé óhlutdrægur dómari um tillögu okkar Magnúsar. Hvernig mætti það vera?

SPITAL tillagan er risavaxin og dýr. Fjórföldun verður á byggingarmagni á lóðinni og tillagan nýtir illa gömlu húsin á Landspítalalóð nema til fárra ára, en áframhaldandi nýting gömlu húsanna (60 þús. fermetra) var forsenda staðarvalsins. SPITAL byggingarnar tengjast einnig illa öðrum byggingum, m.a. vegna verulegs hæðarmunar því byggt er í brekku. Hún veldur auk þess, að áliti okkar Magnúsar og fleiri, verulegum ásýndarskaða á borginni vegna byggingarmagnsins og staðsetningar á lóðinni. Tillaga okkar Magnúsar með tvöföldun núverandi byggingarmagns gæti verið hóflegri lausn. Við teljum hana vera hentugri og með betri innanhústengingar á öllum hæðum – og í miklu betri sátt við borgina. Á Landspítala hefur tillagan ekki verið rædd okkur vitanlega – og hafi hún verið rædd þá hefur ekki verið leitað skýringa höfunda hennar. Samt er hugmyndin algerlega í samræmi við forsögn skipulagsráðs Reykjavíkurborgar í auglýsingu enda hefur hún verið kynnt þar að ósk ráðsins sjálfs og bókuð þar sem formleg athugasemd við SPITAL hugmyndina. Okkur Magnúsi hafa aldrei verið kynnt nein málefnaleg rök gegn tillögunni þrátt fyrir eftirgrennslan.

Grein mín gefur Helga Má ekkert tilefni til bræði eða ásakana um „dylgjur“ í sinn garð. Hann fellur í þann forarpytt, sem Kínverjar hið forna vöruðu við, sem er að „skrifa bréf reiður“. Og hverju reiddist þá Helgi Már? Ég finn aðeins eina setningu í grein minni, sem gæti hafa farið fyrir brjóstið á Helga Má en hún er svona: „Forsvarsmaður SPITAL-hópsins segir hugmyndina (innskot: þ.e hugmynd okkar Magnúsar) „galna“, sem er ekki málefnalegt orðbragð og gæti bent til rökþrots eða hagsmunaáreksturs“. Þar var vitnað beint í hann sjálfan. Það er augljóst, að þegar einhver fullyrðir án röksemda, að hugmynd sé galin, þá búi eitthvað annað að baki. Ég benti aðeins á að andstaða SPITAL hópsins gegn hugmynd okkar Magnúsar „gæti“ stafað af því að þeir hjá SPITAL hafi eðlilega hag af því að vinna að sinni tillögu. Það er líka augljóst, að SPITAL arkitektar eru ekki „óvilhallir aðilar“ í umsögn sinni um tillögu, sem gengur gegn þeirra eigin. Því getur t.d. skipulagsráð ekki leitað málefnalegra ráða hjá SPITAL um hugmynd okkar Magnúsar.

Í grein Helga Más örlar þó á tilraun til rökfærslu, sem ég hef aldrei heyrt fyrr. Í fyrsta lagi að hugmyndin sé slæm af því gömlu byggingarnar stýri nýbyggingunum. Það er ekki endilega slæmt og heitir „kúltúr“ og minjavarsla, sem er eftirsóknarverð kunnátta góðra arkitekta og smiða. Hvernig hús myndu menn byggja í námunda við Eiffel turninn? Í öðru lagi fullyrðir Helgi Már, að ekki sé hægt að byggja á efri lóðinni ef spítalinn eigi að vera starfandi á meðan, sem er beinlínis rangt þótt Helgi Már, sem aldrei hefur starfað á spítala, sjái ekki lausnirnar. Við sem erum sérfræðingar í að starfa við spítala til áratuga og að leita lausna við sjúkdómum erum e.t.v. ekki síðri ráðgjafar heldur en arkitektar verslanamiðstöðva við byggingu sjúkrahúsa.

Að lokum vil ég þó þakka Helga Má fyrir að vekja athygli á hugmynd okkar Magnúsar. Hún er nefnilega ekki svo galin. Skora ég nú á fólk að nota tækifærið til þess að kynna sér hugmyndina og uppdráttinn (sjá http://vefblod.visir.is/index.php?s=5997&p=130700). Vilji borgarfulltrúar eða skipulagsyfirvöld frekari skýringar þá væri sjálfsagt að verða við þeirri ósk. Í leiðinni vek ég þó athygli Helga á því, að hugmynd SPITAL hópsins virðist vera haldin þeim álögum að skapa vaxandi efasemdir um sjálfa sig í hvert sinn, sem hún er kynnt. Þær efasemdir gætu leitt til þess, að stjórnmálamenn vilji ekki byggja, sem væri mikill skaði fyrir spítalann og landsmenn.





Donald Miller er prófessor í skipulagsfræði við University of Washington í Seattle. Hann er einn af stofnendum *International urban planning and environment association*, sem hefur staðið fyrir alþjóðlegum ráðstefnum m.a. í Kína og Ástralíu, og hefur hann verið virkur sem höfundur og ritstjóri á fræðasviði sínu.

## Sjálfbært borgarskipulag

**Prófessor Donald Miller heldur opinn fyrirlestur í boði forseta Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands, Norræna hússins og Skipulagsfræðingafélags Íslands.**

Donald Miller hefur um langt skeið rannsakað hvernig nýta má borgarskipulag til að auka lífsgæði og stuðla að sjálfbærni þéttbýlissvæða. Hann hefur einnig skoðað hvernig leggja má mat á réttlæti í tengslum við umhverfismál sem og þróun mælikvarða á sjálfbærni og hvernig nýta má þá við skipulag þéttbýlissvæða.

Í erindinu mun Donald Miller m.a. fjalla um notkun mælikvarða á sjálfbærni í verkefninu *Sjálfbær Seattle* og stefnu hins opinbera í Washingtonfylki um sjálfbæra þróun, einkum í tengslum við vöxt þéttbýlissvæða.

**Fyrirlesturinn, sem fluttur verður á ensku, verður haldinn í Norræna húsinu föstudaginn 27. apríl kl. 12:00 og eru allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.**

AF NETINU

### Sykurinn drepur okkur

Líkamleg hnignun þjóða er þegar hafin í Bandaríkjunum og Íslendingar koma næst á eftir. Sykursýki mun tuttugufaldast á næstu áratugum. Þróunina má sjá í hratt aukinni offitu. Orsökina er svo að finna í röngum lífsstíl. Annars vegar í hreyfingarleysi og hins vegar í röngu mataræði. Mesti bölvaldurinn er sykurinn. Hann er alls staðar, einkum þó í sykruðum drykkjum, sælgæti og skyndibita. Í stað hófáts kemur ofát og sífát, sem magnast upp í óseðjandi fíkn. Vilhjálmur Ari Arason læknir segir í grein á Eyjunni í dag, að þetta sé faraldur sykurfíknar. Börn og unglingar séu snemma komin með sykuróþol.

http://www.jonas.is/

**Jónas Kristjánsson**

# VORTILBOÐ

**25-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum raf-magnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm**



**12 mánaða vaxtalaus**
**VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

**FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!***
*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## RAFMAGNAÐIR DAGAR
## 25% AFSLÁTTUR
**AF ÖLLUM RAFSTILLANLEGUM RÚMUM**

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**WAYNE ROONEY,** leikmaður Manchester United, er 27 ára í dag.

*„Eitt sinn Everton-maður, ávallt Everton-maður.“*

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR HERMANNSSON**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

lést á heimili sínu hinn 21. apríl.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Jón Þ. Guðmundsson**
**Dóra Guðmundsdóttir**

---



†

Elsku eiginmaður minn, faðir og afi,

**ÁSGEIR ÞÓR DAVÍÐSSON**

lést 20. apríl. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju 27. apríl kl. 13.00.

**Jaroslava Davíðsson**
**Alexandra Katrín Ásgeirsdóttir**
**Helgi Bersi Ásgeirsson**
**Anna Sigrún Ásgeirsdóttir**
**Jón Kristinn Ásgeirsson**
**Jakobína Áslaug Ásgeirsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**VALGERÐAR THEODÓRSDÓTTUR**
**Einarsnesi 78, Reykjavík.**

**Kristján Jóhann Jónsson**
**Þóra Vignisdóttir** — **Ragnar Þorsteinsson**
**Heiða Theodóra Kristjánsdóttir** — **Ásgeir Sigtryggsson**
**Ingibjörg Rannveig Kristjánsdóttir** — **Júlíus Ármann Júlíusson**
**Theodór Kristjánsson** — **Jarþrúður Þórarinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**SIGURGEIRS SIGURPÁLSSONAR**
**framkvæmdastjóra,**
**Mýrarvegi 111, Akureyri.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarhlíðar og Musterisriddara í Öskju.

**Eva Aðalsteinsdóttir**
**Aðalsteinn Sigurgeirsson** — **Anna Gréta Halldórsdóttir**
**Páll Sigurgeirsson** — **Aðalbjörg María Ólafsdóttir**
**Hanna Indíana Sigurgeirsdóttir** — **Ragnar Daníelsson**
**Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Halla Sólveig Sigurgeirsdóttir** — **Valur Knútsson**
**Sigurgeir Heiðar Sigurgeirsson** — **Ásgerður Hrönn Hafstein**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ÞÓRUNN MATTHÍASDÓTTIR**
**Lækjasmára 4, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum Fossvogi, föstudaginn 20. apríl sl. Jarðarför verður auglýst síðar.

**Bernótus Kristjánsson**
**Ingunn Bernótusdóttir** — **Guðmundur Viðarsson**
**Kristján Þór Bernótusson** — **Svava María Martinsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma, og langalangamma,

**ÓLAFÍA KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Stína frá Firði,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, miðvikudaginn 18. apríl.
Útför fer fram frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 27. apríl kl. 14.00.

**Jens V. Óskarsson** — **Bára Ágústsdóttir**
**Einar Óskarsson** — **Ása Sigurlaug Halldórsdóttir**
**Þorsteinn Óskarsson** — **Hrönn Ágústsdóttir**
**Þórður J. Óskarsson** — **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Bergljót Ó. Óskarsdóttir** — **Sveinn Arason**
**Brynjólfur Óskarsson** — **Lýdia Fannberg Gunnarsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



**MIKIÐ STENDUR TIL** Geir Jón Þórisson er staddur í Flórída á afmælisdaginn, rétt eins og þegar hann varð fimmtugur fyrir áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## GEIR JÓN ÞÓRISSON: ER SEXTUGUR Í DAG

# Verð ekki lögga að eilífu

„Það stendur heldur betur mikið til því á afmælisdaginn ætla ég að vera í Bandaríkjunum að heimsækja dóttur mína og tengdason. Tengdasonur minn stundar nám í háskólabænum Gainesville og við ætlum út að borða á frábæran brasilískan veitingastað, Texas De Brazil á International Drive í Orlando, sem er skammt frá. Þegar ég varð fimmtugur fórum við hjónin til Flórída með alla fjölskylduna og þegar konan mín, Guðrún Ingveldur Traustadóttir, varð fimmtug fyrir átta árum skelltum við okkur í siglingu um Karíbahafið og nú förum við aftur til Bandaríkjanna. Svo gerum við eitthvað skemmtilegt þegar konan mín verður sextug eftir tvö ár,“ segir Geir Jón Þórisson, sem brátt lætur formlega af starfi yfirlögregluþjóns í Reykjavík, en hann fagnar sextugsafmæli sínu í dag. „Það vill svo til að þegar ég varð fimmtugur komu Falun Gong-liðar til Íslands og svo koma þeir aftur núna í kringum sextugsafmælið,“ bætir hann við.

Geir Jón og Guðrún Ingveldur fluttu nýlega til Vestmannaeyja og segir Geir Jón sextugsafmælið leggjast afar vel í sig. „Núna eiga sér stað þriðju stóru kaflaskiptin í lífi mínu. Þau fyrstu voru þegar ég flutti fyrst hingað til Vestmannaeyja árið 1974, svo fór ég héðan 1992 og núna árið 2012 kem ég aftur. Á öllum þessum tímabilum hef ég verið að koma mér upp nýju heimili og byrja upp á nýtt. Það er spennandi að lifa svona kaflaskiptu lífi og gefur þessu öllu saman gildi,“ segir Geir Jón, sem festi nýlega kaup á eldra húsi í Eyjum og vinnur nú að því að koma sér fyrir, meðal annars með því að laga þakið, byggja bílskúr og hanna nokkur gestaherbergi. „Það verður að vera pláss fyrir vini og vandamenn sem vilja koma í dýrðina,“ segir Geir Jón og skellir upp úr.

Hann hættir formlega sem yfirlögregluþjónn í júní næstkomandi en vinnur nú að skýrslu um Búsáhaldabyltinguna fyrir lögregluembættið í Reykjavík og segir gott að starfa við slíkt í kyrrðinni og rónni í Eyjum. Geir Jón gerir ekki ráð fyrir að mæta á næstu Þjóðhátíð í Eyjum. „Ég kláraði eiginlega Þjóðhátíð með því að vinna við hana átján sinnum. Auk þess fer ég alltaf á fjölskylduhátíð kristinna manna í Fljótshlíð um verslunarmannahelgina,“ segir hann. Spurður hvort misindismenn geti þá varpað öndinni léttar segir Geir Jón: „Þótt ég væri á svæðinu myndi ég ekki gera neitt heldur vera bara venjulegur borgari. Ég ætla ekki að vera lögga eftir að ég er hættur að vera lögga. Það getur verið að einhverjir ætlist til þess að ég verði lögga til lífstíðar en ég hef ekki slíkt í hyggju. Ungt og gott fólk hefur tekið við svo þetta er allt í himnalagi.“

**kjartan@frettabladid.is**

---



†

Hjartkær bróðir okkar,

**BALDUR G. SVEINBJÖRNSSON**
**Túngötu 11, Seyðisfirði,**

lést á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar 6. apríl sl.
Útför hans var gerð frá Seyðisfjarðarkirkju 16. apríl í kyrrþey að ósk hins látna.

**Systkini Baldurs og aðrir aðstandendur.**

---



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ELÍN ELÍSABET GUÐMUNDSDÓTTIR**
**húsfreyja frá Öfeigsfirði,**

lést að Hrafnistu í Reykjavík, laugardaginn 21. apríl.

**Börn, tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**VALDÍSAR MAGNÚSDÓTTUR**
**frá Hellissandi.**

Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks Landspítalans við Hringbraut fyrir frábæra umönnun.

**Sigurður Kristjónsson**
**Kristín Magnea Sigurðardóttir** — **Svanbjörn Stefánsson**
**Sigurður Valdimar Sigurðsson** — **Kristín Björk Marísdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUNNAR GUÐMUNDSSON**
**múrari,**
**Stóragerði 28,**

lést á Landspítala Hringbraut föstudaginn 20. apríl. Jarðsungið verður frá Grensáskirkju föstudaginn 27. apríl kl. 13.00.

**Ingibjörg Pétursdóttir**
**Guðbjörg Gunnarsdóttir** — **Pétur Ingi Guðmundsson**
**Kristín Sigríður Gunnarsdóttir** — **Sigþór Þórarinsson**
**Ástrós Gunnarsdóttir** — **Þorfinnur Ómarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**MATTHÍASAR GUÐMUNDSSONAR.**

**Ingunn Egilsdóttir**
**Sigríður Matthíasdóttir** — **Guðmundur Kristinsson**
**Helga Matthíasdóttir** — **Valmundur Gíslason**
**Erna Matthíasdóttir** — **Víðir Bergmann Birgisson**
**Egill Matthíasson** — **Linda Lek Thieojanthuk**
**barnabörn og langafabörn.**

---



†

Okkar ástkæri

**SAMÚEL S. JÓNASSON**

lést þann 10. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Starfsfólki Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar er sérstaklega þakkað fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Guðrún Ólafsdóttir** — **Gunnar Oddsson**
**Viktor Daði Bóasson** — **Guðrún Ingibjörg Þorsteinsdóttir**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**JÓGAVIÐBURÐUR Í LJÓSHEIMUM**
**Hamingjan í núinu er viðburður sem verður í jógasal Ljósheima á fimmtudagskvöld kl. 20. Öflug kundalini-jógakriya, hugleiðsla og djúp gongheilun. Losað er um og leystar upp gamlar minningar og mynstur úr fortíð svo hægt sé að lifa í hamingju núsins. Sólbjört Guðmundsdóttir og Unnur Einarsdóttir kenna.**


Eirberg
Verð: 9.750 kr.
H2O heilsukoddinn Mediflow
• Minnkar verki í hálsi og eykur svefngæði • Fylltur með vatni eftir þörfum hvers og eins
Opið kl. 9 - 18 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is



STÓRGÓÐUR - nýkominn nýr litur
Teg CAITLYN - heldur rosalega vel við og fæst í vænum skálastærðum DD,E,F,FF,G,GG,H,HH,J,JJ á kr. 8.950,-
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



praxis ...þegar þú vilt þægindi
Boston leður svart, hvítt st. 35-48 rautt st. 36-42 blátt st. 36-47 Verð: 11.900 kr.
Roma Rúskinn lj.blátt d.blátt 36-42 Verð: 6.990 kr.
Monako leður svart, hvítt rúskinn og microfib. st. 36-46 Verð: 7.990 kr.
Paris leður svart, hvítt, blátt m/microfib og rúskinnssóla st. 36-42 Verð: 10.900 kr.
Verona svart, hvítt st. 36-41 Verð: 8.600 kr.
Bari leður rautt, sand, blátt st. 36-42 Verð: 7.990 kr.
Boníto ehf. • Praxis
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 • www.friendtex.is • soo.dk
Opið mán. – fös. kl. 11–17. Lokað á laugardögum



Barnaheill Save the Children á Íslandi
vissir þú að... foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna




**ÚTIVISTARÁHUGI** Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá Sjónlagi Augnlæknastöð, gengur reglulega á fjöll með Félagi íslenskra fjallalækna. Hann verður var við aukna eftirspurn eftir sjónlagsaðgerðum frá útivistarfólki. MYND/ÚR EINKASAFNI

# FRELSI TIL FERÐALAGA

**SJÓNLAG AUGNLÆKNASTÖÐ KYNNIR** *Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og fjallgöngugarpur, segir útivistarfólk sækja í sjónlagsaðgerðir.*

Ólafur Már Björnsson, augnlæknir og áhugaljósmyndari, talaði fyrir fullu Háskólabíói um fjallgöngur ásamt Tómasi Guðbjartssyni, prófessor, á dögunum en þeir eru báðir meðlimir í Félagi íslenskra fjallalækna, FÍFL. Tilefnið var heimsókn Renötu Chlumska til landsins í boði félagsins og 66°Norður, en Renata var fyrst sænskra kvenna til að ganga á Mount Everest. Markmiði FÍFL er að stuðla að útivist og hreyfingu fólks í góðum félagsskap.

„Í félaginu viljum við ýta undir áhuga fólks á að stunda útivist og þetta fyrirlestrakvöld var liður í því. Það tókst mjög vel en við fylltum Háskólabíó af áhugafólki um fjallgöngur," segir Ólafur. Hann segir áhuga almennt vera að aukast í þjóðfélaginu á allri útivist og íþróttaiðkun. Þá verði hann var við aukna eftirspurn eftir sjónlagsaðgerðum frá fólki sem stundar fjallamennsku. Fólk vilji frelsi til að stunda íþróttir og til að geta notið umhverfisins.

„Fólk lendir oft í vandræðum með gleraugu og linsur í fjallgöngum og annarri útivist þar sem allra veðra er von. Það sækist eftir því frelsi sem fylgir því að fara í sjónlagsaðgerð og losna þar með við þessa aukahluti. Fólk sem stundar t.d. maraþonhlaup, golf eða skíði hefur mikið sótt í svona aðgerðir," segir Ólafur en með aðgerðinni má laga nærsýni og fjarsýni og einnig sjónskekkju.

„Tæknin hefur verið til staðar í yfir tuttugu ár og hefur fyrir löngu sannað sig. Hún veitir góðan og stöðugan árangur til frambúðar. Aðgerðirnar eru gerðar þegar sjónlagið er orðið stöðugt sem er yfirleitt um og upp úr tvítugu. Notuð er leisertækni til að forma hornhimnuna, sem er fremsta lagið á auganu en með því að breyta lögun hennar og ljósbroti er allri þörf fyrir gleraugu eða linsur eytt. Eftir aðgerð er fólk nokkuð fljótt að jafna sig og ætti að geta farið í fjallgöngu nokkrum dögum eftir aðgerðina án vandræða."

Sjónlagsaðgerð gagnast þó ekki öllum og er því nauðsynlegt að gerð sé forskoðun hjá augnlækni. Milli 20 og 30 prósent þeirra sem leita eftir sjónlagsaðgerð eru ekki kandídatar í aðgerð. „Forskoðunin veitir hins vegar miklar upplýsingar frá fyrstu hendi um hvað sé hægt og hvað ekki og farið er ítarlega yfir hverjir eru kostir og gallar við að fara í sjónlagsaðgerð," útskýrir Ólafur.



Ólafur Már Björnsson, augnlæknir hjá Sjónlagi Augnlæknastöð. MYND/STEFÁN


Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 5000 notendur á Íslandi síðan 1999
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
• Auðveld í uppsetningu.
• Engar skrúfur eða boltar.
• Tjakkast milli lofts og gólfs.
• Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.
• Margir aukahlutir í boði.
• Falleg og nútímanleg hönnun.
• Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
• Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.
Vilji vilji.is ...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

# HLUSTAR Á LÍKAMANN

**HEILSUHÓTEL KYNNIR** *Hljóðfæraleikarinn og fararstjórinn Monika Abendroth fór með hörpu sína, líkama og sál á Heilsuhótelið á vordögum. Hún segist nú harðneita að borða gúmmí af nokkurri sort og hefur gefið uppáhaldsísinn sinn upp á bátinn.*



**HREIN OG TÆR ORKA** Monika Abendroth, hörpuleikari og fararstjóri, kolféll fyrir innrauðum hitaklefa á Heilsuhótelinu og segir hann hafa minnt sig á pínulitla félagsmiðstöð þar sem líkaminn fékk úthreinsun eiturefna í bland við skemmtilegan félagsskap fólks úr öllum heimshornum. MYND/VALLI

Heilsuhótelið er að mínu mati skóli sem allir ættu að sækja sér til heilsubótar," segir Monika Abendroth.

„Líkami okkar er kraftaverk, en allt þar til líffæri okkar byrja að klikka er flestum tamt að hugsa lítið sem ekkert um þá þrotlausu vinnu sem líffærin skila í okkar þágu hvern einasta dag. Í stað þess væri eðlilegra að styðja þau meðvitað í starfinu og lifa lífinu þannig að líffærin haldist heil sem lengst, og þá er gott að fara á Heilsuhótelið til að fá fræðslu til betra lífs."

Monika notaði tækifærið til að efla heilsu sína og sinna sjálfri sér um leið og hún tók að sér hörpuleik í slökunar- og hugleiðslutímum Heilsuhótelsins í nýliðnum mars.

„Ég hef tröllatrú á því að ómengaður líkami geti hjálpað sér sjálfur. Hins vegar hefur hann ekki hugmynd um hvað hann á að gera við öll eiturefnin sem herja á hann í matvælum og umhverfinu, og því setjast þau að í líffærum okkar, vöðvum og vefjum," segir Monika, sem fann rétta staðinn til afeitrunar á Heilsuhótelinu.

„Mér fannst dásamleg upplifun að taka frá tíma fyrir sjálfa mig í vernduðu umhverfi og með fólki á sömu forsendum," segir Monika, endurnærð eftir dvölina sem var kærkomið dekur að hennar sögn.

„Á okkar tímum er mikið álag á fólki. Flestir þurfa að vinna mikið og sinna öllu með hraði hingað og þangað um bæinn. Því er dýrmætt að geta stimplað sig út og dekrað við sjálfan sig með hvíld, heilnæmu fæði, fræðslu, hreyfingu, útivist og skemmtun," segir Monika sem með líðandi tónum hörpunnar kenndi fólki að slaka enn betur á en ella.

„Öllum er nauðsynlegt að hvílast vel eftir daglega streitu og endalausar kröfur. Síðast en ekki síst hafa fjölmargar áhyggjur dunið á þjóðinni síðustu misseri. Tónlist gefur okkur andlega næringu og fer inn á tilfinningasviðið, en sál og tilfinningar er ekki hægt að aðskilja frá líkamanum. Því þykir mér jákvætt að hugað er að öllum þáttum vellíðunar á Heilsuhótelinu, sem svo eykur enn á ánægjulega og árangursríka dvöl," segir Monika.

Að sögn Moniku er samfélagið á Heilsuhótelinu skemmtilegt og hún líkir innrauðum hitaklefa við pínulitla félagsmiðstöð þar sem gott var að láta sér líða vel með fólki frá öllum heimshornum.

„Ég féll kylliflöt fyrir innrauða klefanum sem er byggður á japanskri tækni. Þar svitnar maður undan innrauðum geislum sem fara djúpt inn í vöðva og vefi líkamans og losa um eiturefni sem koma út með svitanum. Þá hefur verið rannsakað að tveir tíundu hlutar svitans séu útskilnaður þungmálma og eiturefna," upplýsir Monika sem nú er farin að lesa grannt innihaldslýsingar matvæla eftir dvölina á Heilsuhótelinu.

„Ég vil ekki eitra líkamann aftur og neita nú að borða gúmmí í hvaða formi sem er," segir hún hlæjandi og á meðal annars við uppáhaldsísinn sinn.

„Hans mun ég aldrei aftur njóta því við nánari skoðun reyndist ísinn minn uppfullur af gúmmíi og aukaefnum."

Monika er kökumanneskja en á Heilsuhótelinu er sneitt hjá öllum sykri og hvítu hveiti.

„Það tók satt að segja á og ég var slæpt fyrstu vikuna. Síðan fann ég fyrir hreinni orku og hreinni tilfinningu sem gerði mig tvíeflda á eftir."

Hún segir sér hafa komið á óvart hvað Heilsuhótelið er hlýlegt, fallegt og rúmgott, og að starfsfólkið hafi allt lagt sig fram við að gera dvölina sem besta.

„Þá er ég heilluð af þeirri staðreynd að nú sé að finna þorp heilsu, vellíðunar og mennta á stað sem var áður herstöð með neikvæðum tilfinningum stríðsrekstrar."

Og Monika ætlar aftur á Heilsuhótelið.

„Bestu meðmælin eru auðvitað þau að flestir koma aftur og aftur. Mig langar aftur og mun koma að ári liðnu með hörpuna mína til slökunar."


## STREITU OG ÞREYTU GEFIÐ HORNAUGA Á HEILSUHÓTELI

*Heilsuhótel Íslands hefur sl. þrjú ár unnið með fólki sem vill bæta eigin lífsstíl, draga úr streitu og bæta svefn.*



**Streita**

Ástæður streitu geta verið margvíslegar, m.a. áhyggjur af vinnu, fjölskyldu og fjármálum. Dæmi um einkenni sem geta gefið til kynna streitu eru: einbeitingarleysi, tilfinning um að ráða ekki við aðstæður, lítið sjálfstraust, vandræði með svefn eða svefnleysi, hár blóðþrýstingur, höfuðverkur, meltingartruflanir, aukin áfengisneysla og mataræði. Einstaklingur þarf að finna fyrir einu eða fleiri af ofantöldum einkennum til að teljast þjást af streitu. Einföld skýring á streitu er uppsöfnuð þreyta í líkama og sál.

Streita líður oft hjá, svo sem þegar streituvaldandi atburður er ekki lengur til staðar. Gestir á Heilsuhóteli Íslands hafa náð góðum árangri og unnið sig út úr streituvaldandi aðstæðum og áttað sig á að raunverulegra breytinga var þörf. Þetta hafa þeir gert með því að mæta á tveggja vikna námskeið sem nú eru haldin fyrsta föstudag í hverjum mánuði og hafa um 3000 manns nýtt sér þjónustuna með dvöl á hótelinu.

Dvöl á Heilsuhóteli ,sem byggir á hvíld og slökunarmeðferðum svo sem heilsubætandi nuddi, jóga og fleira en umfram allt jákvæðu og skemmtilegu umhverfi, hefur víðtæk áhrif á árangur til enn betri heilsu.

## HEILSUHÓTEL ÍSLANDS – NÆSTU NÁMSKEIÐ

**Heilsunámskeið (detox) tvær vikur**
4.-18. maí (örfá pláss laus)
1.-15. júní (laus pláss)
6. – 20. júlí
3. – 17. ágúst
Munið að panta tímanlega.

**Heilsuhelgi – skóli lífsins**
18.-20. maí.
Tilboðsverð, 2 fyrir 1.
Kr. 45.000 helgin.
Fæði, hreyfing og fræðsla innifalin.
Slökun og skemmtilegur tími.

**Hættum að reykja**
Biðskráning í síma 5128040.

**Sumarið 2012 – opnir dagar**
Frá 22. júní-27. ágúst 2012.
Val um 3, 4, eða 7, 14 daga.
Aðgengi að Heilsulind. Bláa lónið.
Hollt og gott fæði, fræðsla og hreyfing.
Spennandi og uppbyggilegur valkostur fyrir alla.
Kynnist þessu einstaka hóteli.



Nánari upplýsingar
www.heilsuhótel.is
heilsa@heilsuhotel.is
Sími 512 8040

# GRÆNIR BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR **24. APRÍL 2012**

**Kynningarblað** Græn bílalán, græni bíll ársins og kolefnisjöfnun bifreiða.



# Úrval grænna bíla fjölbreytt

**Sigurbjörn Hjaltason, ráðgjafi hjá Ergo, segir töluverðan ávinning felast í því að aka á grænum bíl. Ergo, fjármögnunarþjónusta Íslandsbanka, sérhæfir sig í fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga og fjármögnun atvinnutækja og atvinnuhúsnæðis fyrir rekstraraðila. Ergo býður einnig upp á Factoring þjónustu.**

Eitt af markmiðum okkar er að styðja við umhverfisvænni bíla á Íslandi og bjóðum við því upp á sérkjör á lánum vegna þeirra. „Á síðustu árum hefur úrval af grænum og umhverfisvænum bílum aukist umtalsvert á Íslandi og staðreyndin er sú að í dag eru til yfir fimmtíu nýjar umhverfisvænar bílategundir,“ segir Sigurbjörn Hjaltason, ráðgjafi hjá Ergo.

„Þeir sem vilja kynna sér nánar það fjölbreytta úrval sem til er af umhverfisvænum bílum geta farið á vefsíðu okkar ergo.is en þar er að finna heildaryfirlit eyðslugrennstu, umhverfisvænstu og hagkvæmustu kosta í bílakaupum í dag. Allar bílategundirnar í útblástursflokki A, B og C losa 120 grömm af $CO_2$ eða minna og því standa græn lán til boða við kaup á þeim.“

## Töluverður ávinningur fólginn í að aka á grænum bílum

Sigurbjörn segir það geta munað töluvert um að fjárfesta í grænum bílum. Eins og taflan sýnir er hægt að spara um 250 þúsund krónur árlega og um leið er stuðlað að betra umhverfi með minni mengun. Að auki fá bíleigendur frítt í stæði í Reykjavík og bera þessir bílar einnig lægri vörugjöld en eyðslufrekari bílar og eru því ein hagkvæmustu kaupin í dag.

## Sérkjör á „grænum lánum“ á umhverfisvænum bílum hjá Ergo

Á síðustu árum hefur eldsneytiskostnaður í heiminum hækkað og bílaframleiðendur því farnir að framleiða bíla í mun meiri mæli sem eyða minna eldsneyti og menga minna. Frá stofnun hefur Ergo boðið sérkjör á bílalánum til kaupa á sparneytnum bifreiðum með því að fella niður lántökukostnað á öllum bifreiðum, nýjum sem gömlum, sem losa 0-120 g af $CO_2$ á hvern ekinn kílómetra.

| | Árgerð 2005[2] sjálfskiptur · bensín | | Árgerð 2012[2] beinskiptur · dísil | | Sparnaður á ári |
|---|---|---|---|---|---|
| Eyðsla[1] | 9,2 l<br>447.120 kr. | – | 4,5 l<br>228.600 kr. | = | 218.520 kr. |
| Bifreiðagjöld | 34.240 kr. | – | 9.760 kr. | = | 24.480 kr. |
| $CO_2$ útblástur | 221 g/km<br>4.420 kg | – | 119 g/km<br>2.380 kg | = | 2.040 kg |

[1]Blönduð eyðsla á hverja 100 km.
[2]Rekstur í eitt ár á meðalstórum fólksbíl m.v. að bensínverð sé 243 kr., dísilverð 254 kr. og akstur á ári 20.000 km.



Sigurbjörn Hjaltason, ráðgjafi hjá Ergo, segir úrval umhverfisvænna bíla meira en marga grunar.

## Reiknaðu þinn ávinning

„Á vef ergo, www.ergo.is er að finna mjög góðar reiknivélar þar sem hægt er að reikna bílalán út frá eigin forsendum. Einnig er hægt að sjá ýmislegt annað í þessum reiknivélum svo sem samanburð á eyðslu, útblæstri og fleira forvitnilegt, milli bíltegunda,“ segir Sigurbjörn.

„Þeim sem hafa áhuga á að fá nánari upplýsingar er velkomið að hafa samband við hvaða ráðgjafa sem er á einstaklingssviðinu eða fara beint á vef okkar ergo.is. Hægt er að hringja í okkur í síma 440 4400, senda tölvupóst á ergo@ergo.is eða koma í heimsókn á Suðurlandsbraut 14 í Reykjavík. Einnig má nálgast okkar þjónustu í öllum útibúum Íslandsbanka,“ segir Sigurbjörn.



www.volkswagen.is




| Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km* | Metan 8.442 kr.<br>Dísil 13.816 kr.<br>Bensín 18.648 kr. |
|---|---|

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin nýtir metangas og þú getur sparað allt að 50% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn $CO_2$ umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

**Passat kostar aðeins frá**
**3.990.000 kr.**

Félag íslenskra bílablaðamanna valdi Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi 2012

Das Auto.

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

* Miðast við almennt verð á eldsneyti hjá Olís 30. mars 2012

HEKLA
**Reynslan er góð!**
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



GT Group ehf. á Selfossi hefur undirritað samning við Foton Motors í Kína um sölu á rafbílum til Íslands.

## FLYTJA KÍNVERSKA RAFBÍLA TIL LANDSINS

GT Group ehf. á Selfossi hefur undirritað samning við Foton Motors í Kína um sölu á rafbílum til Íslands og hugsanlega til ríkja innan Evrópusambandsins.

Að sögn Benedikts G. Guðmundssonar, framkvæmdastjóra GT Group ehf., stendur til að flytja inn fjölskyldubíla og minni sendibíla.

Fyrir rekur GT Group ehf. fjölda hópferðabíla og bílasmiðju og er umboðsaðili fyrir Yutong fólksflutningabíla sem er einn stærsti framleiðandi fólksflutningabíla á heimsvísu.

Foton Motors er umsvifamikill bílaframleiðandi með höfuðstöðvar í Peking. Fyrirtækið framleiðir árlega milli sjö til átta þúsund bíla.

Frá þessu er greint í Sunnlenska fréttablaðinu og á vef fib.is.



## HVAÐ ÞARF MÖRG TRÉ TIL AÐ KOLEFNISJAFNA BIFREIÐ SEM GENGUR FYRIR JARÐEFNAELDSNEYTI?

Bílar losa frá sér mismikið koltvíoxíð við brennslu jarðefnaeldsneytis. Það er svo verkefni gróðurs jarðar að umbreyta því í súrefni með ljóstillífun og viðhalda þannig lífinu á jörðinni.

Kolefnisjöfnun er hugtak sem ruddi sér til rúms hér á landi fyrir nokkrum árum og kepptust ýmis fyrirtæki við að bjóða kolefnisjöfnun bifreiða sem þýddi að við kaup á bifreið myndi ákveðinn fjölda trjáa vera gróðursettur til að vega upp á móti útblæstri hennar.

Á vef orkuseturs; orkusetur.is má finna reiknivél sem reiknar út hversu mörgum trjám þarf að planta til að kolefnisjafna bifreið eftir tegund og stærð.

Til að kolefnisjafna Skoda Octavia, mest selda bíl landsins árið 2011, þarf að planta á bilinu 1300 til 2000 trjám, allt eftir því hvaða vélarstærð eða gerð Octavia er valin.

*Heimild: www.orkusetur.is*

## MERCEDES-BENZ S 250 CDI BLUE-EFFICIENCY VERÐLAUNAÐUR

Mercedes-Benz S 250 CDI Blue-EFFICIENCY var útnefndur Grænn bíll ársins 2012 á alþjóðlegu bílasýningunni í New York á dögunum.

Mercedes-Benz S 250 CDI Blue-EFFICIENCY þótti bera af í flokki á þriðja tug bifreiða hvaðanæva úr heiminum sem kepptu um titilinn.

Þetta er í annað sinn sem bifreið frá Mercedes-Benz hlýtur þennan eftirsótta titil. Þannig bar Mercedes-Benz E 320 BlueTEC sigur úr býtum árið 2007.

Að þessu sinni hreifst dómnefndin meðal annars af lítilli bensíneyðslu og útblæstri vélar í Mercedes-Benz S 250 CDI Blue-EFFICIENCY. Eyðslan er 5,7 lítrar á hverja 100 kílómetra. Útblástur nituroxíðs er 0,149 g/km. Auk þess þykir bifreiðin glæsileg á að líta.






# HÖNNUÐU FULLKOMINN LYFJASKAMMTARA

**NÝSKÖPUN FÉKK FYRSTA SÆTIÐ** *Ungt fyrirtæki þróar sjálfvirkan og læsanlegan lyfjaskammtara. Markmiðið er að setja hann á markað erlendis.*

Sprotafyrirtækið RemindMe bar nýlega sigur í frumkvöðlakeppnina Gulleggið. Á bak við fyrirtækið standa fimm nemendur á lokaári í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands. Hugmynd þeirra gengur út á þróun á sjálfvirkum og læsanlegum lyfjaskammtara sem stuðlar að markvissari og betri lyfjameðferð. Hópinn skipa Hildigunnur Björgúlfsdóttir, Ingunn Ýr Guðbrandsdóttir, Ólafur Helgi Guðmundsson, Sveinn B. Magnússon og Vaka Valsdóttir.

**ALGENGT VANDAMÁL**

Þau segja hugmyndina hafa fæðst í kennslustund í faginu Nýsköpun og gerð viðskiptaáætlana. „Þar áttum við að koma fram með nýsköpunarhugmynd og búa til viðskiptaáætlun. Við vissum að það er algengt vandamál að margt fólk tekur lyfin sín inn á rangan hátt, sérstaklega aldraðir og fólk með skert minni. Þetta vandamál kallast skortur á meðferðarheldni lyfjagjafa og er þekkt um allan heim.“

**BETRI STJÓRNUN Á LYFJAGJÖF**

Lyfjaskammtarinn gagnast helst fólki sem tekur inn mikið af lyfjum á hverjum degi, til dæmis fimm til sjö töflur allt að sjö sinnum á dag. „Slíkt fyrirkomulag getur orðið mjög ruglandi fyrir marga, sérstaklega aldraða sem eiga erfitt með að vita alltaf hvað tímanum líður.“ Að þeirra sögn er þetta vandamál yfirleitt leyst í dag með lyfjaskömmtun í pokum. Þar er lyfjum pakkað vélrænt í poka í apótekum sem sjúklingar taka með heim. Hver poki inniheldur einn skammt og á honum standa ýmsar nauðsynlegar upplýsingar, til dæmis nafn lyfs og hvenær sjúklingur á að taka lyfið. Þau segja slíkt fyrirkomulag gagnast sumum ágætlega en alls ekki öllum. „Lyfjaskammtarinn sem við erum að þróa heldur utan um þessa lyfjapoka. Hann kemur í veg fyrir að fólk taki lyfin inn of snemma með sérstakri læsingu. Þannig koma pokarnir sjálfvirkt út á réttum tíma og tækið lætur vita með ljós- og hljóðmerki þegar skammturinn er tilbúinn. Lyfjaskammtarinn er forritanlegur og því hægt að stýra því hvenær pokarnir koma úr tækinu.“

**STEFNT Á ERLENDAN MARKAÐ**

Lyfjaskammtarinn kemur einnig í veg fyrir að sjúklingur gleymi að taka lyfin sín. Þegar skammtur hefur staðið út úr tækinu í ákveðið langan tíma sendir tækið sms-skeyti á aðstandanda eða umönnunaraðila og lætur vita að lyfin hafi ekki verið tekin inn. Lyfjaskammtarinn verður fyrst settur á markað á Íslandi en síðan er stefnt að sölu og markaðssetningu erlendis. Hópurinn er nokkur bjartsýnn enda segist hann ekki hafa fundið neina sambærilega vöru erlendis. „Auðvitað vitum við aldrei fullkomlega hvað er í sölu erlendis eða hvaða vörur er verið að þróa. Við höfum hins vegar ekki enn rekist á lausn sambærilega okkar.“



**FENGU HUGMYND AÐ LYFJASKAMMTARA** Hópinn skipa Hildigunnur Björgúlfsdóttir, Ingunn Ýr Guðbrandsdóttir, Ólafur Helgi Guðmundsson, Sveinn B. Magnússon og Vaka Valsdóttir. Þau útskrifast öll frá HÍ í vor. MYND/VALGARÐUR GÍSLASON












**HEPPIN AÐ FÁ HANN TIL LANDSINS** Fríða segir Odent mikinn talsmann náttúrulegra fæðinga. Hann vill að lífeðlisfræðilegt ferli fæðingar sé sem minnst truflað. MYND/STEFÁN

# UMSETINN FYRIRLESARI TIL LANDSINS

**UPPHAFSMAÐUR VATNSFÆÐINGA** *Franski fæðingarlæknirinn Michael Odent heldur fyrirlestur á Hóteli Reykjavík Natura á laugardag.*

Franski fæðingarlæknirinn Michael Odent er væntanlegur til landsins í vikunni en hann heldur fyrirlestur á Hóteli Reykjavík Natura laugardaginn 28. apríl. Odent er vel þekktur fyrir skrif sín um tímabilið fyrir getnað, meðgöngu, fæðingu og brjóstagjöf og hefur gefið út þrettán bækur um þessi efni. Hann er meðal annars upphafsmaður vatnsfæðinga á Vesturlöndum og mikill talsmaður náttúrulegra fæðinga.

„Þetta er mjög umsetinn fyrirlesari og ég er mjög heppin að fá hann til landsins,“ segir Fríða Nicollas Hauksdóttir, osteopati hjá Heilsumiðstöðinni 9 mánuðum, en Odent er hér fyrir tilstuðlan hennar. „Hann verður 82 ára á þessu ári og líklega stutt í að hann setjist í helgan stein. Þetta er því einstakt tækifæri,“ bætir hún við.

Odent er, að sögn Fríðu, stofnandi Primal Health Research Centre í London. „Meginmarkmið stofnunarinnar er að prófa þá tilgátu að heilsa mannsins mótist á fósturstigi, í fæðingu og fyrsta árið þar á eftir en stofnunin heldur utan um allar rannsóknir á þessu sviði. Á áttunda áratugnum kynnti Odent hugmyndina um notkun vatns sem verkjameðferð í fæðingu og innleiddi í kjölfarið notkun fæðingarlauga á fæðingardeildum. „Hann hefur því haft víðtæk áhrif á ferlinum,“ segir Fríða. Hún segir Odent ávallt byrja fyrirlestra sína á að fjalla um lífeðlisfræði fæðingar, það er að segja þátt hormóna í fæðingu en að hans mati er hið náttúrulega ferli truflað í of miklum mæli.

Fríða hefur mikinn áhuga á kvenheilsu og hefur sérhæft sig í þjónustu við konur fyrir getnað, á meðgöngu og eftir fæðingu. „Osteopatia snýst í grunninn um að greina og meðhöndla stoðkerfisvandamál en flestir osteopatar sérhæfa sig á ákveðnu sviði eins og algengt er um aðrar heilbrigðisstéttir. „Við notum mörg verkfæri eins og nudd, alls konar liðlosanir, tog og teygjur en ég fer líka mikið inn á mataræði og lífsstíl og virkja fólk til að gera mikilvægar breytingar.“

Nánari upplýsingar um fyrirlestur Odent er að finna á 9manudir.is/odent.



**HEFUR HAFT VÍÐTÆK ÁHRIF** Odent kynnti hugmyndina um notkun vatns sem verkjameðferð í fæðingu á áttunda áratugnum og hefur sú aðferð hlotið mikla útbreiðslu síðan.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS






# BÍLAR & FARATÆKI

**Bílabankinn**



FORD Transit rimor. Árgerð 2006, ekinn 66 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 7.690.000. Rnr.163888.Tilboð 6.690.000-skoðar skipti



MAZDA 6 leður lúga . Árgerð 2003, ekinn 141 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.270.000. Rnr.102422.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

**SUZUKI**



Sparneytnir, öruggir og áreiðanleigir fjórgengismótorar frá Suzuki. Eigum flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**




Netbílar, Hlíðasmára 2 Er nú þegar orðin ein vinsælasta bílasalan í bænum. Beinið viðskiptunum til okkar það mun reynast yður happa drjúgt. Símakall til bílasala yðar útvegar yður fullar Upplýsingar. Sími 588-5300.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**Bílalíf**



**FLOTTUR SPORTBÁTUR.**
Til sölu 2007 árg af sportbát með 90.hö Suzuki mótor,siglingatæki,4 til 6 manna,vagn fylgir.Verð 3.900.000.- Rnr.124522. S.562-1717 og 866-9633.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**HEIMSBÍLAR**



TOYOTA Rav4. Árgerð 2007, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Tilboð kr. 2.290.000, BÍLLINN ER Á STAÐNUM. Rnr.332481.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

**bilfang.is S. 567 2000**



**DIESEL**
Audi A4 Avant TDI 06/2011 ek 21 þ.km, sjálfskiptur, Glæsilegur og sportlegur stationbíll sem vert er að skoða ! Verð 5790 þús



**DIESEL**
Kia Sorento EX Luxery 2.2 disel (nytt lag 200 hö) sjálfskiptur, bíllinn er á staðnum ! verð 6990 þús,



Landrover Discovery LR3 SE Bensin (7 manna) 08/2006 ek 120 þ.km Leður lúga, ofl flottur alvöru jeppi ! Verð aðeins 3990 þús

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



VW Passat 1.8 Comfortline Árgerð 2001, ekinn 150þ.km, bsk, 2 eigendur. Vel með farinn bíll. Er á staðnum! Verð 650.000kr. Raðn 100369. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast



HONDA Cr-v . Árgerð 1999, ekinn 185 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur TILBOÐ 450.000.kr- Rnr.154940.



LEXUS GS430. Árg 2007, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. „Einn með öllu" Verð 5.490þ Rnr.122157. ÓSKUM EFTIR DÝRUM BÍLUM Á SÖLUSKRÁ OG Á STAÐINN MIKIL SALA!! www.hofdabilar.is

**Höfðabílar**
**Fosshals 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**Óskum eftir bílum á söluskrá og á staðinn**
**www.hofdabilar.is**




HJÓLHÝSI, A-HÝSI, FELLIHÝSI, PALLHÝSI!!, Okkur vantar ferðavagna á staðinn og á skrá, Við sérhæfum okkur í ferðavögnum, frábær sala síðasta sumar, Frábært 5000m2 plan með góðri nágrannavörslu og flottur 750m2 salur þar sem fellhýsin standa uppsett, Við erum ekki staddir í iðnaðarhverfi, Mikið af vögnum á staðnum, Sendu okkur skráningu og myndir á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.**
**www.100bilar.is**

**bilauppbod.is**

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Vw golf, árg. '99, bsk. 1,6. ek. 175 þ. Ný dekk. Topp bíll. V. 425 þ. S. 868 2352.



Toyota Previa 5/2006 ek. 98þ. Dráttarbeisli, dökkar rúður, álfelgur, sumar og vetrard. Verð 2.9 mkr Uppl. í s. 895 6555 eða á bjornasb@gmail.com



Subaru legacy árg. 2000. Ek. 179 þ. Ssk. Skoðaður 2013. Möguleg skipti á árg. '05-'06. S. 616 2597.



Reno laguna árg.'00, 5gíra, 1,6vél, ek. 159km. 616 2597.



VW Polo '98. ssk, motor 1,3. Ný vetrardekk. Skoðaður. S. 616-2597.






OPEL ASTRA árg. '97 ek. 171þús. 5 dyra sjálfssk. fjarstýrðar samlæsingar. Verð 240þús Uppl. s. 615 1810

VORIÐ ER KOMIÐ OG GRUNDIRNAR GRÓA...

# VORDAGAR BÍLALANDS

Nú eru vordagar hjá Bílalandi og planið fullt af notuðum bílum á tilboðsverði. Verið velkomin til okkar að gera góð kaup.

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**OPEL Corsa OPC**
Árgerð 2009, ekinn 18 þús.
Bensín, 6 gírar
**Verð 2.490 þús. kr. Rnr. 101017**
VORTILBOÐ
**1.980 þús. kr.**

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**KIA Sorento EX-3,5**
Árgerð 2006, ekinn 123 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 2.300 þús. kr. Rnr. 101836**
VORTILBOÐ
**1.750 þús. kr.**

**BÍLALAND**
EIN STÆRSTA BÍLASALA LANDSINS



**RENAULT Megane Sport Tourer**
Árgerð 2008, ekinn aðeins 55 þús.
Bensín, sjálfskiptur
**Verð 1.990 þús. kr. Rnr. 100304**
VORTILBOÐ
**1.490 þús. kr.**

**VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:**
**KLETTHÁLSI 11 og BREIÐHÖFÐA** (Bílakjarninn)

525 8000
www.bilaland.is
**bílaland**

ENNEMM / SÍA / NM52016

## Bílar til sölu



TOYOTA CAMRY ÁRGERÐ 1996. SJÁLFSKIPTUR. NÝ TÍMAREIM O.FL.FL. VERÐ 350 ÞÚSUND. S. 895 8956, ÓLAFUR.




50% ódýrara eldsneyti og 80% lægri bifreiðagjöld með metan breytingu. Engin útborgun. Breytingin greiðist að fullu með sparnaði og þú færð hundruð þúsunda beint í vasann! Reiknaðu út þinn bíl á www.islandus.is. Bjóðum einnig ódýrari nýja og notaða bíla frá helstu bílaframleiðendum. Hundruð ánægðra viðskiptavina. Islandus.is - S.5522000.

**Tilboð óskast**
í chrysler stratus V6. Er með bilaða tölvu en að öðru leyti í góðu lagi. Uppl. í s. 774-0663

## Bílar óskast

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659-9696.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.




Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr

## Pallhýsi



Til sölu nokkrar tegundir pallhýsa. Til sýnis hjá P. Karlsson Ögurhvarfi 2, Kóp, milli kl. 10-18. Nánari uppl. í síma 849 2220.

## Lyftarar

Til sölu Mamitou cd 25p árg '07. Uppl í síma 896 5767

## Til sölu

**Byggingakrani til sölu eða leigu.**

**Til sölu eða leigu er byggingakrani af gerðinni "Ferro" 2001 Kraninn er sjálfreisandi og er uppsettur tilbúinn til niðurtöku og flutnings. kraninn er í góðu lagi og vel með farinn.**

**Upplýsingar gefur Bragi í síma 8982766**

## Fundir / Mannfagnaður

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

### Ársfundur Veiðimálastofnunar 2012

**Verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl 2012 í Bíósal, Hótel Natura (Loftleiðum)**

**Dagskrá:**

13:30 Fundur settur
13:35 Ávarp sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Steingrímur Jóhann Sigfússon
13:50 Yfirlit um starfsemi Veiðimálastofnunar. Sigurður Guðjónsson
14:05 Staða íslenska laxins í alþjóðlegu tilliti. Guðni Guðbergsson
14:25 Skráning veiði á netinu. Ingi Rúnar Jónsson og skýrslur Veiðimálastofnunar á netinu Guðmunda Björg Þórðardóttir
14:45 Erfðafræðileg uppbygging íslenskra laxastofna. Kristinn Ólafsson
15:05 Kaffihlé
15:20 Uppruni laxa í sjó í kringum Ísland. Sigurður Már Einarsson
15:40 Áhrif eldgosa á fisk í ám og vötnum. Rannsóknir í kjölfar gosa í Eyjafjallajökli og Grímsvötnum. Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson
16:00 Fundarslit

*Allt áhugafólk velkomið*

## Reiðhjól




Til sölu Skyjack árg 2000, Lyftuhæð 16m. Vinnupallur 7m Sími 896 5767

## Bílaþjónusta



INNI VINNULYFTUR - PASSA INN UM 90CM HURÐARGÖT OG FARA Í 4,9m VINNUHÆÐ. EINNIG STÆRRI LYFTUR TIL LEIGU Á FRÁBÆRU VERÐI. DS-LAUSNIR EHF 561-8373 www.dslausnir.is

## Hjólbarðar



255/70 R 16 4 stk. undan Pajero. Verð 75 þús. Einnig hedd á 2,5 diesel. Sími 898 6111

## Varahlutir




Varahlutir í MMC Carisma '98, Kia Rio '01, primera '98. Baleno Wagon '97. MMC Space Wagon '97, Kia Sephia '99, Yaris '00, Corolla '94 ,'98, Escord '98. Accent '95 & '97 & '98. Impreza '97 & '99. Legacy '98. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97 og '99 Civic '99. Golf '95, Sunny '94. S. 896 8568.

**Japanskar vélar Bílapartasala**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Á varahluti í Ford-Fiesta-Focus-Ranger Skoda Octavia , Hyundai VW T5. s 8940068

**VW - Skoda - Varahlutir**
Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá '02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is

## Garðyrkja

GARÐLIST
Allt fyrir garðinn á einum stað
Trjáklippingar
Trjáfellingar
Garðsláttur
Beðahreinsun
Stubbatæting
Traust þjónusta í 20 ár
S. 554 1989 • Garðlist.is




**Garðklippingar og garðsláttur**
fyrir húsfélög og einstaklinga. Fáðu verðtilboð. ENGI ehf. Sími 615-1605.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Skattframtöl 2012**
Framtalsþjónusta fyrir einstaklinga og rekstraraðila. Mikil reynsla - hagstætt verð. Uppl. í síma 517-3977 897-1877. www.fob.is.

## Málarar

**Vinnan Göfgar**
**Alhliða Málningarþjónusta. Gæði framar öllu. vinnangofgar.is sími 778-0100.**

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is. flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




byggjum:
múrarar
málarar
píparar
flísalagnir
alhliða viðhald
heildarlausnir í framkvæmdum
www.byggjum.is
s.578 6080
byggjum

HLAÐBÆR COLAS

**MALBIKSVIÐGERÐIR**
Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Skiptið við gæðavottað fyrirtæki. Sími: 565-2030 www.colas.is colas@colas.is ISO 9001 vottun




**Hellulagnir/Pallasmíði**
Tökum að okkur alla lóðalögun. Leitið tilboða. S. 869-1700, jardlausnir@gmail.com

## Tölvur

omnis
tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900 kr.
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Ármúli 11 • Reykjavík

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI
SPÁMIÐILL
-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÚLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGJÖR TRÚNAÐUR
Sími 618 3525
www.engill.is

## Rafvirkjun

RafList
Löggildir rafverktakar
Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu. Nýlagnir og viðhaldsvinnu.
Uppl. í s. 699 5552
www.raflist.is

## Önnur þjónusta

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Þarfnast bílaplanið þrifa eða viðhalds?**

**Við bjóðum upp á eftirfarandi:**
**Götusópun**
**Gangstéttarsópun**
**Þvott á götum, bílastæðum og gangstéttum Málun og merkingar á bílastæðum**
**Malbiks- og kantsteinaviðgerðir**
**Grasslátt og umhverfishreinsun**

**Allar nánari upplýsingar veita ráðgjafar Íslenska Gámafélagsins. www.gamur.is S: 577 5757 eða gamur@gamur.is**

B.S.VERKTAKAR

Bílastæðamálun malbiksviðgerðir, vélsópun, hellulagnir, jarðvinna, háþrýstiþvottur veggjakrotsþrif og vörn S 551 4000 www.verktak.is



**GREEN-HOUSE**
Fallegur vor-og sumarkvennfatnaður. Nýjar vörur fyrir heimilið og garðinn. Verið velkomin. Opið í dag þriðjudag,miðvikudag og fimmtudag frá kl.13-17. Þverholt 18 105 Reykjavík S.777 2281

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

## Til sölu



**Lagersala á töskum**
Töskur á 1.500 og 3.000 30% afsláttur af öllum örum töskum Súpersól Hólmaseli 2 587-0077 / 567-2077 Erum á facebook

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Ísskápar, þvottavélar, þurkarar, frystikystur, frystiskápar. S. 896 8568.

Til sölu nett rafskutla. Frelsi fyrir þreytt fólk, selst ódýrt. Uppl. í s. 891 8727

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Verslun



**Beauty in Black Holtsbúð 61 Garðabæ.**
Sumarlitirnir komnir í vinsælu peysunum okkar. Sumarkjólar frá EIK design. Opið 13-18 Njóttu þess að versla í rólegu og kósy umhverfi og alltaf kaffi á könnunni. Velkomin í Beauty in Black. sími 695-6679

## Fyrirtæki

**Ein af betri sjoppum borgarinnar**

**Til sölu**
**eigin atvinnurekstur Mikil og stöðug velta, bilalúga, spilakassar, ís, ofl. Eignaskipti koma til greina. Áhugasamir sendi póst á: plan10@simnet.is**

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Gott nudd - 105 Rvk/Hlíðar**
Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## HEIMILIÐ

## Heimilistæki



**Sturtuklefi með baði frá sturta.is**
Verð 200.000.- Uppsetning innifalin í verði Klefinn kostar nýr 550.000.- Allar upplýsingar gefur Björn Ingi í síma 482-2736 / 866-8840

## Dýrahald

**TILBOÐ**
**3 fyrir 2**
**Af hundafóðri.**

15kg poki kostar frá 3.326,- á þessu tilboði. Jón bóndi, Réttarhálsi 2, 110 Rvk, www.jonbondi.is Opið mán-fös 10-18.

Dísar páfagaukur fæst gefins, karlkyns. Búr fylgir. Uppl. í s. 690 1915

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Snyrtileg og rúmgóð 2ja herbergja íbúð á besta stað í Vesturbænum til leigu með húsgögnum. Íbúðin er 70 m2 og sameiginleg þvottaaðstaða í kjallara. Áhugasamir hafið samband á sigfusg@gmail.com

Falleg 2ja herb. íbúð til leigu í Borgarhverfi í Grafarvogi frá og með 01. maí n.k. S. 899 7012

## Atvinnuhúsnæði

**Verktakar - athafnamenn - fyrirtæki takið eftir.**

**Tvær góðar byggingalóðir undir atvinnuhúsnæði til sölu. Norðlingabraut í Norðlingaholti. Byggja má 3.100 fm hús. Öll gatnagerðargjöld eru greidd. Verð 60 millj. Lambhagavegur í Úlfarsfelli (við hlið Bauhaus). Byggja má 2.695 fm hús. Öll gatnagerðargjöld greidd. verð 53.0 millj. Ekkert áhvílandi-engin skipti. Stefán Hrafn hdl gefur upplýsingar s: 895-2049.**

Skrifstofuherbergi-vinnuherbergi til leigu. Ca. 10 fm, í skútuvogi á góðum stað. V. 23 þús.pr.mán. Hiti/rafmagn og ADSL innifalið. Uppl í s. 864 1219

Til Leigu skrifstofu herbergi lítil og stór við Ármúla góð bílastæði og hagstætt verð uppl. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

## Gisting

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
**Gott verð, dags, viku- og mánaðarleiga.**

**www.hotel105.com**
**GISTIHÚSIÐ VÍKINGUR**
**sími 896 4661**

Íbúðir til leigu í Barcelona , 60-80-100-120 evrur nóttin. www.starplus.is.

## Atvinna í boði

Rizzo Pizzeria

**Rizzo Pizzeria - Grenásvegi**
**Want to hire pepole for cleeaning and dishwashing. Full job.**
**More informmation: Solla í S. 663 2502 & rizzo@rizzo.is**

**Kaffi Klassík kringlunni**
Óskar eftir vönu fólki til afgreiðslu- og þjónustustarfa. Framtíðarstarf. Íslensku kunnátta skilyrði. Uppl. í s. 899 1965

Lærður smiður óskar eftir vinnu. Er flest öllu vanur og vandvirkur. Get unnið sjálfstætt. S:690 1883.

Sérferðir ehf, hvalaskoðun óskar eftir skipstjóra á farþegabát í sumarstarf. Nánari uppl í síma 892 0099.

Yfirvélstjóra og vélavörð vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Uppl. í síma 845 3480.

2 lærðir smiðir óskast til Noregs nálægt Álasundi Upplýsingar í síma +47-48132004

2 lærðir smiðir óskast til Noregs nálægt Álasundi Upplýsingar í síma +47-48132004

## Atvinna óskast

24 ára kona nýflutt til íslands óskar eftir vinnu, talar ensku og aðeins í íslensku, flest kemur til greina. s 618 2627 lollypopqueen98@yahoo.com

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlsögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

## Þjónusta

# Leiguumsjón
## láttu okkur sjá um fasteignina þína.

**Gerð leigusamninga.**
**Auglýsingar, samskipti og upplýsingagjöf gagnvart leigutaka og leigusala.**
**Samskipti við banka vegna trygginga. Innheimta leigugjalds - skilvirk eftirfylgni innheimtu.**
**Umsjón og eftirlit með fasteigninni.**
**Markmið með leigu-umsjón er að auðvelda fasteignaeigenda útleigu fasteignar og halda verðgildi eignar.**
**Hjá Leiguliðum starfa 3 löggiltir leigumiðlarar með mikla reynslu á sviði útleigu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði.**
**Sjá www.leigulidar.is leiguumsjón eða s- 517-3440**

## Fasteignir

# Miðengi 22, Selfossi
## Ýmis skipti möguleg



Um er að ræða gott 205,1 m² einbýlishús ásamt 28,7 m² sambyggðum bílskúr. Húsið er upphaflega byggt úr timbri árið 1979 en byggt var við húsið árið 2000. Að innan er húsið sex svefnherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, tvö baðherbergi, tvö hol, forstofa, forstofusnyrting og þvottahús. Húsið hefur verið tekið þó nokkuð í gegn að innan á undanförnum árum. Allar raflagnir, þ.m.t tenglar og rofar, eru nýjar. Innihurðir eru nýjar og einnig allar útihurðir. Búið er að skipta um alla ofna hússins. Gott eikarparket er á gólfum í herbergjum, eldhúsi, stofu, borðstofu og báðum holunum. Aðalbaðherbergi hússins er nýtekið í gegn og er það flísalagt í hólf og gólf og þar er góð innrétting og góð tæki. Hiti er í gólfi baðherbergisins. Lóðin er 750,0 m2 leigulóð sem er gróin og fullfrágengin. Innkeyrslan er hellulögð og hiti er undir henni. Skipti í boði á dýrari eða ódýrari eign á höfuðborgarsvæðinu. **Verð 39,9 m.**

**Nánari uppl. veitir Hallgrímur Óskarsson**
**Sölumaður**
**Lögmenn Suðurlandi, Austurvegi 3, Selfossi.**
**480-2902**
**halli@log.is**

LÖGMENN SUÐURLANDI

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Sóleyjarimi 37
## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 - 18.00




Vandað 208,3 fm. raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Vandaðar innréttingar og skemmtilega hönnuð lýsing. Stofa og borðstofa með eldstæði og útgengi í garð. Einnig útgangur á verönd úr eldhúsi. Þrjú svefnherbergi, en möguleiki er að gera sjónvarpsrými að fjórða herberginu. Gólfhiti. Góð afgirt viðarverönd framan við húsið og góð hellulögð aðkoma. Matjurtagarður baka til. **Verð 47,7 millj.** **Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

## Atvinna

# Ráðgjafi óskast

Nýtt og öflugt ráðgjafa fyrirtæki óskar eftir að ráða til sín öflugan söluráðgjafa. Leitað er eftir aðila sem hefur brennandi áhuga á því að ná árangri og löngun til að vera í skemmtilegu og menntanaðrfullu umhverfi.

**Verksvið ráðgjafans er m.a.:**
- Öflun nýrra viðskiptatengsla
- Sala til nýrra og núverandi viðskiptavina

**Hæfniskröfur**
- Metnaður og söludrift
- Fáguð og vönduð framkoma

Upplýsingar um starfið og fyrirtækið veitir Trausti í síma 519-6360



*Óskum eftir* ***öflugum*** *einstaklingum:*

**Smiðir** - Vanir smiðir óskast til lengri og skemmri tíma.

**Verkamenn** - Fjölbreytt vinna í boði

**Nánari upplýsingar** fást í síma 5 100 304
eða með því að senda póst á hamarsfell@hamarsfell.is

Hamarsfell er alhliða byggingaverktaki með fjölbreytt verkefni og víðtæka reynslu. Hjá okkur starfar öflugur hópur einstaklinga með breiða menntun, þekkingu og metnað.

HAMARSFELL
BYGGINGAVERKTAKAR

Viðarhöfða 1 | 110 Reykjavík | s. 5 100 304 | www.hamarsfell.is

## Sýningar




Kjörið tækifæri fyrir fyrirtæki og stofnanir til þess að kynna vörur sínar og þjónustu.
Búist er við hátt í 25.000 gestum og mikið verður lagt upp úr því að sýningin verði fjölskylduvæn.

**Áhugasamir sýnendur fá allar nánari upplýsingar hjá sýningarstjórn Exhibition ehf í síma 588 1500 / 898 0829, info@exhibition.is og á heimilidoggardurinn.is**

**Sjáumst í Smáranum á afmælishelgi Kópavogs!**

# Ásgeir Valur sýnir hjá Samtökunum ´78

Myndlistarmaðurinn Ásgeir Valur Sigurðsson opnar sýningu á verkum sínum í húsnæði Samtakanna ´78 að Laugavegi 3 í dag, þriðjudaginn 24. apríl, klukkan 17.

Ásgeir Valur, sem vinnur verk sín með olíu á striga og pappír, hefur meðal annars sýnt í Ráðhúsi Reykjavíkur og á samsýningunni List án landamæra. Á síðarnefndu sýningunni gerði Ásgeir Valur meðal annars tilraun til að selja dýrasta málverk í heimi, sem var verðlagt á 400.000.000 Bandaríkjadali. Sýningin stendur yfir til 12. maí.



**ÁSGEIR VALUR** Sýning myndlistarmannsins stendur yfir til 12. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÞETTA GERÐIST: 24. APRÍL 1916

## *Páskauppreisnin hefst*

Páskauppreisnin, sem hófst á öðrum degi páska árið 1916, var vopnuð uppreisn af hálfu Íra gegn breskum yfirráðum á Írlandi. Uppreisnin er frægasta tilraun herskárra írskra lýðveldissinna til þess að ná fram sjálfstæði Írlands með valdi. Það var „Hið írska bræðralag lýðveldisins" sem skipulagði uppreisnina, tók yfir pósthús borgarinnar og lýsti þar yfir sjálfstæði Írlands. Lýðveldissinnarnir náðu smátt og smátt yfirráðum víðs vegar um borgina. Bretar sneru vörn í sókn og nokkrum dögum seinna var uppreisnin brotin á bak aftur. Uppreisnarmennirnir nutu ekki mikils stuðnings meðal almennings, því litið var á þá sem óábyrga ævintýramenn. Almenningsálitið snerist þó á sveif með uppreisnarmönnunum eftir að það spurðist út að fimmtán þeirra hefðu verið teknir af lífi. Vopnuð átök héldu áfram næstu árin og Írar fögnuðu svo sjálfstæði árið 1922 með stofnun lýðveldis.

*Heimild: wikipedia.is*



# Haukur á hádegistónleikum



**HÁDEGISTÓNLEIKAR** Haukur Guðlaugsson leikur verk meistara á orgel í Hafnarfjarðarkirkju í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Haukur Guðlaugsson, fyrrverandi söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar, leikur verk eftir J. S. Bach, Clerambault og Boëllmann á hádegistónleikum í Hafnarfjarðarkirkju í dag, þriðjudaginn 24. apríl, klukkan 12.15.

Haukur lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1951. Hann stundaði nám í orgelleik við Staatliche Hochschule für Musik í Hamborg og framhaldsnám við Accademia di Santa Cecilia í Róm. Haukur starfaði við píanókennslu og stjórn Karlakórsins Vísis á Siglufirði um fjögurra ára skeið og var skólastjóri Tónlistarskólans á Akranesi, organisti og söngstjóri við Akraneskirkju og söngstjóri Karlakórsins Svana frá 1960. Árið 1974 var hann skipaður Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar og starfaði við það til ársins 2001. Haukur hefur haldið orgel- og kórtónleika bæði innanlands og utan, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands og komið fram í útvarpi og sjónvarpi og leikið inn á plötur og diska. Haukur hefur einnig samið Kennslubók í organleik í þremur bindum.

# Boðið upp í pardans á laugardag

Í tilefni Alþjóðlega dansdagsins næstkomandi laugardag, 28. apríl, býður dansskóli SalsaIceland í samvinnu við Háskóladansinn, Tangóævintýrafélagið, Lindy Ravers og Salsa Mafíuna upp í dans.

Tilgangurinn er að vekja athygli á pardönsum sem heilbrigðum og skemmtilegum möguleika í skemmtanaflóru Íslendinga og bjóða upp á ókeypis kynningar á þeim.

Dagskráin fer fram í dansstúdíói SalsaIceland á Grensásvegi 12a, 2. hæð, og boðið er upp á prufutíma í eftirfarandi: Zumba, rueda de casino, west coast swing, tangó, salsa, boogie woogie og lindy hop.

Um kvöldið verður svo teiti í dansstúdíói SalsaIceland þar sem spiluð verður blönduð tónlist úr öllum stílum og sýningaratriði í boði. Ókeypis er á alla viðburði dagsins, en frekari upplýsingar má finna á Salsaiceland.is.



**DANS** Boðið verður upp á prufutíma í ýmsum dönsum á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Byggingalist og stríð

Blóði drifin byggingarlist – arkitektúr í stríði og friði, er yfirskriftin á fyrirlestri Hilmars Magnússonar alþjóðastjórnmálafræðings í Listaháskóla Íslands í hádeginu á fimmtudag.

Þar fjallar Hilmar um samfélagslegt hlutverk byggingalistarinnar í átökum mismunandi menningarhópa víða um heim. Hann mun að þessu sinni taka fyrir átökin í Bosníu og Hersegóvínu á 10. áratug 20. aldar og fjalla um „Gömlu brúna" eða Stari Most í bænum Mostar. Hilmar mun skyggnast með áhorfendum aftur í tímann og fjalla um tilurð brúarinnar og sögu fram að þeim tíma er hún var sprengd í loft upp haustið 1993. Þá mun hann fjalla um Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, hlutverk hennar við verndun menningararfs og aðkomu að endurbyggingu brúarinnar. Í ár eru 40 ár liðin frá gildistöku samningsins um verndun heimsminja en stofnunin hefur á þessum tíma víða komið við sögu og hafa verkefni hennar jafnt vakið aðdáun, spurningar sem deilur.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 12.15 í stofu 113 hjá hönnunar- og arkitektúrdeild, Skipholti 1. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn.



**HILMAR MAGNÚSSON** Fjallar um samfélagslegt hlutverk byggingarlistarinnar í átökum mismunandi menningarhópa víða um heim.

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHEIÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum að kvöldi laugardagsins 21. apríl sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Oddur Helgason**
**Anna Oddsdóttir** **Steinar Friðgeirsson**
**Halldóra Oddsdóttir** **Jón B. Björgvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Þökkum af alhug auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGU BJARNADÓTTUR.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ljósheima á Selfossi fyrir frábæra umönnun og hlýtt viðmót.

**Þórdís Skarphéðinsdóttir**
**Bjarni Guðmundsson** **Inga Karólína Guðmundsdóttir**
**Anna Guðmundsdóttir** **Erlendur Ragnar Kristjánsson**
**Elís Kjartansson** **Ragnheiður Kr. Björnsdóttir**
**Bára Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra eiginmanns, föður, fósturföður, afa, langafa og langalangafa,

**EINARS ÞÓRIS SIGURÐSSONAR**
**Frostafold 14 Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 3.N á hjúkrunarheimilinu Eir.

**Hulda Ingimundardóttir**
**Vera Björk Einarsdóttir** **Hjalti Kristjánsson**
**Íris Huld Einarsdóttir** **Kári G. Schram**
**Guðmundur Bjarnason** **Ásta Jóhanna Einarsdóttir**
**Brynja Bjarnadóttir** **Steindór Rafn Theódórsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**EVELYN ÞÓRA HOBBS**

lést fimmtudaginn 19. apríl sl. á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram föstudaginn 27. þ.m. frá Dómkirkjunni kl. 13.00.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnauppeldissjóð Thorvaldsensfélagsins.

**Hróbjartur Hróbjartsson** **Karin Hróbjartsson-Stuart**
**Skúli Hróbjartsson** **Unnur Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**KRISTLAUGAR ÓLAFSDÓTTUR (STELLU).**

Starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Holtsbúðar sendum við sérstakar þakkir fyrir hlýhug og frábæra umönnun.

**Ingvar Finnur Valdimarsson** **María Karlsdóttir**
**Guðjón Þór Valdimarsson** **Guðrún Ólafsdóttir**
**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín,

**ÞÓRUNN NANNA RAGNARSDÓTTIR**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, föstudaginn 20. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóhann Hólmgrímsson**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁRNÝ ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Sóltúni 2, áður Boðagranda 7, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni laugardaginn 21. apríl sl.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Stefán Tyrfingsson**

Gallery Restaurant

# 5 þrúgur 5 réttir | Nýsjálenskir dagar

## Á Gallery Restaurant um helgina

26. - 29. apríl



Saint Clair Family Estate



Það var árið 1978 sem Neal og Judy Ibbotson hófu vínrækt í Marlborough á Nýja Sjálandi, þar ræktuðu þau þrúgur sem þau seldu til vínframleiðenda í nágrenninu. Frábær árangur í vínræktinni varð hvatinn af því að stofnuðu þau sitt eigið vínhús árið 1994, Saint Clair sem er í dag með virtari vínhúsum landsins.

Íslendingar kannast eflaust best við Vicar's Choice vínin þeirra en Saint Clair framleiðir í dag bestu Sauvignon Blanc vín Nýja Sjálands, sem hafa unnið til fleiri verðlauna á síðastliðnum árum en nokkuð annað þeirra 300-400 vínhúsa þar í landi.

Matt Thomson sem stýrir víngerðinni hjá Saint Clair segir það vera markvissa stefnu að hafa sum vínin evrópskari, með hófstilltara áfengi. Matt hefur verið starfandi hjá Saint Clair frá því að vínhúsið var stofnað. Auk þeirra fjölda verðlauna sem vínin þeirra hafa fengið hefur Matt Thomson einnig hlotið virtar viðurkenningar fyrir sín störf og vínhúsið sjálft í flokki framleiðanda.

## Gallery Restaurant býður upp á sérvalin vín frá Saint Clair í Marlborough á Nýja Sjálandi

### Matseðill

Laxatartar og hörpuskel "ceviche", fersk vínber og mandarínubylur

St. Clair Vicar's choice Riesling 2009 Marlborough

Stórlúðuskeifa - elduð í krydduðum perusafa ásamt grilluðum mini fennel, vatnsmelónu og krydduðu rauðu karrýi

St. Clair Vicar's choice Pinot Gris 2011 Marlborough

Heimareikt blálanga, mangósalat, aspas og sósa með ástaraldin

St. Clair Pioneer Block 20 Cash Block Sauvignon Blanc 2009 Marlborough

Lambafillet - umvafið svörtum pipar og þurrkuðum skógarsveppum, eldheitur kartöfluhnöttur og pækladar plómur

St. Clair Pioneer Block 4 Sawcut Pinot Noir 2008 Marlborough

Ólífuolía, hvítt súkkulaði, lychee og ástríðan okkar

St. Clair Pioneer Block 12 Lone Gum Gewurztraminer 2008 Marlborough

8.900.- (fös/lau)
14.900.- ásamt sérvöldum vínum (fös/lau)
7.900.- (fim/sun)
13.900.- ásamt sérvöldum vínum (fim/sun)

Hotel Holt

Bergstaðastræti 37 | s: 552 5700
gallery@holt.is | www.holt.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** félagi, **6.** ólæti, **8.** kvabb, **9.** sarg, **11.** í röð, **12.** mælieining, **14.** brennivídd, **16.** hvað, **17.** siða, **18.** ýlfur, **20.** umhverfis, **21.** titra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kássa, **3.** hæð, **4.** xx, **5.** svelg, **7.** hindrun, **10.** æxlunarkorn, **13.** keyra, **15.** lappa, **16.** samkynhneigður, **19.** til.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** máti, **6.** at, **8.** suð, **9.** urg, **11.** tu, **12.** karat, **14.** fókus, **16.** ha, **17.** aga, **18.** ýla, **20.** um, **21.** riða.
**LÓÐRÉTT: 1.** mauk, **3.** ás, **4.** tuttugu, **5.** iðu, **7.** trafali, **10.** gró, **13.** aka, **15.** sama, **16.** hýr, **19.** að.





### Meðal efnis í blaðinu:

**Nær allar afskriftir Landsbankans vegna fjárfestinga í kjarnarstarfsemi**

– Fréttaskýring um áhrif nýs veiðigjalds á efnahag bankanna.

**Afleiður hafðar fyrir rangri sök**

– Viðtal við Kanoo Ravindran, sérfræðing í afleiðum.

**Markaðurinn kemur út á morgun!**




Allt sem þú þarft


# Þankagangsgildrur

**BAKÞANKAR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**



Flestir standa í þeirri trú um sjálfa sig að þeir séu rökvísir einstaklingar. Þeir taki ákvarðanir að vandlega íhuguðu máli og að teknu tilliti til mikilvægustu röksemda. Þá hafi ómerkileg, yfirborðskennd smáatriði ekki teljandi áhrif á ákvarðanatöku þeirra, hvað þá líðan. Því er verr að rannsóknir í atferlissálfræði síðustu áratugi hafa grafið allverulega undan þessari sjálfsmynd. Heilinn er magnað fyrirbæri og vissulega fær um djúpa, rökræna hugsun en hann reynist einnig vera viðkvæmur fyrir truflunum og gjarn á að falla í gildrur.

**Í LOK** síðasta árs kom út bókin Thinking Fast and Slow eftir sálfræðinginn og Nóbelsverðlaunahafann Daniel Kahneman. Kahneman er frumkvöðull atferlisrannsókna á dómgreind og ákvarðanatöku en bókin er yfirlit yfir ævistarf Kahnemans sem er að nálgast áttrætt. Í bókinni lýsir hann heilanum sem vél með tvo gíra.

Fyrri gírinn er hið eðlilega, sjálfvirka ástand heilans. Í fyrsta gír er heilinn fljótur að hugsa, hann byggir niðurstöður sínar á innsæi og tilfinningalegu ástandi og er líklegur til að styðjast við staðalímyndir, eigin reynslu og minni. Í fyrsta gír getur heilinn, án áreynslu, komist að hafsjó niðurstaðna á augabragði. Í hvert sinn sem ókunnugur maður nálgast og þú lítur á andlit hans fer heilinn í fyrsta gír og metur á örskotsstundu í hvernig skapi maðurinn er, hvort þú þekkir hann, hvort þér steðjar hætta af honum og hvernig þú eigir að bregðast við.

**ANNAR** gír er hægari yfirferðar en sá fyrsti og notkun hans krefst mun meiri áreynslu. Hann er hins vegar rökvís og fær um að leysa krefjandi vandamál, svo sem stærðfræðiútreikninga. Það er annar gír sem sjálfsmynd flestra hverfist um en brýning Kahnemans er að fyrsti gír ræður yfirleitt ferðinni og hefur talsvert meiri áhrif á þankagang og ákvarðanatöku en flestir myndu vilja kannast við. Þá fellur fyrsti gír reglulega í gildrur. Oft kemur annar gír til bjargar en þar sem notkun gírsins krefst áreynslu er tilhneiging heilans sú að vera latur og leyfa fyrsta gír að ráða.

**ÞANNIG** hafa rannsóknir Kahnemans leitt í ljós fjölda gildra sem svo til allir eru líklegir til að falla í. Fólk hefur of mikla trú á eigin dómgreind, fólk skilur ekki slembni og tölfræði af innsæi, það hvernig upplýsingum er stillt upp hefur markverð áhrif á það hvernig þeim er tekið og fólk neitar að horfast í augu við sokkinn kostnað, svo eitthvað sé nefnt. Niðurstaðan er sú að ótrúlegustu hlutir hafa áhrif á ákvarðanir okkar sem verða því oft æði misráðnar. Getum við komist hjá því? Sennilega ekki, en við getum lært að þekkja aðstæður þar sem mikil hætta er á mistökum og þá farið sérstaklega varlega. Og þá er þó til einhvers unnið.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Tilboð gildir til og með 02.05.12

# menning

menning@frettabladid.is



**ÞÓRA OG SIGURÐUR STANDA VIÐ ORÐIN** Gestir leiksýningarinnar Orð skulu standa í Þjóðleikhúskjallaranum næstkomandi fimmtudagskvöld, 26. apríl, verða Þóra Arnórsdóttir og Sigurður Guðmundsson tónlistarmaður. Að vanda koma einnig fram í sýningunni Sólveig Arnarsdóttir, Guðmundur Steingrímsson og Pálmi Sigurhjartarson.


**Nytjamarkaður**

á Eyjarslóð 7 út á Granda.

Opið alla virka daga kl. 13-18.

Sækjum húsgögnum á fimmtudögum Sími 858 59 08

**Komið og gerið góð kaup. Styrkið gott málefni!**

HJÁLPRÆÐISHERINN



ATRIX BAKPOKARYKSUGAN

ÖFLUG FYRIR SAMEIGNIR OG HÚSFÉLÖG




- Hepa pokar
- 4 þrepa filter
- Létt og þægileg
- Öflug, 1400 wött

Á TILBOÐI Í APRÍL:

58.990 kr

Fullt verð: 68.368 kr

Marpól ehf.

Marpól ehf, Dalbrekku 24, 200 Kópavogur, sími: 544-5588, www.marpol.is


# Þýðingaverðlaunin til Gyrðis

**Gyrðir Elíasson hlaut Íslensku þýðingaverðlaunin í gær fyrir ljóðasafnið Tunglið braust inn í húsið. Þetta er enn ein rósin í hnappagat Gyrðis á skömmum tíma.**

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti Gyrði Elíassyni Íslensku þýðingaverðlaunin við hátíðlega athöfn á Gljúfrasteini í gær. Fjórir aðrir þýðendur voru tilnefndir til verðlaunanna: Bjarni Jónsson fyrir Andarslátt eftir Hertu Müller; Hermann Stefánsson fyrir Fásinnu eftir Horacio Castellanos Moya; Pétur Gunnarsson fyrir Regnskógabeltið raunamædda eftir Claude Lévi-Strauss og Jón St. Kristjánsson fyrir Reisubók Gúllívers eftir Jonathan Swift.

Þýðingar eru stór hluti af höfundarverki Gyrðis, sem hefur þýtt ljóð og skáldsögur samhliða frumsömdum skrifum í rúmlega tvo áratugi.

Í dómnefnd sátu þau Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson formaður, Jórunn Sigurðardóttir og Ólöf Pétursdóttir. Í umsögn nefndarinnar segir að með vali sínu vilji hún „verðlauna ljóðlist heimsins, gömul ljóð og nýrri – og það að þeim hafi nú verið beint inn í húsið okkar – okkur gefið tækifæri til að lifa með þeim og njóta. Þýðingar Gyrðis á ljóðum ýmissa höfunda frá mörgum löndum og ólíkum tímum eru mikill hvalreki í sjálfu sér, en þarna opnast jafnframt nýjar víddir. Hér er á ferðinni mjög persónulegur lestur þýðandans sem aflar sér fanga og fer vítt. Hér sýnir sig líka ný sköpunarleið sem skáldið fetar. Verkið er samsett úr mörgum gjörólíkum þáttum – og það sem sameinar þessa þætti er tungutak skálds á Íslandi.“



**VERÐLAUNIN VEITT** Kristján Kristjánsson, útgefandi hjá Uppheimum, Gyrðir Elíasson og Katrín Jakobsdóttir, sem afhenti verðlaunin.

Í ljóðasafninu, sem kom út á vegum Uppheima í apríl í fyrra, safnar Gyrðir saman kveðskap skálda víða úr heiminum sem hafa fylgt honum í gegnum tíðina, sér í lagi kínverskra og japanskra skálda.

Sem kunnugt er fékk Gyrðir Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs í fyrra fyrir smásagnasafnið Milli trjánna og í síðustu viku kom út ljóðabókin Hér vex enginn sítrónuviður.

bergsteinn@frettabladid.is


// dale.is



// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDIR
ÁMÚLA 11, 3. HÆÐ
Miðvikudaginn 25. apríl
Kl. 19 fyrir 10-15 ára – 5.-10. bekkur
Kl. 20 fyrir 16-25 ára – menntaskóli / háskóli

// NÁMSKEIÐ FYRIR 10 - 12 ÁRA
Hefst 11.júní – allir virkir dagar vikunnar kl. 9-13

//NÁMSKEIÐ FYRIR 13 -15 ÁRA – 8.-10. BEKKUR
Hefst 21. maí – mánudaga og miðvikudaga kl. 17-21

//NÁMSKEIÐ FYRIR 16 - 20 ÁRA – MENNTASKÓLI
Hefst 22. maí – þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-22

//NÁMSKEIÐ FYRIR 21-25 ÁRA – HÁSKÓLI
Hefst 22. maí – þriðjudaga og fimmtudaga kl. 18-22

VILT ÞÚ...

...verða einbeittari í námi?
...geta staðið þig vel í vinnu?
...vera jákvæðari?
...eiga auðveldara með að eignast vini?
...Vera sáttari við sjálfan þig?

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

// SÍMI 555-7080


Tónlist ★★★☆☆

**Aldarminning dr. Róberts Abrahams Ottóssonar.**

Söngsveitin Fílharmónía. **Stjórnandi:** Magnús Ragnarsson. **Einsöngur:** Hallveig Rúnarsdóttir. **Orgel:** Steingrímur Þórhallsson.

**Langholtskirkja, sumardaginn fyrsta 19. apríl.**

Hið blómlega tónlistarlíf á Íslandi er ekki síst útlenskum tónlistarmönnum að þakka. Margir þeirra flúðu Þýskaland nasismans og námu hér land. Á þessum tíma var tónlistarlífið á Íslandi fátæklegt, en með innfluttri þekkingu fóru hjólin að snúast.

Einn af þessum mönnum var dr. Róbert Abraham Ottóson. Hann var fjölhæfur tónlistarmaður; tónskáld, útsetjari, fræðimaður, kennari, hljómsveitarstjóri og kórstjóri. Hann stofnaði Söngsveitina Fílharmóníu tæpum áratug eftir að Sinfóníuhljómsveit Íslands varð til. Hugmyndin var að Fílharmónía yrði samstarfskór hljómsveitarinnar. Í framhaldinu fengu Íslendingar að heyra nokkur helstu stórvirki kór- og hljómsveitartónlistar.



**RÓBERT ABRAHAM OTTÓSSON**

Á fimmtudagskvöldið hélt Söngsveitin upp á aldarminningu Róberts í Langholtskirkju. Efnisskráin var vegleg, fyrst nokkur stutt lög, þar af eitt eftir Róbert en hin útsett af honum. Inn á milli voru lesin upp minningarorð, oft býsna skondin. Róbert var ljúfmenni, en eldhugi og nokkuð skapmikill. Hann átti það til að rjúka út af æfingum, bölvandi og ragnandi. Ég má til með að vitna í texta tónleikaskrárinnar (eftir Árna Heimi Ingólfsson) þar sem segir frá einu slíku atviki. Verið var að æfa verk eftir Brahms. Kristján frá Djúpalæk var meðal kórfélaga og kvað hann þá: Óma lögin eftir Brahms / undurþýð og dreymin / ásamt skömmum Abrahams / út í himingeiminn.

Stuttu lögin á tónleikunum voru ágætlega flutt undir stjórn Magnúsar Ragnarssonar. Söngurinn var hreinn og samhljómurinn þéttur. Hins vegar var túlkunin dálítið ferköntuð, styrkleikabrigðin helst til fátækleg, þetta fínlega vantaði. Útkoman var fremur einsleit.

Svipaða sögu er að segja um annars mjög glæsilega tónsmíð eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, sem var samin sérstaklega fyrir tilefnið. Hún heitir Náttsöngur og er fyrir kór, orgel og einsöngvara. Þetta er litríkt verk, stílhreint og vel samansett, með mögnuðum hápunktum sem létu hárin rísa. Textinn er úr Þorlákstíðum, en um þær fjallaði einmitt doktorsritgerð Róberts. Tónmálið er hefðbundið, en framvindan fersk og spennuþrungin. Kórsöngurinn var kraftmikill en ég hefði viljað heyra þetta lágstemmda betur mótað.

Orgelparturinn var flottur, með nettri hryllingsmyndaáferð sem skapaði athyglisvert mótvægi við andaktina í söngnum. Steingrímur Þórhallsson spilaði á orgelið og gerði það af stakri fagmennsku. Tær, hljómmikill einsöngur Hallveigar Rúnarsdóttur var sömuleiðis fallegur og tilkomumikill.

Söngsveitin Fílharmónía er góður kór. Flestir kórfélagar eru áhugafólk og það heyrist. Tæknin er ekki mikil. Hugsanlega hefur of mikill tími farið í tæknileg atriði, áherslan öll verið á raddbeitingu og samhljóminn. Það hefði mátt huga meira að skáldskapnum.

Jónas Sen

**Niðurstaða:** Skemmtilega samsett efnisskrá, frábært verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, en söngurinn helst til einsleitur.



**VÍKINGAHEIMAR** Hafa gengið í gegnum endurnýjun síðustu vikur og opna á ný í dag klukkan 15.

# Fleiri sýningar í Víkingaheimum

Opnunarhátíð verður haldin í Víkingaheimum í Reykjanesbæ í dag klukkan 15, í tilefni af því að húsið og umhverfi þess hefur gengið í gegnum mikla endurnýjun síðustu vikur. Þar verður framvegis hægt að sjá og upplifa margar nýjar sýningar, bæði innan dyra og utan.

Á útisvæðinu er ný útikennslustofa sem býður upp á tækifæri til alls kyns fræðilegrar vinnu fyrir hópa. Þar er jafnframt landnámsdýragarður og verið er að leggja lokahönd á leiksvæði þar sem leikir og íþróttir víkinga verða í fyrirrúmi. Þá er hægt að heimsækja Þurrabúðina Stekkjarkot í útjaðri svæðisins.

Inni í húsinu sjálfu eru fimm sýningar í gangi. Fyrst má telja Íslending, víkingaskipið sem sigldi til Ameríku árið 2000, en þar eru að auki fjórar sýningar: Sýningin Víkingar Norður-Atlantshafsins, sýning á merkum fornleifum af Suðurnesjum, kynning á helstu söguslóðum á Íslandi og sýningin Örlög goðanna. **- hhs**

# Ný leikgerð vinsællar barnasögu

Möguleikhúsið frumsýnir nýja leikgerð af Ástarsögu úr fjöllunum, barnasögunni vinsælu eftir Guðrúnu Helgadóttur sem kom fyrst út árið 1981, sunnudaginn 29. apríl í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Leikgerð og söngtextar eru eftir Pétur Eggerz, sem einnig annast leikstjórn, en höfundur tónlistar er Guðni Franzson. Þátttakendur í sýningunni eru leik- og söngkonan Alda Arnardóttir og tónlistarmaðurinn Kristján Guðjónsson sem einnig sér um að útsetja tónlistina. Leikmynd og búningar eru eftir Messíönu Tómasdóttur.

Ástarsaga úr fjöllunum, sem fjallar um tröllskessuna Flumbru og tröllastrákana hennar átta, hefur notið mikilla vinsælda og verið þýdd á fjölda tungumála. Fyrir um áratug samdi Guðni Franzson tónverk við söngtexta Péturs Eggerz sem byggðu á sögunni. Guðni flutti verkið síðan með Sinfóníuhljómsveit Íslands á skólatónleikum í Háskólabíói auk þess sem það var flutt í Ríkisútvarpinu. Síðar hefur m.a. tónlistarhópurinn Caput flutt verkið ásamt söngvaranum Agli Ólafssyni. Verkið hefur nú verið sniðið að flutningi með einum tónlistarmanni og leikara/söngvara. Aukið hefur verið á leikrænan þátt verksins frá því sem var í tónleikaútgáfunni, söngatriðum fjölgað og ýmis meðul leikhússins nýtt til uppsetningarinnar. Auk sýninga í Gerðubergi verður ferðast með sýninguna milli leik- og grunnskóla landsins líkt og verið hefur með fyrri sýningar Möguleikhússins.



**ÁSTARSAGA ÚR FJÖLLUNUM** Alda Arnardóttir og Kristján Guðjónsson í hlutverkum sínum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 24. apríl 2012**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist verður spiluð hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík, Stangarhyl 4.

### Sýningar

**17.00** Sýning á verkum nemenda á myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Garðabæ opnar í aðalsafni Borgarbókasafns Reykjavíkur, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.



**17.00 Ásgeir Valur Sigurðsson,** listamaður, opnar sýningu með verkum sínum hjá Samtökunum '78 að Laugavegi 3. Ásgeir vinnur verk sín með olíu og akrýl á striga og pappír. Sýningin stendur til 12. maí næstkomandi. Allir velkomnir.

### Umræður

**18.00** Félag kvikmyndagerðamanna býður á kynningarfund og pallborðsumræður um skyldutryggingar og aðrar tryggingar fyrir verktaka í kvikmyndagerð. Fundurinn fer fram í Bíó Paradís og býður FK félagsmönnum sínum upp á öl, popp og ókeypis í bíó á finnsku gamanmyndina Iron Sky, eða mynd að eigin vali á Laxnesshátíðinni, að umræðum loknum.

### Tónlist

**20.30** Reykjavík Swing Syndicate spilar á tónleikum jazztónleikaraðarinnar á KEX Hostel, Skúlagötu 28. Tónlist sveitarinnar tengist swingi fjórða áratugarins, Django djassi og bannáragleði. Eldhús KEX verður opið og hægt að kaupa þar veitingar. Allir eru velkomnir og aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





**25% afsláttur á 25 ára afmælistónleika Nýdanskrar í Hörpu og Hofi**

Piltarnir síungu hafa aldrei verið í betra formi og halda upp á 25 ára afmælið með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu 22. september og í menningarhúsinu Hofi, Akureyri 29. september.

**Gestir:**
KK, Högni Egilsson (Hjaltalín), Sigríður Thorlacius (Hjaltalín), Urður Hákonardóttir (Gus Gus), Svanhildur Jakobsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir, Samúel Jón Samúelsson.

**Forsala fyrir viðskiptavini Íslandsbanka hefst þriðjudaginn 24. apríl en almenn miðasala 26. apríl.**

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast miðar á þennan einstaka tónlistarviðburð á 25% afslætti.

Afslátturinn fæst þegar greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is og í miðasölu Hofs í síma 450 1000 eða á midasala@menningarhus.is.

*Tilboðið gildir ekki í netsölu.*

HARPA HOF

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**254 MILLJÓNIR ÍSLENSKRA KRÓNA** kostaði sveitasetrið sem Blake Lively og Ryan Reynolds keyptu saman á dögunum.


# LEIÐIN TIL ÁRANGURS Í RANNSÓKNUM

**Hvenær:** Fimmtudaginn 26. apríl kl. 16:00
**Hvar:** Stofa M101

Fræðimaðurinn og leikskáldið **John W. Bandler** flytur opinn fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík fimmtudaginn 26. apríl klukkan 16:00.

Í fyrirlestrinum mun Bandler, sem er talinn einn fremsti fræðimaður heims á sviði rafmagnsverkfræði, fjalla um hvernig ná megi árangri í akademískum rannsóknum. Bandler tekur sérstaklega fyrir hvernig skapa megi hvetjandi rannsóknarumhverfi og stjórna rannsóknum til árangurs og dregur fram máli sínu til stuðnings áhugavert yfirlit yfir það sem hann kallar persónulegan árangur og mistök.

Þá varpar Bandler þeirri spurningu fram hvort það sé rannsóknaraðstaðan, ímyndunarafl fræðimannsins, tækifærin í umhverfinu, stjórnun, greindarvísitala, útgeislun fræðimannsins eða heppni sem séu forsenda árangursríkra rannsókna.

**Fyrirlesturinn er öllum opinn og er aðgangur ókeypis**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is







# Kunnir kappar í Fölskum fugli

Hilmir Snær Guðnason, Damon Younger og Þorsteinn Bachmann fara allir með lítil hlutverk í kvikmyndinni Falskur fugl. Tökum á henni lauk á sunnudag og gengu þær eins og í sögu.

„Við vorum mest í Hafnarfirði. Við fengum hús þar sem var notað sem aðaltökustaðurinn," segir leikstjórinn Þór Ómar Jónsson en tökudagarnir voru 23 talsins.

Myndin er byggð á samnefndri bók Mikaels Torfasonar sem kom út árið 1997 og fjallar um Arnald Gunnlaugsson, 16 ára ólíkindatól, sem leiðist inn á rangar brautir í lífinu. Margir ungir leikarar leika í myndinni og er Þór Ómar mjög ánægður með frammistöðu þeirra. „Krakkahópurinn var alveg lygilega flottur og góður. Þetta eru allt, þannig séð, óreyndir krakkar."

Hilmir Snær mætti á síðasta tökudaginn og lék Óla róna í stórri senu. Hlutverk Damons Younger er mjög frábrugðið illmenninu sem hann lék í Svartur á leik því í þetta sinn leikur hann fósturpabba Möggu, sem er kærasta Arnaldar. Arndís Hrönn Egilsdóttir, sem hefur leikið í sjónvarpsþáttunum Pressu, og Hinrik Ólafsson eru einnig á meðal leikara.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá fer hinn nítján ára Styr Júlíusson með hlutverk Arnaldar og þau Davíð Guðbrandsson og Alexía Björg Jóhannesdóttir leika foreldra hans. Falskur fugl verður frumsýnd 25. janúar á næsta ári. **- fb**



**LEIKA Í FÖLSKUM FUGLI** Hilmir Snær og Damon Younger leika báðir í Fölskum fugli.

# Law með nýja ljósku

Sjarmatröllið Jude Law sást í innilegum atlotum með óþekktri ljósku á bar á Manhattan í síðustu viku.

Law og leikkonan fagra Sienna Miller slitu samvistum í annað sinn í febrúar á síðasta ári og gáfu þá út að sambandi þeirra væri endanlega lokið. Þau höfðu tekið saman á nýjan leik árið 2009, eftir að hafa slitið trúlofun sinni árið 2006 í kjölfar framhjáhalds Laws með barnfóstru sinni.

Nýja daman í lífi folans er sem áður segir óþekkt og virðist Law ætla að halda því þannig þar sem hann þvertók fyrir allar myndatökur með skvísunni. Hvort hér sé um að ræða framtíðarlífsförunaut kappans eða einnar nætur ástarævintýri er óvitað, en ef marka má heimildarmenn virtist hún í það minnsta eiga hug hans allan þetta kvöld.



**ÓÞEKKT DAMA** Jude Law sást kyssa og knúsa óþekkta dömu á bar í New York.

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# TÆKNIGÆÐINGAR
## FYRIR FRAMTÍÐARFÓLK

Full búð af frábærum tilboðum

### Dell Inspiron 15 fartölva 5040



**Verð: 99.995**
**8.965** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

INSPIRONN5040

15,6" / 1366x768 / 320GB harður diskur / Windows7 Home Premium / 2 GB vinnsluminni / Intel Pentium P6200

DELL

### Dell Inspiron 15R fartölva



**Verð: 129.995**
**11.552** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

INSPIRONN5110

15,6" / 1366x768 / 320GB harður diskur / Windows7 Home Premium / 4GB vinnsluminni / Intel Pentium B960

DELL

### MacBook Air 11" 64GB

11,6" / 64 GbvFlash minni / Intel Core I5 / 1,6 GHz Dual Core / 2 GB vinnsluminni / Aðeins 1 kg

Apple



**Verð: 169.995**
**15.002** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

Z0MF

### Lenovo ThinkPad E320 3G 13,3"

13,3"LED / 320 GB harður diskur / Windows 7 Home Premium / 4 GB vinnsluminni / Intel Core I3 2330M/3G

lenovo



**Verð: 119.995**
**10.690** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

NWY5NMD

### Fujitsu Lifebook NH751 W7HP64

NH751MP432NC



**Verð: 199.995**
**17.590** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

17,3" / 1920x1080 / 500 GB Harður diskur / Windows 7 Home Premium / 8 GB vinnsluminni / Intel Core I5 2430M / BluRay-skrifari

FUJITSU

### Motorola Xoom II 16GB WiFi

10036877



**Verð: 99.995**
**8.965** kr. vaxtalaust í 12 mánuði

10,1" 1280x800 / Android 3,2 Honeycomb / 1,2 GHz Dualcore örgjörvi / MicroHDMI / AGPS / Rafhlaða allt að 10 klst.

MOTOROLA

Hátækni

PIPAR TBWA • SÍA • 121201

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
21 JUMP STREET
MIRROR MIRROR
BATTLESHIP
HUNGER GAMES
ÍSL TAL LORAX
ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| 21 JUMP STREET | 5.45, 8, 10.20 |
| MIRROR MIRROR | 5 |
| BATTLESHIP | 7, 10 |
| HUNGER GAMES | 7, 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 5 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is
TILBOÐ
BATTLESHIP
VILT ÞÚ HELDUR AÐ ÞÚ HAFIR SÉÐ ÞETTA ALLT ÁÐUR EN VERTU EKKI SVO VISS!
TILBOÐ
THE CABIN IN THE WOODS
EINN FRUMLEGASTI SPENNUTRYLLIR ALLRA TÍMA
TILBOÐ
Hörku Spennutryllir frá framleiðendum "Girl with the Dragon Tattoo" og "Safe House".
THE COLD LIGHT OF DAY
TILBOÐ AMERICAN PIE REUNION
TILBOÐ TITANIC
TILBOÐ WRATH OF THE TITANS
TILBOÐ MÖGNUÐ SPENNUMYND GONE

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| CABIN IN THE WOODS VIP | KL. 8 | 2D | VIP |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| BATTLESHIP VIP | KL. 5:20 - 10:10 | 2D | VIP |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| AMERICAN PIE | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 8 - 10:10 | 3D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| THE CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 8 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | | |
|---|---|---|---|
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 -8 - 10:10 | | 16 |
| GONE | KL. 6 - 8 - 10:10 | | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| BATTLESHIP | KL. 5:10 - 8 - 10:10 - 10:50 | 2D | L |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 8 | 3D | 12 |
| PROJECT X | KL. 5:50 | 2D | 16 |
| TITANIC | KL. 8 | 3D | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 14 |
| GONE | KL. 5:50 - 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 10:10 | 3D | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5:50 - 10 | 2D | 16 |
| LORAX | KL. 6 | 3D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is
TOPPMYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
"FYNDNASTA MYND SEM ÉG HEF SÉÐ Í LANGAN TÍMA!" - T.V., KVIKMYNDIR.IS
21 JUMP STREET
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ
MIRROR MIRROR
Ævintýrið um Mjallhvíti
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ BATTLESHIP HUNGER GAMES
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ IRON SKY - T.V., KVIKMYNDIR.IS - D.M.S. MBL
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ TITANIC SÉÐ OG HEYRT/KVIKMYNDIR.IS FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ AMERICAN PIE REUNION 12 DREPFYNDIN MYND!

| SMÁRABÍÓ (GLERAUGU SELD SÉR) 5% | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 21 JUMP STREET LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| BATTLESHIP | KL. 5.15 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.15 | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.30 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10.20 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) 5% | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| IRON SKY | KL. 5.45 - 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

| BORGARBÍÓ (ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI – NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 5.50 - 8 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

# Kærkomin blóðgjöf

Bíó ★★★★☆

**The Cabin in the Woods**

Leikstjórn: Drew Goddard

**Leikarar:** Kristen Connolly, Chris Hemsworth, Anna Hutchison, Fran Kranz, Jesse Williams, Richard Jenkins, Bradley Whitford



**ÓTELJANDI TILVÍSANIR** Hryllingsmyndareynsluboltar skemmta sér vel yfir Skógarkofanum, enda óteljandi tilvísanir í eldri hrollvekjur í myndinni.

Fimm menntskælingar ætla að eyða helginni í gömlum skógarkofa og djamma frá sér allt vit. Á leiðinni að kofanum stoppa þau á afskekktri bensínstöð þar sem brúntenntur bensíntittur segir þeim að snúa við, en að gömlum sið graðra hrollvekjuungmenna hlæja þau að viðvörunum hans og halda för sinni áfram. Þetta eru aðeins fyrstu klisjurnar í röð margra, og áhorfandinn býr sig undir beru kvenmannsbrjóstin, vímuefnaneysluna og subbulegu morðin sem yfirleitt fylgja í kjölfarið. Þetta fær hann allt saman og gott betur.

Það er auðvelt að skemma það góða fjör sem myndin býður upp á með of ítarlegri umfjöllun. En eins og stjörnugjöfin gefur til kynna er Skógarkofinn meira en bara klisjunar. Tilvísanir í eldri hrollvekjur eru óteljandi og er því óhætt að fullyrða að sjóaðir hryllingsreynsluboltar muni skemmta sér betur en hinn almenni áhorfandi. Á leið út úr sýningarsalnum heyrði ég einn segja myndina þá bestu sem hann hefði séð á meðan annar bölvaði því að hafa ekki gengið út í hléi. Mig grunar að sá fyrrnefndi hafi lært betur heima en hinn.

Sjálfur hef ég ekki skemmt mér jafn vel yfir hryllingsmynd lengi og það er einhver undirliggjandi ferskleiki hér sem gerir gæfumuninn. Ég telst í flokki gallharðra hrollvekjuhunda en myndin var ávallt tveimur skrefum á undan mér. Of snemmt er þó að segja til um langvarandi áhrif hennar á hrollvekjuna sem listform, en líkt og gerðist í kjölfar myndarinnar Scream um miðbik 10. áratugarins eru líkur á að nú muni höfundar jafnt sem áhorfendur staldra við og hugsa sinn gang. Eftir að nýjabrumið var farið af Scream rann því miður allt í sama farið og líklegt er að það sama muni gerast hér. The Cabin in the Woods er þrátt fyrir það fyrirtaks skemmtun og kærkomin blóðgjöf í visnandi kropp hrollvekjunnar.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Hressandi hrollur sem kemur áhorfandanum sífellt á óvart.

# Reyndi að vera fyndinn á þýsku

Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson er nýkominn heim frá Berlín þar sem hann steig þrisvar á svið og fór með gamanmál á þýsku í fyrsta sinn.

„Merkilegt nokk tókst mér að láta Þjóðverjana hlæja þó að þýskan sé erfitt mál fyrir uppistand," segir Rökkvi, sem nýtti tækifærið til uppistands þegar hann var staddur í Þýskalandi í mánaðarlöngu fríi með fjölskyldunni sinni.

Fyrstu tvö kvöldin voru á opnu sviði í grínklúbbi. „Fyrsta kvöldið í grínklúbbnum bjargaði það mér alveg að þar var par sem sat fremst og sprakk úr hlátri yfir öllu sem ég sagði. Annars var salurinn frekar dauður," segir Rökkvi, sem hefur talað þýsku síðan hann var au-pair í Þýskalandi. Hann á einnig þýska konu sem aðstoðaði hann við að þýða uppistandið.

Á þriðja uppistandi hans á opnu sviði á bar nokkrum fékk hann bestu viðbrögðin. Öll kvöldin gerði hann grín að sjálfum sér og sýndi áhorfendum beran bossann, sem er hluti af atriði hans. „Sumir vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið en aðrir hlógu."





**GAMANMÁL Á ÞÝSKU** Rökkvi Vésteinsson fór með gamanmál á þýsku í Berlín.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rökkvi hefur þar með verið með uppistand á fjórum mismunandi tungumálum, eða þýsku, íslensku, ensku og sænsku. Hann vantar bara eitt í viðbót, dönsku, til að hafa farið með gamanmál á öllum tungumálunum sem hann kann. **- fb**



**Í SJÓNVARPI** Nýjasta mynd Mels Gibson verður sýnd í sjónvarpi á næstunni.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Sýnd strax í sjónvarpi

**Nýjasta kvikmynd Mels Gibson, Get the Gringo, verður sýnd í sjónvarpi aðeins tæpum tveimur vikum eftir að hún var frumsýnd í bíó. Myndin var aðeins sýnd eitt kvöld í völdum kvikmyndahúsum en verður næst sýnd í sjónvarpi, gegn gjaldi.**

**„Við lifum á breyttum tímum. Margir vilja bara sjá myndir heima hjá sér. Þetta er ein leið til að gera hlutina. Ég held að þetta sé framtíðin," sagði Gibson, sem er einnig að undirbúa mynd um Júdas Makkabeus, sem var uppi fyrir Krists burð.**

MIKIÐ ÚRVAL
... af notuðum fötum ...
HJÁLPRÆÐISHERINN
Fatabúð Hjálpræðishersins
Garðastræti 6, Reykjavík.
Opin alla virka daga
kl. 13.00 – 18.00.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

BÍÓ ★ PARADÍS
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas
ÞRIÐJUDAGUR: THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 20:00, 22:00 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: KRISTNIHALD UNDIR JÖKLI 18:00 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: SALKA VALKA 20:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ CARNAGE 22:20 ■ SVARTUR Á LEIK (ENGL. SUBS) 17:40, 22:00
ÍSL. TEXTI ENG. SUBS
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 950 kr. miðinn!
23.-28. APRÍL LAXNESS Í LIFANDI MYNDUM
ETHAN HAWKE KRISTIN SCOTT-THOMAS THE WOMAN IN THE FIFTH
græna ljósið -betra bíó
IRON SKY KÖLT-GRÍN-MYND ÁRSINS!



Leikhúsmógúllinn og Gamla Bíó Leikhús kynna:
"Critic's Choice!" Los Angeles Times
"Remarkable!" BACKSTAGE WEST
"Brilliant!" StageSceneLA
"Amazing!" VARIETY
"Groundbreaking!" Beatlesnews.com
„John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns. Ótrúleg upplifun!"
Ívar Guðmundsson - Bylgjunni
"Masterful!" Las Vegas Review
"Go!" LA WEEKLY
„Þetta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon"
Þorvaldur Davíð - leikari
"Uncanny!" RAVE MAGAZINE
★★★★★ Entertainment Today
GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR - ÖRFÁAR SÝNINGAR
just imagine
16. - 20. maí - miðaverð aðeins Kr 4.999.-
Tryggðu þér miða strax! sími: 563-4000 eða á gamlabio.is
Gamla Bíó Leikhús - Ingólfstræti 2a

# sport

sport@frettabladid.is



**FRAM** tryggði sér í gær sæti í lokaúrslitum N1-deildar kvenna eftir öruggan sigur á ÍBV í gærkvöldi, 29-21. Fram vann þar með undanúrslitarimmu liðanna 3-0. Andstæðingur Fram í lokaúrslitunum verður annað hvort Valur eða Stjarnan sem mætast í Vodafone-höllinni kl 19.30 í kvöld. Valur leiðir í því einvígi, 2-0.

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla*

**LOKAÚRSLIT, 1. LEIKUR**

**Grindavík - Þór Þorlákshöfn 93-89 (56-44)**

**Grindavík**: J'Nathan Bullock 29/9 fráköst, Giordan Watson 16/13 stoðsendingar, Jóhann Árni Ólafsson 14, Þorleifur Ólafsson 12, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 10/6 fráköst, Ryan Pettinella 8/6 fráköst, Páll Axel Vilbergsson 4.
**Þór Þorlákshöfn**: Darrin Govens 17/7 fráköst/8 stoðsendingar, Blagoj Janev 17, Joseph Henley 15/9 fráköst, Guðmundur Jónsson 15, Grétar Ingi Erlendsson 11, Darri Hilmarsson 9, Baldur Þór Ragnarsson 5.

### *N1-deild karla*

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**Haukar - HK 31-36 (14-17)**

**Mörk Haukar (skot)**: Gylfi Gylfason 10/5 (12/5), Stefán Rafn Sigurmannsson 8/1 (12/1), Nemanja Malovic 5 (8), Freyr Brynjarsson 3 (3), Tjörvi Þorgeirsson 2 (4), Matthías Árni Ingimarsson 1 (1), Þórður R. Guðmundss. 1 (2), Heimir Óli Heimiss. 1 (4), Jónatan Jónss. (1), Sveinn Þorgeirss. (2).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 8 (30/3, 27%), Aron Rafn Eðvarðsson 5 (19/2, 26%),
**Hraðaupphlaup**: 3 (Gylfi 2, Matthías Árni 1)
**Fiskuð víti**: 6 (Gylfi 1, Tjörvi 4, Heimir Óli 1)
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk HK (skot)**: Bjarki Már Elísson 10/4 (14/5), Atli Ævar Ingólfsson 6 (6), Sigurjón Friðbjörn Björnsson 6 (9), Tandri Már Konráðsson 6 (13), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5/1 (8/1), Ólafur Víðir Ólafsson 2 (3), Bjarki Már Gunnarsson 1 (1),
**Varin skot**: Björn Ingi Friðþjófsson 8 (28/3, 29%), Arnór Freyr Stefánsson 7 (18/3, 39%).
**Hraðaupphlaup**: 3 (Bjarki Már 2, Sigurjón 1)
**Fiskuð víti**: 6 (Atli Ævar 3, Ólafur Bjarki 1, Ólafur Víðir 1, Bjarki Már G. 1)
**Utan vallar**: 10 mínútur.
**Dómarar**: Jónas Elíasson og Ingvar Guðjónsson.
*HK vann einvígið, 3-0.*

### *N1-deild kvenna*

**UNDANÚRSLIT, 3. LEIKUR**

**Fram - ÍBV 29-21 (16-6)**

**Mörk Fram (skot)**: Stella Sigurðardóttir 11/2 (14/2), Elísabet Gunnarsdóttir 4 (5/1), Marthe Sördal 3 (5), Sunna Jónsdóttir 3 (5), Ásta Birna Gunnarsdóttir 3 (7), Steinunn Björnsdóttir 1 (1), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (2), Hekla Rún Ámundadóttir 1 (2), Hafdís S. Iura 1 (4), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 1 (5), Anett Köbli (2).
**Varin skot**: Guðrún Ósk Maríasdóttir 11 (26/1, 42%), Hildur Gunnarsdóttir 2 (8/1, 25%).
**Hraðaupphlaup**: 4 (Elísabet 1, Ásta 2, Steinunn 1)
**Fiskuð víti**: 3 (Marthe 1, Sigurbjörg 1, Hafdís 1)
**Utan vallar**: 6 mínútur.
**Mörk ÍBV (skot)**: Georgeta Grigore 10 (17), Marijana Trbojevic 3 (4), Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 3/2 (6/2), Ivana Mladenovic 2 (5), Kristrún Hlynsdóttir 1 (1), Drífa Þorvaldsdóttir 1 (3), Guðbjörg Guðmannsdóttir 1 (4), Hildur Jónsdóttir (1).
**Varin skot**: Florentina Stanciu 19/1 (48/3, 40%).
**Hraðaupphlaup**: 0.
**Fiskuð víti**: 2 (Trbojevic 1, Mladenovic 1)
**Utan vallar**: 12 mínútur.
**Dómarar**: Jón Karl Björnss. og Þorleifur Á. Björnss.
*Fram vann einvígið, 3-0.*

### *Lengjubikarkeppni karla*

**UNDANÚRSLIT**

**Fram - Stjarnan 2-1**
**KR - Breiðablik 2-0**
*Úrslitaleikurinn fer fram í Kórnum í Kópavogi á laugardaginn næstkomandi kl. 16.00.*

# Taugarnar þandar í botn

**Grindavík er komið með 1-0 forystu í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta eftir sigur á heimavelli í gær, 93-89, og æsispennandi lokamínútur. „Við ætlum okkur að vinna í Þorlákshöfn," sagði þjálfari Grindavíkur.**

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar unnu fyrsta leikinn gegn Þór Þorlákshöfn, 93-89, í úrslitaeinvíginu um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild karla í gær. Leikurinn var mögnuð skemmtun og gefur góð fyrirheit um hvernig einvígið gæti þróast.

Grindvíkingar voru sterkari í fyrri hálfleiknum og fóru gjörsamlega á kostum. Giordan Watson, leikmaður Grindvíkinga, var magnaður og stjórnaði leik liðsins af tærri snilld. Grindvíkingar voru tólf stigum yfir í hálfleik, 56-44, og gestirnir áttu fá svör við sóknarleik heimamanna. Varnarleikur gestanna var einfaldlega ekki nægilega öflugur og úr því varð að bæta svo illa færi ekki fyrir drengjunum frá Þorlákshöfn.

Í síðari hálfleiknum var allt annað að sjá til liðs Þórs sem náði upp ágætum varnarleik gegn Grindvíkingum. Smám saman náðu gestirnir að minnka muninn og komast inn í leikinn.

Heimamenn reyndust þó sterkari að lokum og unnu leikinn á vítalínunni. Þór á svo sannarlega erindi í þetta einvígi og verða til alls líklegir í næsta leik sem fram fer á Þorlákshöfn á fimmtudaginn.

„Þetta var ekki leikur eftir okkar höfði. Við viljum hafa varnarleikinn í fyrirrúmi hjá okkur," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Þórs frá Þorlákshöfn, eftir tapið í gær.

„Ég er nokkuð viss um að við mætum sterkari til leiks í næsta leik en í þetta skiptið voru þeir



**TEKIÐ Á ÞVÍ** J'Nathan Bullock í baráttu við Joseph Henley í leiknum í gær. Bullock og félagar höfðu betur í þetta skiptið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

einfaldlega skrefinu á undan. Við réðum ekkert við þá í fyrri hálfleiknum og skiptum þá yfir í svæðisvörn. Þá fóru hlutirnir að ganga betur og liðið komst inn í leikinn. Við verðum bara að vinna á fimmtudaginn," bætti Benedikt við.

„Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur hjá okkur en við þurfum tvo sigra til viðbótar til að ná titlinum og því nóg eftir af þessari rimmu," sagði Helgi Jónas Guðfinnsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.

„Við lékum frábærlega í fyrri hálfleiknum en hleyptum þeim að óþörfu á ný inn í leikinn. Þetta verður spennandi einvígi og næsti leikur á eftir að verða virkilega erfiður. En við ætlum okkur að vinna í Þorlákshöfn." - sáp



**MESSI** Verður í eldlínunni með Barcelona í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Meistaradeildin í kvöld:

## „Barcelona kemst áfram"

**FÓTBOLTI** Barcelona og Chelsea mætast í kvöld í síðari viðureign þeirra í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fer fram á Spáni en Chelsea hefur yfirhöndina eftir 1-0 sigur í síðustu viku. Reynir Leósson, knattspyrnusérfræðingur Stöðvar 2, telur að það verði erfitt fyrir Chelsea að halda fengnum hlut á erfiðum útivelli.

„Ég held að þetta verði leikur þar sem að Barca verður með boltann að lágmarki 75% af leiknum," sagði Reynir. „Varnarleikur Chelsea verður að vera hrikalega góður og sóknarleikur liðsins mun snúast um skyndisóknir og föst leikatriði. Það gæti styrkt Chelsea að þeir sáu hvernig Real Madrid fór að því að loka á sóknarleik Barcelona um helgina. Ég hef hins vegar ekki trú á því að Chelsea geti haldið það út í 90 mínútur að verjast og fá ekki á sig mark eða mörk. Barcelona mun skora mörk í þessum leik og fara í úrslitaleikinn," sagði Reynir Leósson.

Leikurinn hefst kl. 18.45 og verður sýndur á Stöð 2 Sport en upphitun hefst 45 mínútum fyrr.

Deildarmeisturum Hauka var sópað úr úrslitakeppninni af sprækum HK-ingum:

# Við eigum þetta fyllilega skilið

**HANDBOLTI** HK-ingar tryggðu sér sæti í úrslitum N1-deildar karla í gærkvöldi, en liðið gerði sér lítið fyrir og sló út deildar- og bikarmeistara Hauka með frábærum fimm marka sigri, 31-36.

HK-ingar voru með frumkvæðið allan leikinn og réðu Haukar lítið við frábæran sóknarleik þeirra. Haukum tókst að minnka muninn í eitt mark þegar síðari hálfleikurinn var rúmlega hálfnaður en við tók frábær lokakafli HK-inga þar sem þeir gjörsamlega völtuðu yfir Hauka.

Bjarki Elísson, leikmaður HK, fór á kostum í leiknum í dag og skoraði hann tíu mörk. Hann var vitanlega gríðarlega ánægður í leikslok og sagði að úrslitin væru fyllilega verðskulduð.

„Þetta var frábært í dag. Við erum búnir að vera stórkostlegir í þessu einvígi. Við spiluðum frábæra vörn í öllum leikjunum og fengum markvörslu í kjölfarið. Þetta er alveg frábært," sagði Bjarki eftir leikinn.

„Við vorum ekkert búnir að vinna þá í vetur og voru ekki margir sem höfðu trú á okkur. Við höfðum þó allan tímann trú á verkefninu. Við vorum skipulagðir og eigum þetta fyllilega skilið," bætti Bjarki kátur við í leikslok.

Haukar mættu aldrei til leiks í einvíginu og virkuðu hreinlega saddir. Aron Kristjánsson, þjálfari liðsins, tók undir það og sagðist ekki vera ánægður með sitt lið „Ég er gríðarlega ósáttur við þetta einvígi. Við gáfum færi á okkur í fyrsta leiknum og þeir nýttu sér það og kláruðu þetta örugglega. Það er eins og við höfum dottið niður hugarfarslega fyrir þetta einvígi og náðum við okkur aldrei á strik," sagði Aron. - shf



**KOMINN Í ÚRSLIT** Ólafur Bjarki Ragnarsson og HK-ingar eru komnir í lokaúrslitin þar sem þeir mæta annað hvort FH eða Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG





PIPAR\TBWA • SÍA • 111049

Borgar þú of mikið fyrir öryggiskerfið?

Það er einfalt að skipta um þjónustuaðila. Gerðu verðsamanburð.

Hringdu núna í 570 2400.

ÖRYGGI VELFERÐ

Góð ráð frá Trausta á facebook.com/oryggi

Sími 570 2400 · oryggi.is
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

HotYoga iceland

# HOT YOGA Í SUMAR

## Síðustu forvöð fyrir sumarið!



Ert þú að berjast við stífar axlir, bakverk, streitu, aukakíló, vöðvabólgu eða gigt?
HOT YOGA vinnur á öllu þessu og meira til!

| | |
|---|---|
| 10 tíma klippikort | 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi |
| 4 vikur | 14.900 kr. |
| 6 mán. áskrift | 11.900 kr. á mán. |
| 12 mán. áskrift | 7.900 kr. á mán. + kaupauki |

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) | | **6:15** (60 mín) |
| **9:00** (60 mín) | | **9:00** (60 mín) | | **9:00** (90 mín) |
| | **12:00** (60 mín) | | **12:00** (60 mín) | |
| **17:30** (90 mín) | | **17:30** (90 mín) | | **17:30** (75 mín) |
| | **18:00** (90 mín) | | **18:00** (90 mín) | |
| **19:30** (60 mín) | | **19:30** (60 mín) | | |
| | **20:00** (75 mín) | | **20:00** (75 mín) | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi

Nánari upplýsingar og skráning á www.sporthusid.is, s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is
Sporthúsið • Dalsmára 9 - 11 • 201 Kópavogi • S. 564 4050

þín þróun...

www.hotyoga.is

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

> **Stöð 2 Sport kl. 18.30**

**Barcelona - Chelsea**

***Bein útsending frá síðari leik Barcelona og Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Tekst Torres og félögum hans að slá Börsunga út úr keppninni á þeirra heimavelli? Á morgun mætast síðan Real Madrid og Bayern München.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ SPENNIST ALLUR UPP

# *Aðdáendur æsingarinnar*



„Klukkan 14 verður felldur dómur yfir Geir H. Haarde í beinni útsendingu!“ „Okkar besta fólk fylgist með dómsuppkvaðningu yfir Geir H. Haarde, ekki missa af því!“ „Horfðu á dómara ákveða hvort Geir sé sekur!“

Einhvern veginn svona hljómuðu og litu auglýsingar út sem tröllriðu fjölmiðlum yfir helgina og í gær. Það skyldi sko ekki fara fram hjá neinum að jú, dómur yrði kveðinn upp yfir Geir H. Haarde. Og það stóð heima. Eftir upptakt á ljósvakamiðlum þar sem meðal annars var farið í löngu máli yfir hvað nákvæmlega myndi gerast klukkan 14: dómarar ganga í salinn og dómsforseti les upp dómsorð …, hófst útsendingin.

Á skjánum birtist ábúðarfullt fólk sem fór í löngu og lítt skiljanlegu máli yfir það hvað mögulega mundi gerast á eftir. Eftir nokkrar mínútur. Spennan í loftinu var áþreifanleg, öllum skyldi ljóst að hér voru heimsögulegir viðburðir á ferð. Æsingurinn skein af andlitum allra.

Samt gerðist í raun ósköp fátt. Enginn vissi á hverju var von og því fátt hægt að segja. Ræða lögfræðihugtök á latínu og mögulegar niðurstöður ef og kannski og að því gefnu.

Fjölmiðlamenn eru öðrum stéttum ginnkeyptari fyrir æsingi. Sem getur verið gott. Stundum er hins vegar ágætt að taka hlutum af meiri yfirvegun.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tangóskór og fótaflækjur **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Fyrr og nú **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Draumar á jörðu **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Undir yfirborðið: Núið og framtíð fjölmiðlunar **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.00 Íslenski boltinn** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Teitur**
**17.31 Með afa í vasanum**
**17.43 Skúli skelfir**
**17.55 Hið mikla Bé**
**18.17 Táknmálsfréttir**
**18.25 2012** (1:6) (Twenty Twelve) Leikin þáttaröð um fólkið sem skipuleggur Ólympíuleikana í London í sumar og úrlausnarefnin sem það stendur frammi fyrir.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Sterkasta kona Íslands** Samantekt frá keppninni Sterkasta kona Íslands sem fram fór í Hörpu 5. nóvember síðastliðinn.
**20.35 Fjórmenningar** (4:6) (The Inbetweeners) Bresk gamanþáttaröð um fjóra skólabræður sem eru hálfgerð viðundur.
**21.00 Fum og fát** (Panique au village)
**21.10 Djöflaeyjan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Einkaspæjarinn – Málavextir** (1:6) (Case Histories) Fyrsti hluti breskrar sakamálaþáttaraðar um fyrrverandi hermann og löggu sem gerist einkaspæjari í Edinborg.
**23.15 Aðþrengdar eiginkonur** (16:23) (Desperate Housewives VIII) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.10 12 Rounds**
**08.00 Tooth Fairy**
**10.00 Funny People**
**12.25 Unstable Fables**
**14.00 Tooth Fairy**
**16.00 Funny People**
**18.25 Unstable Fables**
**20.00 12 Rounds**
**22.00 Black Sheep**
**00.00 Ne le dis à personne**
**02.10 The Last House on the Left**
**04.00 Black Sheep**
**06.00 Ripley Under Ground**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** (11:23)
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (132:175)
**10.15 The Middle** (10:24)
**10.45 Wonder Years** (20:23)
**11.15 Matarást með Rikku** (10:10)
**11.45 Hank** (6:10)
**12.10 Two and a Half Men** (13:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance** (7:23)
**13.45 So You Think You Can Dance** (8:23)
**15.10 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum.
**15.40 iCarly** (19:25)
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (18:22)
**19.40 Better With You** (14:22)
**20.05 Two and a Half Men** (9:24)
**20.30 How I Met Your Mother** (3:24)
**20.55 White Collar** (8:16) Sjarmörinn Neil Caffrey er góðkunningi lögreglunnar.
**21.40 Burn Notice** (15:20) Spennuþættir um njósnarann Michael Westen sem var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.25 The Daily Show: Global Edition**
**22.50 New Girl** (10:24)
**23.15 Grey's Anatomy** (18:24)
**00.00 Gossip Girl** (11:24)
**00.45 One Last Dance**
**02.30 Bring it On: Fight to the Finish**
**04.10 White Collar** (8:16)
**04.55 Two and a Half Men** (9:24)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Chelsea** BEINT
**20.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.05 Spænsku mörkin**
**21.35 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Chelsea**
**23.25 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.00 Blackburn - Norwich**
**15.50 Arsenal - Chelsea**
**17.40 Premier League Review 2011/12**
**18.35 Aston Villa - Bolton** BEINT
**20.45 Man. Utd. - Everton**
**22.35 Liverpool - WBA**
**00.25 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**00.55 Aston Villa - Bolton**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (98:175)
**20.15 Monk** (6:16)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Smash** (8:15)
**22.40 Game of Thrones** (4:10)
**23.35 V** (10:10)
**00.20 Supernatural** (11:22)
**01.05 Twin Peaks** (16:22)
**01.55 Better Of Ted** (11:13)
**02.20 Malcolm In the Middle** (18:22)
**02.45 Better With You** (14:22)
**03.10 Monk** (6:16)
**03.55 The Doctors** (98:175)
**04.35 Íslenski listinn**
**05.00 Sjáðu**
**05.25 Fréttir Stöðvar 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 90210** (13:22) (e)
**16.40 Dynasty** (20:22) Þættir um olíubaróninn Blake Carrington, konurnar í lífi hans, fjölskylduna og fyrirtækið.
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Got to Dance** (8:15) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.25 Rules of Engagement** (11:26) (e)
**19.45 Will & Grace** (18:24) (e)
**20.10 Necessary Roughness** (3:12) NASCAR-ökuþór er hræddur við að setjast aftur undir stýri eftir árekstur og Lindsay og RJ halda partí sem fer úr böndunum.
**21.00 The Good Wife** (13:22) Will er grunaður um að hafa mútað dómurum og þarf lögfræðingu hans Elsbeth að taka á öllu sínu til að sanna sakleysi hans.
**21.50 Unforgettable** (1:22) Bandarískir sakamálaþættir um lögreglukonuna Carrie Wells sem glímir við afar sjaldgæft heilkenni sem gerir henni kleift að muna allt sem hún hefur séð eða heyrt á ævinni. Hvort sem það eru samræður, andlit eða atburðir, er líf hennar ógleymanlegt. Carrie notar hæfileika sinn og rifjar upp fortíðina til að góma morðingja.
**22.40 Jimmy Kimmel**
**23.25 CSI** (16:22) (e)
**00.15 Californication** (5:12) (e)
**00.45 Necessary Roughness** (3:12) (e)
**01.35 The Good Wife** (13:22) (e)
**02.25 Unforgettable** (1:22) (e)
**03.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Valero Texas Open 2012 (1:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** Valero Texas Open 2012 (2:4) **16.00** Ryder Cup Official Film 1999 **17.35** Inside the PGA Tour (15:45) **18.00** Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights (15:45) **19.45** The Players Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Presidents Cup Official Film 2011 (1:1) **23.40** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Tveir gestir **21.00** Bæjarstjórnarfundur

## BBC entertainment

**06.30** Keeping Up Appearances **08.00** Dalziel and Pascoe **09.35** Deal or No Deal **10.10** EastEnders **10.40** Come Dine With Me **11.30** My Family **12.30** Keeping Up Appearances **4.30** QI **15.40** Top Gear **16.30** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **17.20** Come Dine With Me **18.05** QI **19.10** Lee Evans Live in Scotland **20.00** The Graham Norton Show **20.45** My Family **21.45** Live at the Apollo **22.30** Keeping Up Appearances **00.00** Lee Evans Live in Scotland **00.55** The Graham Norton Show **01.40** My Family

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** En seriemorder skabes **11.35** Aftenshowet **12.30** Nye hvide verden **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Lægerne **14.00** Kasper & Lise **14.10** Timmy-tid **14.20** Masha og bjørnen **14.30** Lille Nørd **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Annemad **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Blod, sved og ris **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **21.30** OBS **21.35** En chance til

## NRK 1

**06.30** 22. juli-rettssaken **07.30** Morgennytt **08.00** 22. juli-rettssaken **15.00** NRK nyheter **15.15** Ut i naturen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Min idrett **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** En kriger for fred **20.20** Hvem tror du at du er? **21.00** Kveldsnytt **21.15** Nasjonalgalleriet **21.45** Livvaktene **22.45** Ei rituell verd **23.35** Valdres Teens **00.05** Barn for enhver pris

## svt1

**11.10** Jonathan Ross show **11.55** Högklackat **12.25** Sommaren med Monika **14.00** Rapport **14.30** The Big C **15.00** Attending Örebro **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Så levde de lyckliga **19.00** Malmöpolisen **20.00** Hübinette **20.30** Dox **21.25** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.35** Jag är hellre i skolan än hemma **21.40** eXistenZ **23.15** Rapport **23.20** Skönhetsbubblan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# SKJÁTILBOÐ

ASUS

## 27" FULL HD

ASUS VE276N
Stór, flottur og þunnur 27" Asus skjár með háskerpu upplausn.

**39.990**

Fullt verð 44.990







AOC

## 19" HD

AOC N950SW
Brjálað verð. Nettur og tekur lítið pláss. 5ms svartími og 60.000:1 skerpa.

**14.990**

Fullt verð 17.990




AOC

## 23,6" FULL HD

AOC 2436V
23,6" stílhreinn og flottur skjár með svartri glansáferð og snertitökkum. USB, VGA og DVI tengi.

**24.990**

Fullt verð 29.990




PHILIPS

## 23" FULL HD / LED

PHILIPS 237E3QSU
23" háskerpuskjár með IPS tækni sem skilar yfirburða litadýpt og sjónarhorni umfram hefðbundna skjái.

**31.990**

Fullt verð 36.990

## STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS




OPNUNARTÍMI:
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-16

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Lagið Benny and the Jets með Elton John er mikið spilað í vinnunni þessa dagana.“*

Agnes Björt Andradóttir, söngkona í hljómsveitinni Sykri.

# StopWaitGo vinnur með Páli Óskari

„Þetta er allt saman á byrjunarreit en það er gaman að vinna með Páli,“ segir Pálmi Ragnar Ásgeirsson, einn þriggja meðlima upptökuteymisins StopWaitGo sem hefur í nógu að snúast þessa dagana.

Þeir Pálmi, bróðir hans Ásgeir Orri og Sæþór Kristjánsson hafa hafið samstarf við Pál Óskar og ætla að útsetja lög fyrir væntanlega plötu söngvarans ástæla. Þetta er í fyrsta sinn sem Páll Óskar og StopWaitGo leiða saman hesta sína. „Hann er skemmtilegur maður og það er gaman að fá tækifæri til að vinna með honum. Hann er greinilega fagmaður fram í fingurgóma og veit að það þarf mikið til svo úr verður „hittari“,“ segir Pálmi en þessa dagana er upptökuteymið að vinna að dúett Páls Óskars og Friðriks Dórs. „Lagið verður á nýju plötunni hans Frikka Dórs sem er væntanleg í sumar.“

Strákarnir eru einnig að sækja um atvinnuleyfi í Bandaríkjunum en þeir eru á mála hjá umboðsskrifstofu í Los Angeles. Það er umboðsmaðurinn Darryl E. Farmer sem er umboðsmaður StopWaitGo vestanhafs og hann er duglegur að senda þeim verkefni yfir Atlantshafið. „Þetta er allt í ferli en það er engin smá pappírsvinna að sækja um þetta. Ég er bjartsýnn á að við fáum allir leyfi og getum þá undirbúið flutninga í ágúst,“ segir Pálmi og grínast með að það sé helst góða veðrið í borg englanna sem heillar. „Það er svo leiðinlegt veður hér. Nei, nei, við viljum bara komast nær viðskiptavinum okkar og hætta að funda eða taka símtöl á nóttunni vegna tímamismunarins.“ - áp



**NÝTT SAMSTARF** Þeir Pálmi, Ásgeir Orri og Sæþór í upptökuteyminu StopWaitGo vinna í fyrsta sinn með Páli Óskari og bera honum vel söguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG








**GAMAN AÐ VINNA MEÐ MINOGUE**

**Gunnar Tynes** og félagar hans í sveitinni Múm sjá um tónlistina í myndinni Jack and Diane en ástralska söng-og leikkonan **Kylie Minogue** fer með hlutverk og syngur lag eftir Múm í myndinni.

GUNNAR TYNES: HÚN ER MJÖG MANNESKJULEG OG ALGJÖR TÖFFARI

# Kylie Minogue syngur lag hljómsveitarinnar Múm

„Mig hefði aldrei grunað að sjálf Kylie Minogue myndi syngja lag eftir Múm,“ segir Gunnar Tynes, einn liðsmanna hljómsveitarinnar Múm.

Múm sér um tónlistina í bandarísku kvikmyndinni Jack and Diane, en Minogue fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni. Leikstjórinn Bradley Rust Grey leitaði til hljómsveitarinnar, en hann og Gunnar eru kunningjar. „Það hefur lengi staðið til að vinna með Bradley, en við kynntumst þegar hann var búsettur hér á landi fyrir tíu árum,“ segir Gunnar, en hljómsveitin tók ár í að vinna tónlistina fyrir myndina.

Þegar það kom í ljós að ástralska leik- og söngkonan Minogue færi með eitt hlutverkanna kom upp sú hugmynd að láta hana syngja lag í myndinni og úr varð að Múm samdi lag sérstaklega fyrir hana. Gunnar flaug svo til London í haust þar sem hann hitti Minogue og saman tóku þau upp lagið. „Þetta er ekki hið týpíska popplag sem við hefðum kannski samið fyrir Minogue, heldur er lagið samið með myndina í huga,“ segir Gunnar og viðurkennir að hann er aðdáandi söngkonunnar. „Sérstaklega eftir að ég hitti hana. Hún fær toppeinkunn sem manneskja. Hún er algjör töffari og mjög manneskjuleg.“

Jack and Diane var frumsýnd á nýafstaðinni Tribeca-kvikmyndahátíð og fékk ágætisdóma. Myndin fjallar um tvær unglingsstúlkur sem verða ástfangnar en málin flækjast töluvert þegar önnur þeirra heldur að hún sé að breytast í varúlf. „Þetta er mjög spes mynd. Okkur var kynnt myndin sem varúlfa-lesbíumynd en svo er þetta bara mjög krúttleg unglingamynd,“ segir Gunnar sem er búinn að sjá myndina og líst vel á afraksturinn. Leikkonan Riley Keough fer einnig með hlutverk í myndinni, en hún er barnabarn Elvis Presley og fósturdóttir Michaels Jackson.

Gunnar segir að Múm sé iðin við kolann og getur vel hugsað sér að fást frekar við kvikmyndatónlist. „Þetta virðist höfða vel til okkar, en við erum reglulega á tónleikaferðalögum og erum með nýja plötu í bígerð sem kemur líklega ekki út fyrr en í byrjun næsta árs.“

alfrun@frettabladid.is

# Kórinn átti ekki von á sigri

„Þetta var ólýsanleg tilfinning. Við áttum alls ekki von á því að atriði á við okkar væri sigurstranglegt í svona keppni,“ sagði Agnar Ólason, formaður og einn af 41 meðlimi Karlakórs Sjómannaskólans, sem sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna síðastliðið laugardagskvöld.

Kórinn var stofnaður upp úr áramótum og því bara búinn að starfa í þrjá mánuði. „Við komumst í fréttirnar á dögunum fyrir að kunna bara tvö lög en það er ekki alveg rétt, við höfum sungið fleiri lög opinberlega,“ segir Agnar. Þeir sungu lagið Stolt siglir fleyið mitt í keppninni á laugardaginn og voru allir með sólgleraugu á sviðinu í Vodafone-höllinni. „Það voru bara stórmennskustælar. Frægðarsólin var alveg að baka okkur,“ segir Agnar og hlær. Að sögn hans stóð Saga Film einstaklega vel að keppninni sem fór mjög bróðurlega fram. „Það var verulega góð stemning baksviðs. Harmóníkubræðurnir spiluðu þarna aðeins með fiðlustelpunum úr FSU og allir skemmtu sér reglulega vel.“

Nafn kórsins hefur vakið smá ringulreið en þeir kalla sig Karlakór Sjómannaskólans. „Kórmeðlimir eru félagar úr nemendafélagi Stýrimannaskólans í Reykjavík og skólafélags Vélskóla Íslands. Báðir þessir skólar eru komnir undir hatt Tækniskólans í dag, en húsið þar sem við nemum heitir enn Sjómannaskóli Íslands og við kennum okkur við það,“ segir Agnar að lokum, sáttur við sitt. - trs



**ALVÖRUKÓR Í K**arlakór Sjómannaskólans er 41 söngvari og er kórnum stjórnað af kórstjóranum Þórhalli Barðasyni.

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# 1.000 KR.

Sími 58·12345
www.dominos.is

**Þú sækir miðstærð af pizzu með þremur áleggstegundum á 1.000 kr.**




Kynntu þér nýjan og spennandi matseðil okkar. Skemmtilegar nýjungar, þrjár mismunandi gerðir af ljúffengum botnum og ennþá betra álegg og meðlæti. **Kíktu á úrvalið!**

PANTAÐU Á NETINU Í RÓ OG NÆÐI!



FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Extreme Fishing á Íslandi

Enski leikarinn **Robson Green** var nýverið staddur hér á landi við tökur á sjónvarpsþættinum Extreme Fishing. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóðu tökurnar yfir í einn til tvo daga og fóru m.a. fram á Grundarfirði. Upphaflega ætluðu Green og félagar að dvelja hér á landi í eina viku og gera heilan þátt um Ísland en ekkert varð af því. Í Extreme Fishing ferðast Green víða um heim, hittir sjómenn og kynnir sér marga af hættulegustu fiskum heimsins, þar á meðal hinn eitraða Puffer frá Japan. Green er kunnur á meðal íslenskra sjónvarpsáhorfenda sem sálfræðingurinn Tony Hill í þáttunum Wire in the Blood.



### Sigurmark Heiðars

Utandeildarliðið Vatnaliljur sigraði 3. deildarliðið Stál-úlf með einu marki gegn engu í æfingaleik fyrir helgi. Sigurmarkið var skorað á 28. mínútu sem er kannski ekki í frásögur færandi nema að það var útvarpsmaðurinn geðþekki, **Heiðar Austmann,** sem var þar að verki. Heiðar hefur spilað með Vatnaliljum í nokkur ár og þykir álíka lunkinn á fótboltavellinum og hann er fyrir framan hljóðnemann. **- fb**



## Mest lesið vísir

1. Alhvítur fullvaxinn háhyrningur sést í fyrsta sinn
2. Geir sakfelldur í einum lið af fjórum
3. Vítisenglar smygluðu tonni af hassi
4. Russel Crowe á leið til landsins til að leika Nóa
5. Geir heitt í hamsi: Dómurinn fáránlegur og sprenghlægilegur








PRODIGY™

Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari

- Hægt að stilla við iPhone® og iPod touch®
- Hrotu stjórnun
- Wi-Fi fjarstýring
- Fimm stilliminni
- Vekjaraklukka með léttu nuddi og hljóði
- „Finna fjarstýringu“ stilling
- Stærsti framleiðandi í heimi á stillanlegum rúmum



MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



**BOAS**
Lyftustóll
Verð
**149.900**
Til í ljósu og dökku leðri

VORTILBOÐ
Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

TAKMARKAÐ MAGN
Ternabox hjónarúm með heilsudýnu
2x80x200 tilboð kr. **239.900**
2x90x200 tilboð kr. **249.900**
2x100x200 tilboð kr. **269.900**



PROFLEX

Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.
Verð frá kr. **339.900** á hjónarúmi.



BOARD S-CAPE
WALLHUGGER

dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Verð frá kr. **479.900** á hjónarúmi
með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á frábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi



Þrýstijöfnun er lykilorðið

Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak

Betri öndun

Til í öllum algengustu rúmstærðunum



**BOAS**
Leður hægindasófi 3 sæta **169.900**
Hægindastóll **79.900**
Til í ljósu, brúnu og svörtu leðri

*3,5% lántökugjald




Svefn & heilsa
★★★★★
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00